

JÓNÍNA BJÖRG YNGVADÓTTIR

Breytti um lífsstíl og hefur aldrei liðið betur

• heilsa • gamn • handverk

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ELÍS PÉTURSSON

Gengur til liðs við Leaves

Hallur bassaleikari segir skilið við sveitina

FÓLK 38



BJARNI HARDARSON

Í villta vestrinu

Ferðast um Eþíóþíu með syni sínum

FÓLK 30



PITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

16. febrúar 2010 – 39. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## PRÍÐJUDAGUR



### Lögbann

Saga Film hefur fengið lögbann á auglýsingar sem Júlíus Brjásson leikur í.

FÓLK 38

### Síungt embætti

Landlæknisembættið á Íslandi fagnar 250 ára afmæli á árinu.

TÍMAMÓT 24



### Góðir kennarar

„Ég held að kennarastéttin hér á landi sé almennt vel mönnuð og margir leggi mun meira af mörkum en þeim ber skylda til,“ segir Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 18

### Veislan hefst í kvöld

Fyrstu leikirnir í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fara fram í kvöld.

ÍPRÓTTIR 34



### VEÐRIÐ Í DAG



### LÆGIR OG DREGUR ÚR

ÚRKOMU í dag má búast við NA-áttum, víða 5-10 m/s. Horfur eru á eljum norðan- og norðaustanlands en snjókomu eða slyddu SA-til. SV-lands verður bjart með köflum.

VEÐUR 4

VÍSIR.IS  
„...ég sá það á vísi“



KETILBJÖLLUNNI SVEIFLAD Sprenging hefur orðið í fjölda ketilbjölluiðkenda hér á landi. Daglegar ketilbjölluæfingar fara fram í húsnæðinu hjá bardagafélaginu Mjölni við Mýrargötu. Yrja Dögg Kristjánsdóttir leiðbeinandi handleikur hér ketilbjölluna af mikilli fimi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kostnaður Glitnis meiri en Kaupþings

Kostnaður skilanevndar og slitastjórnar Glitnis vegna aðkeyptar sérfræðipjónustu árið 2009 nam 3.377 milljónum króna. Þar af var kostnaður innanlands 732 milljónir. Erlendur sérfræðikostnaður er meiri en hjá skilanevnd Kaupþings.

**VIÐSKIPTI** Aðkeypt sérfræðipjónusta að meðtöldum virðisaukaskatti þegar við á nam 3,4 milljörðum króna árið 2009 hjá skilanevnd og slitastjórn Glitnis. „Þar af námu greiðslur til erlendra aðila 2,6 milljörðum króna en 0,7 milljörðum króna til innlendra aðila,“ segir í svari við fyrirspurn blaðsins um kostnað skilanevnda banka vegna aðkeyptar sérfræðipjónustu.

Tekið er fram í svarinu að með í tölum um aðkeypta þjónustu innlendra aðila séu greiðslur til þeirra sem starfi í skilanevnd og slitastjórn Glitnis.

Upphæðirnar eru sambærilegar við þær sem skilanevnd Kaupþings

hefur látið frá sér fara, en Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að þar á bæ hefði ráðgjafarkostnaður numið 3,2 milljörðum króna í fyrra, 2,3 milljarðar fóru til fyrirtækja utan landsteinanna og 894 milljónir króna innanlands.

Í svari skilanevndar Glitnis er tekið fram að gera megi ráð fyrir að kostnaður við aðkeypta sérfræðiaðstoð fari lækkandi á næstu misserum. „Eðli málsins samkvæmt er slíkur kostnaður mestur fyrstu tvö til þrjú árin í slitafaerlinu,“ segir þar. Þá segir í svarinu að mikilvægt sé að hafa í huga að kostnaður við rekstur bús Glitnis greiðist af kröfuhöfum, sem séu að stærstum hluta erlendir aðilar eða um

80 prósent. „Fulltrúar kröfuhafa fylgjast náið með starfsemi Glitnis og eru þeir reglulega upplýstir ítarlega um framvindu mála. Til að hámarka virði þeirra eigna sem eru í búi Glitnis hafa fulltrúar kröfuhafa lagt ríka áherslu á að leitað sé ráðgjafar og aðstoðar hjá færustu sérfræðingum á hverju sviði. Vegna umfangs búans og flókinnna verkefna sem við er að fást hefur eðli málsins samkvæmt reynt nauðsynlegt að leita til alþjóðlegra sérfræðinga í ríku mæli.“

Skilanevndir Glitnis og Kaupþings hafa upplýst um kostnað við kaup á sérfræðipjónustu, en Landsbankinn neitar að veita sömu upplýsingar. - óká / sjá síðu 6

Þórólfur Matthíasson:

## Segir Joly fara með rangt mál

**ICESAVE** Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir það rangt hjá Evu Joly að eignir Þrotabús Landsbankans muni ekki duga fyrir nema 30 prósentum af skuldum vegna Icesave. Þetta kemur fram í grein sem birtist bæði í Fréttablaðinu og norska dagblaðinu Aftenposten.

Þórólfur gagnrýnir Joly fyrir að fullyrða að samkvæmt Icesave-samningnum þurfi íslenskir skattgreiðendur að greiða samtals 700 milljarða króna. „Með því að gera þessa tölu að megininntaki greinar sinnar undirstrikar Eva Joly að hún hefur látið gleppast af áróðri InDefence og látið undir höfuð leggja að kynna sér staðreyndir málsins,“ skrifar Þórólfur. Hann segir Joly mögulega rugla saman heildarkröfum í búi Landsbankans og forgangskröfum í útreikningum sínum. - bs / sjá síðu 22

Linda Björg Árnadóttir:

## Úthúðar ljótum kjólum á RÚV

**FÓLK** Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunarbrautar í Listaháskóla Íslands, sendi Evu Maríu Jónsdóttur harðort bref þar sem hún gagnrýnir klæðaval hennar og Ragnhildar Steinunnar í úrslitabætti Söngvakeppni Sjónvarpsins. „Þið stóllur voruð í einhverjum ljótustu kjólum sem ég hef séð í kvöld í sjónvarpinu,“ segir meðal annars í brefinu. Linda gagnrýnir skort á fagmennsku hjá Ríkissjónvarpinu. Hönnuður kjólanna, Birta Björnsdóttir, segir brefið bera vott um hroka og biturð.

- fgg / sjá síðu 38



LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR

**Mýksti brauðosturinn á markaðnum**

ostur.is

Íslenskir **Tomatar** í nýjum umbúðum





Jón, er þetta nógu frjó um-ræða?

„Nei, mér sýnist hún nú vera frekar geld.“

Jón Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, sakaði forsvarsmenn Sorpstöðvar Suðurlands um getuleysi við að finna nýjan urðunarstað fyrir rusl á Suðurlandi. Formaður stjórnar Sorpstöðvarinnar sagði ásakani um getuleysi vera örökstuddar dygjur gegn betri vitund.

Dr. Jóhanna Einarsdóttir:

## Samræmir mat á stami barna

**RANNSÓKNIR** Stam ungra barna er almennt ekki bundið tungumálinu og geta talmeinafræðingar metið stam án þess að skilja tungumálið sem börnin tala. Þetta er meðal niðurstaðna rannsóknar dr. Jóhannu Einarsdóttur, lektors í talmeinum, máltöku barna og aðferðafræði.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa vakið athygli víða erlendis. Í kjölfarið hefur Jóhanna þróað kerfi sem á að tryggja auknið samræmi í mati á stami.

- ve / sjá allt í miðju blaðsins

Sýslumaður á Selfossi:

## Rannsakar Langjökulsferð

**SLYS** Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður á Selfossi segir fulla ástæðu til þess að skoða hvort nauðsynlegt sé að setja reglur um starfsemi fyrirtækja sem stunda ferðamennsku á jöklu landsins.

Mörg þúsund manns fari upp á jökla ár hvert í slíkum ferðum en sem betur fer séu óhöpp sjaldgæf.

Hann segir jöklaferð sem skosku mæðgin voru í þegar þau urðu við-

skila við samferðamenn sína í fyrrkvöld verða rannsakaða af lögreglu. Sú rannsókn feli ekki í sér grun um lögbrot, heldur sæti atvik á borð við þetta, óhöpp og slys, rannsókn embættisins enda beri lögreglu til þess skylda lögum samkvæmt. - sbt / sjá síðu 15

Borgarlögmaður segir úrskurð samöngurráðuneytisins um lóðaskil ekki bindandi:

## Afstaða til lóðaskila er óbreytt

**BORGARMÁL** Reykjavíkurborg hyggst ekki fara eftir úrskurði samöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og taka aftur við einbýlishúsalóð hjóna í Úlfarsárdal og atvinnulóð Brimborgar á Esjumelum.

„Afstaða Reykjavíkurborgar er hin sama og áður; það sé enginn einhliða skiláréttur til staðar. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að sömu niðurstöðu og borgin hvað það varðar í desember,“ segir Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður.

Þótt ráðuneytið skorti heimildir til að leggja fyrir borgina að endurgreiða lóðirnar beinir það þeim



**RÁÐHÚSIÐ** Borgarlögmaður áréttar afstöðu borgarinnar um að ekki sé til staðar einhliða skiláréttur á lóðum.

tilmælum til borgarinnar að hún rétti stöðu lóðarhafanna þannig að þeir verði jafnsettir öðrum sem hafa fengið úthlutað byggingarrétti hjá borginni.

„Ráðuneytið getur ekki lagt fyrir Reykjavíkurborg að taka

við lóðunum og endurgreiða þær,“ bendir borgarlögmaður á og ítrekar að héraðsdómur hafi komist að þveröfugri niðurstöðu við sveitarstjórnarráðuneytið í dómsmáli í desember. Var þar um að ræða 297 milljóna króna atvinnulóð sem Léttkaup ehf. fengu úthlutað undir verslun í Hádegismóum í janúar 2007. Búist sé við að það mál gangi til Hæstaréttar. Miðað við hraða mála þar faist endanleg niðurstaða jafnvel ekki fyrr en um eða eftir næstu áramót.

„Þannig að það eru engin óskapleg tímamót við þennan úrskurð ráðuneytisins,“ segir Kristbjörg Stephensen. - gar

Þingfundir á ný eftir stutt hlé:

## Rætt um stöðu efnahagsmála

**ALÞINGI** Staða efnahagsmála verður rædd utan dagskrár á Alþingi í dag. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er málshjefandi og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra verður til andsvara. Umræðan, sem hefst klukkan tvö, stendur í klukkustund.

Þingfundur dagsins hefst með fyrirspurnartíma en að lokinni utandagskrárumræðunni verða meðal annars mál er varða sjávarútveg og dagskrá.

Nokkuð er um liðið frá síðasta þingfundi; kjördæmadagar voru í síðustu viku og þingflokksfundadagur í gær. - bps

## ÍSLENSKA NEFNDIN SEM REYNIR AÐ SEMJA UM NÝJA LAUSN



**Lee C. Buchheit** er bandarískur lögfræðingur, sérfróður um alþjóðlega lánasamninga, endurskipulagningu skulda og fjárhagslega endurreisn ríkja eftir fjármálakreppur.



**Guðmundur Árnason** er ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins. Í krafti þess starfs undirritaði hann Icesave-samkomulagið ásamt fulltrúum breskra og hollenskra stjórnvalda í október.



**Einar Gunnarsson** er ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins. Hann starfaði með Svavars-nefndinni og sat í samninganefndinni sem ræddi íslensku fyrirvarana eftir ágúst-lögin.



**Jóhannes Karl Sveinsson** hæstaréttarlögmaður. Varði í fjölmiðlum lagaleg ákvæði samninga Svavars-nefndarinnar. Gætti hagsmuna Íslands er ESA fjallaði um neyðarlögin.



**Lárus Blöndal** hæstaréttarlögmaður. Hefur marg kynnt þá skoðun sína að íslenska ríkinu beri ekki skylda til að ábyrgjast Icesave-reikningana.

## Dræmar undirtektir

Bretar og Hollendingar voru ekki hrifnir af hugmyndum Íslands um nýja lausn Icesave-málsins, að sögn fjármálaráðherra. Hann vonast þó til að hægt verði að þróa málið áfram. Ekki fást efnislegar upplýsingar um málið hjá ráðherranum.

**STJÓRNMÁL** „Ég held að það sé óhætt að segja að þeir hoppuðu ekki hæð sína í loft upp af hrifningu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um viðbrögð Breta og Hollendinga við hugmyndum Íslendinga um nýja lausn Icesave-málsins.

Samninganefndir ríkjanna hittust í Lundúnum í gær. Íslenska nefndin kynnti hugmyndir að nýrri nálgun eða lausn og var, að sögn Steingríms, farið rækilega í gegnum málið. Spurðu viðsemjendurnir margra spurninga.

Að fundinum loknum ræddi Steingrímur í gegnum síma við íslensku samninganefndina, ásamt utanríkisráðherra og formönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Steingrímur gat í gærkvöldi ekki sagt til um hvort fundað yrði á ný í dag en kvaðst vona að svo yrði. „Ég vona að það séu einhverjir möguleikar á að þróa málið áfram,“ sagði hann en annar síma-

fundur var áætlaður síðar í gærkvöld. Meta átti stöðuna í framhaldi hans.

Fram hefur komið, meðal annars í Fréttablaðinu, að tillögur Íslands að lausn málsins hafi verið kynntar Bretum og Hollendingum í síðustu viku. Steingrímur segir það ekki allskostar rétt; reynt hafi verið að halda íslensku samningsmarkmiðunum leyndum. Samræður íslenskra ráðamanna við breska og hollenska hafi fyrst og fremst snúist um að fá fund til að kynna tillögurnar. „Það var ekki búið að fara yfir hugmyndirnar í neinum efnisatriðum að heitið getur en við fullvissuðum þá um að við vissum hver væru lágmarksskilyrðin af þeirra hálfu til þess að hægt væri að tala saman og að þau væru uppfyllt af okkur.“ Steingrímur vill hvorki upplýsa um þau lágmarksskilyrði né hugmyndir Íslands. „Þetta er allt mjög viðkvæmt og þjónar ekki tilgangi að fara út það efnislega.“ Engu breytti

þó Bretar og Hollendingar viti nú í hverju íslensku tillögurnar felast. „Það fer allt fram í trúnaði. Við ætlum ekki að semja í gegnum fjölmiðla,“ segir Steingrímur.

Íslensk stjórnvöld staðfestu fyrst síðdegis í gær hverjir sitja í íslensku viðræðunefndinni. Meðal nefndarmanna er Lárus Blöndal lögmaður sem er þeirrar skoðunar að Íslendingum beri ekki skylda til að ábyrgjast lágmarkstryggingu EES-samningsins. Steingrímur segir stjórnarandstöðuna hafa valið Lárus sem sinn fulltrúa í nefndina. Bandaríkjamadurinn Lee C. Buchheit fer fyrir nefndinni. Steingrímur sagði að miðað við aðstæður hafi verið góður kostur að fá utanaðkomandi aðila að verkinu. Um sé að ræða þá Paulreyndan og harðskeyttan samningamann. „Á hann reyntir nú og hann sýnir vonandi hvað í honum býr.“ segir Steingrímur. „Buchheit flytji þó ekki fjöll.“

bjorn@frettabladid.is

## Ármann Snævarr látinn

Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari og rektor Háskóla Íslands, er látinn.

Hann fæddist á Norðfirði 18. september 1919 og varð því níuædur.

Ármann varð prófessor í lögum við Háskóla Íslands árið 1948. Hann var rektor skólans frá 1960-1969, varð dómari við Hæstarétt Íslands frá 1972-1984 og forseti réttarins 1978 og 1979.

Ármann var virtur og afkastamikill fræðimaður á sviði lögfræði. Hann varð heilöndoktor við HÍ og einnig við háskóla í Uppsöllum, Ósló, Kaupmannahöfn, Helsinki og Ohio.

Ekkja Ármanns er Valborg Snævarr, fyrrverandi skólastjóri Fósturskóla Íslands. Fimm börn þeirra lifa öll föður sinn.



### VEITINGAR

#### KFC vill lóð á Akureyri

Á fundi skipulagsnefndar Akureyrar í vikunni, var tekið fyrir erindi þar sem óskað er eftir lóð fyrir veitingastað KFC, sem þarf að vera 2000-3000 fermetrar, vera sjáanleg og miðsvæðis í bænum. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins. Á Íslandi eru sjö KFC veitingastaðir.

### FERÐAMÁL

#### Breytt í gistiheimili

Gamla dvalarheimili aldraðra í Skjaldarvík breyttist í gistiheimili í vor. Fyrirtækið Concept hefur tekið um 700 fermetra húsnæði í Skjaldarvík á leigu til sjö ára og mun í maí opna þar gistiheimili. Ætlunin að leigja út 15-18 herbergi í Skjaldarvík, fyrir á bilinu 30 til 40 manns. RÚV sagði frá.

Mannfall almennra borgara varpar skugga á hernaðinn gegn talibönum:

## Yfirmenn biðjast afsökunar

**AFGANISTAN, AP** Mannfall almennra borgara varpaði skugga á innrás Natóherja og afganska hersins á þorpið Marja í Helmand-héraði í Afganistan.

Tvö bandarísk flugskeyti misstu marks á sunnudag og lentu á íbúðarhúsi skammt fyrir utan bæinn þar sem tólf manns biðu bana.

Atvikið þykir alvarlegt áfall fyrir trúverðugleika fjölþjóðaliðs NATO. Stanley McChrystal, yfirmaður Natóherjanna, baðst afsökunar og sagði að notkun hátæknivopna verði hætt meðan kannað er hvað gerðist.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, var sagður í öngum sínum vegna þess sem gerðist. Fyrir árána hafði Karzai hvað eftir annað brýnt það fyrir yfirmönnum hersins að sýna fyllstu aðgát.

Talið var að um þúsund talibánar hefðu verið í þorpinu og næsta nágrenni. Um fimmtán þúsund manna innrásarlið, skipað afgönskum, bandarískum og breskum hermönnum, réðst til atlögu á laugardag og hafa síðan jafnt og þétt þrengt að tali-bönum.

Yfirmenn afganska hersins segja innrásarherina hafa náð Marja og nágrenni að mestu leyti á sitt



INNRSÍN Í MARJA Bandarískir hermenn í átökum við talibána. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

vald, mótspyrna frá talibönum sé lítil þegar haldið er inn í bæinn. Leyniskyttur hafa þó gert innrásarhernum skrávefur og komið hefur til skotbardaga. - gb

# ASÍ krefst ...

... þess að rekstur fyrirtækja sé reistur á ábyrgð og siðferði.

Nánari upplýsingar á [www.asi.is](http://www.asi.is)



# Verðtryggður sjóður sem stendur upp úr – ár eftir ár

## Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 hefur skilað hæstu ávöxtun allra meðallangra ríkisskuldabréfasjóða á Íslandi sl. 5 ár.\*

### Góð dreifing á ríkisskuldabréfamarkaði

Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 er verðbréfasjóður Íslandssjóða hf. sem fjárfestir í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Sjóðurinn veitir góða vörn gegn verðbólgu og er hagstæð leið til að spara í áskrift.

### Laus með 1 dags fyrirvara

Ráðlagður fjárfestingartími er a.m.k. 2 ár en sjóðurinn er laus til innlausnar með 1 dags fyrirvara.

### Leiðandi eignastýring

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina.

\*Skv. sjodir.is m.v. 29. janúar 2010

### Hvernig kaupi ég?

Hafðu samband við ráðgjafa Eignastýringar í síma 440 4920 eða farðu inn á Netbanka Íslandsbanka þar sem þú getur fjárfest með stökum kaupum eða skráð þig í reglulega áskrift.


Þú getur einnig komið og hitt ráðgjafa Eignastýringar á Kirkjusandi og fengið ráðgjöf um sparnað. Eignastýring Íslandsbanka býður viðskiptavinum sínum upp á fjölmarga sjóði og eignastýringu sem hentar mismunandi þörfum og markmiðum.

Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 er skilgreindur sem verðbréfasjóður skv. lögum.

Kynntu þér nánar fjárfestingarstefnu sjóðsins á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).


Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjódir hf. er rekstrarfélag Sjóðs 5. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikið.

### Ársávöxtun sl. 1 ár\*




\*Skv. sjodir.is m.v. 29. janúar 2010

### Ársávöxtun sl. 3 ár\*



### Ársávöxtun sl. 5 ár\*



Eignastýring Íslandsbanka  
Sími 440-4920  
Kirkjusandi 2-4, 105 Reykjavík  
[eignastyring@islandsbanki.is](mailto:eignastyring@islandsbanki.is)  
[islandsbanki.is/fjarfestingar](http://islandsbanki.is/fjarfestingar)

  
Íslandsbanki



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	128,52	129,14
Sterlingspund	201,51	202,49
Evra	175,05	176,03
Dönsk króna	23,513	23,651
Norsk króna	21,694	21,822
Sænsk króna	17,699	17,803
Japanskt jen	1,4273	1,4357

SDR	197,38	198,56
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,6449

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Orkuveita Reykjavíkur gerir rammisamning um sölu á orku til kísilverksmiðju við Þorlákshöfn:

# Kísilverksmiðja fái orku sem ætluð var álveri

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkti í gær rammisamning um orkusölu frá Hverahlíðarvirkjun til kísilmálm- og sólar-kísilverksmiðju við Þorlákshöfn. Stefnt er að bindandi samkomulagi á næstu mánuðum. Samningurinn tekur til 85 MW af 90 MW, sem framleiða á í Hverahlíð. Miðað er við afhendingu orkunnar árið 2013. Fyrirtækið Thorsil ehf., í eigu kanadíska fyrirtækisins Timminco Limited og Strokks Energy er viðsemjandi Orkuveitunnar, segir í yfirlýsingu frá OR. Timminco rekur nú þegar kísilmálmverksmiðju í Kanada. Uppbygging verksmiðjunnar við Þorlákshöfn á að kosta 28,5 milljarða króna. Hún verður byggð í þremur áföngum 2013 og 2014. 400 manns munu starfa við verksmiðjuna á byggingartíma en 160 eftir að framkvæmdum lýkur.

Áður hafði OR gert rammisamning við Norðurál um að afhenda orku Hverahlíðarvirkjunar til álvers í Helguvík. Sá samningur rann úr gildi í desember en hefur verið talinn með þegar rætt hefur verið um að 325 MW af 625 MW orkuþörf álvers í Helguvík liggja fyrir. Samningurinn frá í gær byggir á að nýjum verkefnum í Ölfusi beri forgangsréttur að orku Hverahlíðarvirkjunar. Fjármögnun virkjunarinnar er ekki að fullu lokið, segir í tilkynningu frá OR í gær, en framkvæmdir hefjast þegar fjármögnun liggur fyrir og bindandi samningur hefur verið gerður um orkusölu. Samningurinn við Thorsil var samþykktur í stjórn OR í gær með atkvæðum fulltrúa sjálfstæðismanna, framsóknarmanna og Akranesbæjar. Fulltrúar Samfylkingar og VG sátu hjá.



**SKRIFA UNDIR** Eypór Arnalds hjá Strokki Energy, Hjörleifur B. Kvaran og Guðlaugur G. Sverrisson frá Orkuveitunni og Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Strokks.



**UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA** Hún er á ferðalagi um arabalönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hillary Clinton í Katar: Íran að verða herstjórnarríki

**BANDARÍKIN, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjana, segir að Íran sé á góðri leið með að verða hernaðarlegt einræðisríki.

Byltingarher landsins hafi það mikil áhrif í landinu að hann sé í reynd langt kominn með að taka öll völd í sínar hendur.

„Það er okkar skoðun,“ sagði hún við arabíska námsmenn í Katar, þar sem hún hélt ræðu.

Hún sagði hins vegar ekkert hæft í því að Bandaríkin væru að undirbúa innrás í Íran. Bandaríkin vilji herða alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn írönskum stjórnvöldum vegna langvinnra deilna um kjarnorkumál.

- gb

### STJÓRNSÝSLAN

#### Skipað í innflytjendaráð

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur skipað fulltrúa í innflytjendaráð til næstu fjögurra ára. Nýr formaður ráðsins er Íris Björg Kristjánsdóttir. Hún tekur hún við af Hrannari B. Arnarssyni.

# Heilagur papi talinn særa velsæmiskennnd

ÁTVR vildi ekki selja nýjan páskabjór brugghússins Ölvisholts vegna þess að trúarlegar vísanir á umbúðum brytu í bága við almennt velsæmi. Líklega aðeins í annað sinn sem ákvæðinu er beitt á fimmtán árum. Ölvisholt undirbýr kær.

**NEYTENDUR** Breyta þurfti nafni og flöskumiða nýs páskabjórs brugghússins Ölvisholts svo hann fengist seldur í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Nafnið, sem og kross sem sjá mátti á flöskumiðanum, var talið brjóta í bága við almennt velsæmi með skírskotun til trúarbragða.

Bjórinn heitir Heilagur papi og verður hann fánalegur með því nafni og upprunalegum miða í takmörkuðu magni á skemmtistöðum. Til að hann fengist seldur í Ríkinn þurfti hins vegar að breyta nafninu í Miklholts papa, og skipta um flöskumiða.

Ákvörðun ÁTVR er byggð á reglum númer 631 frá 2009 um vöruval verslananna. Þar segir að ÁTVR taki ekki við vörum ef texti eða myndmál á umbúðum „brýtur í bága við almennt velsæmi m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúarbragða, kláms, ólöglega fíkniefna, stjórnmálaskoðana, mismununar, refsiverðrar háttsemi o.s.frv.“

Örn Sigurðsson, innkaupa- og stjóri ÁTVR, sem unnið hefur hjá fyrirtækinu í fimmtán ár, segist aðeins muna eftir einu öðru dæmi þess að vöru hafi verið hafnað á grundvelli þessa ákvæðis. Það hafi líka verið innlend vara, og líka vegna trúarbragða.

Örn Stefánsson segist ekki telja



**HEILAGUR PAPI** Á teiknaðri myndinni á flöskumiðanum má sjá hettuklæddan papa drúpa höfði með kross í greipum sér.

að gömlu umbúðirnar séu ýkja hneykslanlegar. Þó hafi verið talið að þær féllu undir þetta ákvæði reglugerðarinnar og athugasemd því gerð. „En þetta er auðvitað túlkunaratriði og það er erfitt að leggja línurnar í því. Við eigum ekkert auðveldara með það en birgjarnir,“ segir Örn.

Eigendur Ölvisholts eru hins vegar óánægðir og hyggjast kæra, enda hafi þeir orðið fyrir tjóni við að þurfa að skipta öllum flöskumiðunum út. Tjónið hefur þó ekki verið metið.

Árni Helgason, lögmaður Ölvisholts, segir að líklega verði lögð fram stjórnsýslukæra gegn fjármálaráðuneytinu í vikunni þar

sem verður látið á það reyna hvort ÁTVR hafi heimild til að hafna vörum á þessum grundvelli. Ákvörðunin hafi haft mjög íþyngjandi áhrif fyrir Ölvisholt, sem hafi þurft að gera miklar og kostnaðarsamar breytingar á vörnunni. Óeðlilegt sé að ÁTVR geti að eigin frumkvæði sett svo íþyngjandi reglu.

Þá bendir Árni á að þegar séu ýmsar vörur til sölu hjá ÁTVR sem innihalda trúarlegar vísanir. Þeir selji bjórinn St. Peter's, sem vísi til Péturs postula, bjórinn Thor, sem vísi til norræna þrumuguðsins, og kross sé áberandi á umbúðum snafsins Jägermeister.

stigur@frettabladid.is

## Kynningarefni vegna Icesave: Borið í hús og birt á vefnum

**STJÓRNMÁL** Hlutlaust kynningarefni vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave 6. mars verður borið í hús og birt á vefsíðunni thjodaratkvædi.is.

Dóms- og mannréttindaráðuneytið fól Lagastofnun Háskóla Íslands að semja kynningarefnið, í samræmi við nefndarálit allsherjarnefndar Alþingis. Þess var gætt að fólk, sem hefur tjáð sig opinberlega um Icesave-málið, kæmi ekki að gerð efnisins.

Miðað er við að kynningarefnið verði komið í hvert hús í síðasta lagi tíu dögum fyrir kjördag. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst opnar áður nefnd vefsíða á allra næstu dögum.

- bps

Vinumarkaður:

## Kynjaskipting er áberandi

**ATVINNUMÁL** Karlar eru tveir þriðju hlutar starfsmanna á almennum vinnumarkaði en konur einn þriðji. Karlar vinna líka lengur en þeir skila 71 prósentu vinnustunda á almennum vinnumarkaði en konur 29 prósent.

Hjá hinu opinbera eru konur þrjár fjórðu hlutar starfsmanna en karlar fjórðungur. Þar skila konur tveimur þriðju hluta vinnustunda en karlar þriðjungu. Meðalvinnutími karla er rúmlega 46 tímar á viku en konur vinna tæpa 36 tíma.

Þetta kom fram á ráðstefnunni Virkjum Karla og konur sem fór fram á Hilton Reykjavík Nordica í vikunni.

Algennt hlutfall kvenna í atvinnulífinu er í kringum tuttugu prósent ef horft er til stjórnunarstarfa, stjórnsæta eða til hlutfalls kvenna sem stofna fyrirtæki.

- shá

**VIÐ MÆLUM HEYRNINA ÞÍNA ÓKEYPIS!**

**HEYRNARSTÖÐIN**

Læknastöðin, Kringlunni • Tímápananir 568 7777 • heyrnarstodin.is

**VEÐURSPÁ**

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR Í VEÐRI** í dag og næstu daga verður tiltölulega hæg norðaustan- og norðanált ríkjandi. Horfur eru á eljum norðantil, snjókomu eða slyddu suðaustan- og austanlands en SV-til verður bjart með köflum. Á morgun kólnar heldur í veðri, áfram verða el norðantil en bjartara syðra.

**Á MORGUN** 5-10 m/s og kólnar í veðri.

**MÁNUDAGUR** 3-8 m/s en hvassara SA-til.

**HEIMURINN**

Alicante	14°
Basel	2°
Berlín	-4°
Billund	-3°
Eindhoven	2°
Frankfurt	-1°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	22°
London	5°
Mallorca	15°
New York	2°
Orlando	13°
Ósló	-5°
París	3°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# TAKK

Já.is var valinn besti íslenski vefurinn 2009.

Já.is var valinn besti íslenski þjónustu- og upplýsingavefurinn 2009.

M.ja.is var valinn besti hand-smátækja vefurinn 2009.

**TAKK** SVEF, Samtök vefiðnaðarins, fyrir að veita vefjunum okkar eftirsóttu viðurkenningu.

**TAKK** Hugsmiðjan og Samsýn, fyrir frábært samstarf. **TAKK** viðskiptavinir, þið öll sem notið vefina okkar á hverjum degi og hvetjið okkur til að gera betur. **TAKK** Hlökkver, **TAKK** Þórður,

**TAKK** Roar, **TAKK** Sveinn, **TAKK** Haukur, þið eruð bestu forritarar landsins og við erum stolt af því að hafa ykkur í okkar liði. **TAKK** allir aðrir starfsmenn Já sem sinna þróun og vinnu við vefina.



**já** -er svarið



118



ja.is



Símaskráin



**KJÖRKASSINN**

*Eru íslenskir stjórnmálamenn upp til hópa spilltir?*

Já	84,1%
Nei	15,9%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Fékkstu þér bollu á bolludaginn?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)

Kostnaður skilanevndar og slitastjórnar Glitnis á árinu 2009 samkvæmt svari við fyrirspurn:

## Nítján ráðgjafar fengu 732 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Nítján innlendir lögfræðiskrifstofur og ráðgjafarfyrirtæki seldu Glitni þjónustu fyrir meira en fimm milljónir króna á árinu 2009. Kostnaður skilanevndar og slitastjórnar Glitnis vegna innlestrar sérfræðiráðgjafar nam á árinu 732 milljónum króna, en í þeim tölum eru greiðslur til þeirra sem starfa í skilanevnd og slitastjórn bankans.

Kostnaður við kaup á sérfræðipjónustu utan landsteinanna árið 2009 nam svo 2,6 milljörðum króna. Kostnaður skilanevndar og slitastjórnar Glitnis er um 200 milljónum meiri en kostnaður skilanevndar Kaupþings, samkvæmt svari sem blaðinu barst fyrir helgi. Innlendir kostnaður skilanevndar Glitnis var í fyrra 162 milljónum króna undir kostnaði skilanevndar Kaupþings, en kostnaður utan landsteinanna var 314 milljónum króna meiri en hjá Kaupþingi.

- óká

### SKILANEVND GLITNIS KEYPTI AF ÞESSUM

*Skilanevnd og slitastjórn Glitnis keypti mesta sérfræðipjónustu af eftirtöldum fyrirtækjum árið 2009:*

**Bandaríkin:** O' Melveny & Myers LLP, lögfræðistofa; Steptoe & Johnson LLP, lögfræðistofa.

**Bretland:** Cadwalader, lögfræðistofa; Deloitte, endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki; Deutsche Bank Bretlandi; DLA Piper, lögfræðistofa; Houlihan Lokey, ráðgjafafyrirtæki; KROLL, fjármálarannsóknarfyrirtæki; KEWS Clifford Change,

lögfræðistofa; Morrison & Forrester, lögfræðistofa (einnig í Bandaríkjunum); McGuire-Woods, lögfræðistofa; Slaughter & May, lögfræðistofa; Sungard, fjármálaráðgjafar; UBS, fjárfestingabankaráðgjöf (einnig í Bandaríkjunum).

**Írland:** McCann FitzGerald, lögfræðistofa.

**Kanada:** BCF, lögfræðistofa. **Noregur:** Arntzen de Besche Advokatfirma AS; Forrettningsadvokatene, lögfræðistofa.

**Þýskaland:** Schneider;

Schwiegler, lögfræðistofa, **Ísland (þjónusta fyrir fimm milljónir króna eða meira):** AT ráðgjöf ehf.; BBA Legal ehf.; BT sf.; Borgarlögmenn ehf.; Deloitte hf.; Ernst & Young hf.; Gagnavarslan ehf.; Jónatansson & Co. lögfræðistofa ehf.; Juris hf.; KPMG hf.; Krónos ehf.; Lausnir lögmennsstofa sf.; LM lögmenn sf.; Lex ehf.; Logos slf.; Mörkin lögmennsstofa hf.; Lögfræðimiðstöðin ehf.; Lögfræðiráðgjöf Páls E slf.; Safn ehf.

**NÁTTÚRA**

**Nýtt rit um hvali**

Nýlega kom út í ritróðinni NAMMCO Scientific Publications sérhefti tileinkað hvalatalningum á Norður-Atlantshafi. Bók þessi hefur að geyma þrettán ritýndar ritgerðir um útbreiðslu og fjölda hinna ýmsu hvalategunda og breytingar sem átt hafa sér stað á tímabilinu 1987-2001. Rannsóknir íslenskra vísindamanna eru fyrirferðarmiklar í ritinu.

**LÖGREGLUFRETTIR**

**Slapp vel eftir veltur**

Ökumaður slapp með lítills háttar meiðsl þegar bill hans lenti utan vegar í Önundarfirði á sunnudag. Billinn fór nokkrar veltur og hafnaði ofan í skurði um þrjátíu metra frá veginum. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði má rekja slysið til hálkú.

## Lánþegar gætu átt endurgreiðslu inni

Dómur um myntkörfulán er sagður vel rökstuddur og með víðtækt fordæmisgildi. Hann gæti einnig átt við um húsnæðislán. Lánþegar gætu átt endurgreiðslur inni og skaðabætur ef þeir hafa nú þegar borið tjón.

**EFNAHAGSMÁL** Héraðsdómurinn sem kvað myntkörfulán ólöglegt er vandaður og hefur víðtækt fordæmisgildi. Hann kann því að hafa áhrif á hvort tveggja bílalan og fasteignalan. Þessi sjónarmið heyrast úr stétt lögmanna. Einn þeirra, Einar Hugi Bjarnason, bendir á að dómurinn kunni að opna leiðir fyrir lántakendum til að fá endurgreiðslu og veki spurningar um hvað verði með gerða gjörninga, svo sem þegar fólk hefur breytt lánunum sínum úr erlendum og í krónulán.

Talsmaður neytenda rakti í pistli fyrir áramót að þeir sem nú þegar hafa mátt þola nauðungarsölu eða aðra fullnustuaðgerð, gætu átt skaðabótarétt á hendur bönkum eða öðrum fjármálastofnunum, vegna ólöglegs lána.

En það sem gæti haft áhrif á flesta er sá möguleiki að greiðslur af myntkörfulánum, sem hafa um það bil tvöfaldast síðan krónan féll, þurfi að endurskoða. Lánþegi gæti jafnvel átt endurgreiðslu inni.

„Svo eru þeir sem hafa nú þegar greitt upp sín lán eða samið upp á nýtt. Þeir hafa fært lán sín yfir í íslensk lán á miklu verri kjörum en þeir hefðu ella gert,“ segir Einar Hugi, sem starfar á sviði skaðabótaréttar. Hann tekur undir með héraðsdómi. Úrskurðurinn sé vel rökstuddur og í samræmi við lögskýringargögn.

Sú hugmynd hefur heyrst að dómstólar eigi að breyta myntkörfulánum í verðtryggt íslensk lán. Einar Hugi er ekki sannfærður um þá niðurstöðu. „Dómstólar munu líta til þessa verðtryggingarákvæðis. Það er það sem verður dæmt ógilt, en önnur ákvæði stæðu þá óbreytt,“ segir hann.



**SKULDETT UPPI Í RÍAFUR?** Úrskurður héraðsdóms um að myntkörfulán séu ólöglegt gæti haft áhrif á ekki bara bílalan heldur einnig á húsnæðislán.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### BETRI RÉTTUR STENDUR

Viðskiptavinir Íslandsbanka, sem hafa „nýtt sér og munu nýta sér úrræði bankans til höfuðstólslækkunar hafa ekki fyrirgert mögulegum betri rétti sínum komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að gengistryggt bílalan séu ólögleg“. Svo segir í tilkynningu frá bankanum.

Á fjórða þúsund viðskiptavina hafi nýtt sér höfuðstólslækkun vegna bílálana.

ur um þá niðurstöðu. „Dómstólar munu líta til þessa verðtryggingarákvæðis. Það er það sem verður dæmt ógilt, en önnur ákvæði stæðu þá óbreytt,“ segir hann.

Sem fyrr segir telur talsmaður neytenda að bankarnir geti orðið bótaábyrgir gagnvart neytendum, fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms. Sumir neytendur gætu krafist bóta, hvort sem

bankarnir vissu um ólöglegt lánanna eða ekki. Talsmaðurinn, Gísli Tryggvason, telur ekki útilokað að æðstu stjórnendur bankanna beri meðábyrgð á þessu tjóni.

Viðmælendur úr hópi lögmanna taka undir þetta. Stjórnendur bankanna hafi sýnt gáleysi, sé rétt að þeir hafi ekki kynnt sér löginn betur.

klemens@frettabladid.is



## Samstaða um endurreisn

**Opinn fundur Samfylkingarinnar um stóru málin í lönó þriðjudaginn 16. febrúar kl. 20:00**

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar



Nánari upplýsingar á [xs.is](http://xs.is)

Allir velkomnir

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

Ríflega 130 umsóknir um styrki bárust til AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi:

## Þrjú milljarðar í rannsóknir

**SJÁVARÚTVEGUR** Ríflega 130 styrkumsóknir bárust til AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi að þessu sinni. Öll eiga verkefni að hafa það að markmiði að auka verðmæti sjávarfangs.

Hafin er vinna við að meta umsóknirnar og er vonast til að það liggi fyrir í lok apríl hvaða verkefni fá styrk að þessu sinni. AVS sjóðurinn hefur 306 milljónir úr að spila í ár en hafði 335 milljónir 2009. Frá því sjóðurinn tók til starfa árið 2003 hefur hann styrkt hundruð verkefna með um 1,5 milljarði króna, sem þýðir í raun að unnin hafa verið rannsókn- og þróunarverkefni fyrir 3 milljarða króna hið minnsta. Ástæðan er að styrkir eru aldrei hærri en sem nemur um helmingi af kostnaði verkefnanna.

Að jafnaði hefur verið sótt um rúmlega helmingi meira fé en sjóðurinn hefur til ráðstöfunar. Í ár er



**ÞORSKELDI** Fjörlmargir styrkir hafa runnið til þorskeldis frá AVS rannsóknasjóðnum á undanföllum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hlutfallið nokkuð óhagstæðara þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er tæplega tíu prósentum minna en á fyrra ári.

Í ár og í fyrra var lögð áhersla á að umsækjendur kæmu með hnitmiðaðar umsóknir sem gætu skilgreint og verðmætum á sem

skemmstum tíma og hafa aldrei borist fleiri umsóknir sem taka á markaðssetningu og vörubrúun. Margar hugmyndir sem liggja fyrir geta skapað spennandi tækifæri ef væntingar umsækjenda ganga eftir.

- shá



# SKJÁREINN.IS FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA



ENGINN  
VENJULEGUR  
VEFUR

SKJÁREINN.IS fékk verðlaun SVEF, Samtaka vefiðnaðarins, fyrir besta íslenska afþreyinga- og fréttavefinn árið 2009. SKJÁREINN þakkar heiðurinn.

## Á SKJÁREINN.IS getur þú:

- Skoðað dagskrárupplýsingar fyrir allar sjónvarpsstöðvar, innlendir sem og erlendir.
- Látið minna þig á þinn uppáhalds þátt með SMS eða tölvupósti, þér að kostnaðarlausu.
- Búið til persónulegan lista með þínum uppáhalds myndum í SKJÁBÍÓ.
- Kynnt þér sjónvarpsþætti SKJÁSEINS, skoðað kynningarmyndbönd og pantað áskrift.





## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða íslenski leikmynda-hönnuður vann til verðlauna á Art Director Guild Awards um helgina?
- 2 Hvar komust skosk mæðgin í hann krappan á sunnudag?
- 3 Hvað heitir lögfræðingurinn sem fer fyrir nýju Icesave-samninganefndinni?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Varðveisla skjalasafna:

## Skjalaverðir og biskup safna

**KIRKJUMÁL** Biskup Íslands og Félag héraðsskjalavara á Íslandi standa fyrir sameiginlegu átaki í söfnun og varðveislu skjalasafna sóknarnefnda í landinu. Héraðsskjalasöfnin munu sjá um að skrá og ganga frá skjölum sóknarnefndanna þeim að kostnaðarlausu. Þeir sem hafa í förum sínum skjöl sem varða starfsemi sóknarnefnda eru einnig hvattir til að skila þeim til síns héraðsskjalasafns. Best er að fá skjöl-in í sem upprunalegasta ástandi, eða óflokkuð.

Misjafnt getur verið hvers konar gögn einstakar sóknarnefndir varðveita. Héraðsskjalasöfn landsins eru alls 20 talsins.

- shá

Heilbrigðisnefnd fundar:

## Sameining stofnana rædd

**ALÞINGI** Skipulagsbreytingar hjá Landlækniseftirlitinu verða til umræðu á fundi heilbrigðisnefndar Alþingis í dag.

Nefnd um breytta skipulag stjórn-sýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins hefur lagt til sameiningu landlækniseftirlitisins og Lýðheilsustöðvar.

Kemur landlæknir, Geir Gunnlaugsson, fyrir nefndina og gerir grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Hann hefur áður upplýst að sameining gæti orðið til hagsbóta og hagræðingar.

Puríður Backman, formaður heilbrigðisnefndar, segir bæði fjárhagsleg og fagleg sjónarmið höfð að leiðarljósi við verk. - bps



GEIR GUNNLAUGSSON

Kópavogsbær færði skoðunarmanni mörg verk á silfurfati í fimm ár:

## Segir vinnubrögð ámælisverð

**KÓPAVOGUR** „Það er ljóst að fyrirtæki Halldórs voru færð verk á silfurfati og tilboða ekki leitað. Það er ólíðandi í opinberri stjórn-sýslu og brýnt að alltaf sé leitað tilboða til að tryggja hagstæðasta verð,“ segir Guðrjúður Arnardóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá síðan á laugardag fékk Halldór Jónsson verkfræðingur greiddar 71,5 milljónir króna fyrir vinnu við sjö framkvæmdir á vegum bæjarins á fimm ára tímabili til 2008.

Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri Kópavogs, hefur óskað eftir



GUÐRÍÐUR Vínna Halldórs Jónssonar fyrir Kópavogsbæ verður rædd í bæjar-ráði á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

úttekt á því hvernig staðið var að ráðningu Halldórs. Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi framsóknarmanna, segir Halldór rúinn

trausti. Málið verður tekið upp á fundi bæjarráðsins á fimmtudag.

Guðrjúður fór á bæjarskrifstofur Kópavogs í gær og er verið að taka saman verksamninga sem tengjast vinnu Halldórs. Þá telur hún eðlilegt að bæjarráð óski eftir álit samgönguráðuneytis hvort Halldór hafi mátt vera skoðunarmaður Kópavogsbæjar á meðan hann vann önnur verk fyrir bæinn í gegnum ráðgjafafyrirtækið Hallstein. Hún gerir ekki athugasemdir við að nokkrir reikningar Halldórs hafi borist seint. Slíkt geti skrifast á samninga um að halda eftir greiðslu í ákveðinn tíma eftir verklok. - jab

## Erpur og Móri ætla að kæra hvor annan

Rapparin Móri elti annan rappara, Erp Eyvindarson, um útvarpsvið 365 í gær vopnaður hníf og rafbyssu. Erpur telur að Móri hafi ætlað að drepa sig og mun kæra. Móri telur hins vegar að Erpur hafi ráðist á sig og ætlar líka að kæra.

**LÖGREGLUMÁL** Rapparin Erpur Eyvindarson átti fótum sínum fjór að launa á útvarpsstöðinni X-inu í gær þegar annar rappari, Móri, réðst að honum vopnaður hníf og rafbyssu. Móri, sem heitir réttu nafni Magnús Ómarsson, gaf sig fram við lögreglu um klukkustund síðar. Erpur heggst kæra og telur að Móri hafi ráðist á sig, og ætlar að kæra hann fyrir líkamsárás.

Rapparnir tveir hafa átt í illdeilum upp á síðkastið, og hafa stóryrði verið látin falla á víxl í fjölmiðlum. Snýst deilan meðal annars um það hvor er meiri frumkvöðull á rappsviðinu.

Til stóð að Móri og Erpur græfu stríðsöxina í beinni útsendingu í þættinum Harmageddon á X-inu í gær. Móri mætti á staðinn vopnaður hníf og rafbyssu, og með stóran doberman-hund sér við hlið. Endurbætur standa yfir á útvarpsviði 365 og beið Móri átekt á mannlausu anddyrinu stutta stund.

Þegar Erpur kom á staðinn sauð upp úr. „Hann ýtir í mig og fer að þenja sig. Ég grip þá í hann og keyri á hann. Hann dettur og fer að kyla mig,“ segir Erpur. „Þegar ég held honum niðri dregur hann upp hníf og byrjar og sveifla honum á fullu. Ég hleyp í burtu og hann reynir að stinga mig. Ég tek þá moppu og lem hann í hausinn.“ Móri hrökklaðist þá burt. „Þessi hundur var latasti hundur sem ég hef séð. Ég þakka fyrir það,“ segir Erpur. Ekki náðist í Móra í gær. stigur@frettabladid.is

atlifannar@frettabladid.is



BARÐI MÓRA MED MOPPU Erpur ræddi við lögreglu fyrir utan útvarpsvið 365 í gær. Hann er viss um að Móri hafi ætlað að drepa sig. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



Atvikið náðist að hluta á öryggismyndavél.

1. Móri og kærasta hans mæta á staðinn.

2. Örfáum sekúndum síðar kemur Móri hlaupandi á fleygiferð á eftir Erpi, sem skýlir sér á bak við bónnél.

3. Bónvélin liggur kylliflöt, en eltingarleikurinn heldur áfram.



KÓNGAFÆÐI Neysla á nautakjöti hefur aukist á milli ára.

Framleiðsla og sala á kjöti:

## Allt nautakjötið selt jafnóðum

**LANDBÚNAÐUR** Framleiðsla á nautakjöti í janúar var 332 tonn, sem er 1,9 prósentum meira en á sama tíma í fyrra. Sala á nautakjöti í mánuðinum var 330 tonn, 4,5 prósentum meiri en í janúar 2009.

Framleiðslan síðastliðna tólf mánuði er 3.767 tonn, sem er fimm prósentum meira en á sama tímabili fyrir ári. Salan undanfarna tólf mánuði er nákvæmlega sú sama og framleiðslan, 3.767 tonn, sem er aukning um 4,5 prósent frá sama tíma í fyrra. - shá

## SJÁVARÚTVEGUR

## Stofna félag um sjávarútveg

Ákveðið hefur verið að setja á stofn félag til að halda ráðstefnur um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs. Félagið á ekki að vera hagsmunasamtök einstakra hópa. Stofnfundur félagsins verður haldinn þann 19. febrúar í Verbúðinni – Víkin, Sjóminjasafninu í Reykjavík.

Eigendur fjárhættuspilasala furða sig á danska dómismálaráðuneytinu:

## Telur að fjölga megi spilavítum

**DANMÖRK** Dómismálaráðuneyti Danmerkur hefur sent út tilkynningu um að rúm sé fyrir allt að fjögur ný spilavíti í landinu. Kæmu þau til viðbótar við þau sex leyfi stjórnvalda fyrir rekstrinum.

Í umfjöllun Berlingske Tidende kemur fram að eftir yfirferð á lagumgjörð sem varðar fjárhættuspil hafi stjórnvöld auglýst að úthluta megi leyfi fyrir einu til tveimur spilavítum sem rekin yrðu á landi og tveimur sem starfrækt yrðu í áætlunarferjum.

Berlingske segir að siglinga-fyrirtækið DFDS, sem siglir milli Kaupmannahafnar og Óslóar og milli Esbjerg og Harwich, fylgist af áhuga með framþróun mála. Um leið hefur blaðið eftir Erik Jensen, talsmanni spilavítageirans í Danmörku og framkvæmdastjóra Casino Copenhagen, að stjórnvöld

hefðu ekki getað valið verri tímapunkt til þess að auka samkeppni meðal spilavíta.

Casino Copenhagen, sem er stærsta spilavíti landsins, hefur verið rekið með tapi síðustu ár og þótt ekki liggi enn fyrir tölur vegna síðasta árs, er búist við að niðurstaðan verði enn verri en næstu tvö ár á undan. Svipuð staða er sögð uppi hjá fleiri spilavítum.

„Ég hef rætt við menn hjá flestum spilavítum landsins og þeir lýsa stórum áhyggjum af því að nú eigi að fara að fjölga á þegar aðþrengdum markaði,“ er haft eftir Erik Jensen. - óká

**SPILASALUR** Í Danmörku eru starfrækt sex spilavíti með leyfi stjórnvalda, sem telja rúm til að úthluta fjórum leyfum í viðbót. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki







Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

# Auktu atvinnumöguleika þína!

## Tækninám og brautir NTV opna nýjar leiðir

### Kerfisstjórinn - 365 stundir - Verð: 493.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Kerfisstjórinn samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Network+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Server Administrator“

| Morgunnámskeið byrjar 23. mars | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. mars |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kenni í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 23. mars | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. mars |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 299.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified Server Administrator.

| Næstu námskeið byrja á haustönn 2010 |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 7. maí | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. apríl |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 249.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 23. mars | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. mars |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði námskeiðisins.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 2. mars |

### Stytttri sérfræðinámskeið

NTV býður upp á fjölda sérfræðinámskeiða í samstarfi við Opin Kerfi:

- Öflug Windows 7 innleiðing
- Windows PowerShell fyrir kerfisstjóra
- Innleiðing og rekstur á Hyper-V
- SharePoint 2010 fyrir enda notendur
- Uppsetning og rekstur á Exchange Server 2010
- Uppsetning og rekstur á MS Forefront Client Security

Sjá nánari lýsingar, tímasetningar og verð á [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

OPIN KERFI

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner Learning Solutions

PEARSON  
VUE  
AUTHORIZED  
TRAINING CENTER

ECDL

PROMETRIC



VEGNA MIKILLAR AÐSÓKNAR - BÓKAÐU ÞIG STRAX!

ntv





**KJÖTKVEÐJUGRÍMA Í MAKEDÓNÍU**  
„Meckari“ nefnast grímur af þessu tagi, sem slátrara notuðu í Makedóníu til að gjalda fyrir þær syndir sínar að hafa slátrað dýrum. Grímurnar eru vinsælar á kjötkveðjuhátíðum. NORDICPHOTOS/AFP

Eyrarrósinn 2010 var veitt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær:

## Bræðslan á Borgarfirði eystra hlaut Eyrarrósina

**MENNING** Eyrarrósinn 2010 kom í hlut tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar á Borgarfirði eystra og veittu aðstandendur hennar viðurkenningunni móttöku í gær við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Drjú verkefni voru tilnefnd og kynnt sérstaklega auk Bræðslunnar. Verkefni eru Eiríksstaðir í Haukadal og Skjaldborg, heimildarmyndahátíð á Patreksfirði.

Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystra er haldin árlega í húsi gamallar síldarbræðslu Kaupfélags Héraðsbúa, sem breytt hefur verið í tónleikahús. Hátíðin hefur vaxið jafnt og þétt allt frá upphafi hennar árið 2004 og á síðasta ári voru gestir

Bræðslunnar um tvö þúsund talsins.

Eyrarrósinn er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands. Markmiðið með Eyrarrósinni er að efla fagmennsku og færni við skipulagningu menningarlífs og listviðburða á landsbyggðinni, auka kynningarmöguleika einstakra sveitarfélaga og landshluta og skapa sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Áður hafa hlotið Eyrarrósina Þjóðlagahátíðin á Siglufirði; Lunga, Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, Strandagaldur á Hólmavík, Rokkhátíð alþýðunnar; Aldrei fór ég suður og Landnámssetrið í Borgarnesi. - shá



**BESSASTÖÐUM Í GÆR** Magni og Áskell Heiðar Ásgeirssynir, forsvarsmenn Bræðslunnar, tóku við viðurkenningunni úr hendi Dorrit Moussaieff, sem er verndari Eyrarrósarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ELLEFU GRUNNAÐIR** Dhafi Khalfan, lögreglufróingur í Dúbaí, sýnir fjölmiðlum myndir af hinum grunuðu. NORDICPHOTOS/AFP

Morð Hamas-manns í Dúbaí:

## Morðingjarnir nafngreindir

**DÚBAÍ, AP** Lögreglan í Dúbaí segir að ellefu manna hópur launmorðingja með evrópsk vegabréf hafi staðið að morðinu á yfirmanni úr Hamas-hreyfingunni á hótelhótelbergi í landinu í síðasta mánuði.

Hann segir sex manna hafa verið með bresk vegabréf, þrjá með írsk, einn með franskt og einn með þýskt. Hann nafngreindi mennina og birti myndir af þeim, en sagði ekki berum orðum að þeir hefðu verið á vegum ísraelsku leyniþjónustunnar, eins og framámanninn í Hamas-hreyfingunni hafa haldið fram. - gb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Vinkonur saman úti að stela

Tvær konur voru handteknar nýverið á Selfossi vegna þjófnaðar úr verslunum. Þær eru vinkonur og voru báðar undir annarlegum áhrifum. Þær voru vistaðar í fangageymslu og látnar lausar að loknum yfirheyrslum.

# Verne greiði fjögur sent á kílóvattstund

Tæknistjóri Verne upplýsir orkukostnað gagnaversins í viðtali við bandarískt dagblað. Orkuverðið trúnaðarmál í orkusamningi og þingskjölum á Íslandi. Verðið virðist hærra en garðyrkjan greiðir en lægra en fiskvinnslan greiðir.

**ORKUMÁL** Gagnaver Verne Holdings á Keflavíkflugvelli mun greiða fjögur sent fyrir hverja kílóvattstund af raforku eða rúmar fimm krónur miðað við núverandi gengi. Þetta segir tæknistjóri Verne í viðtali við bandarískt dagblað. Það er talsvert lægra en meðalverð raforku til fiskvinnslustöðva, samkvæmt upplýsingum frá Rarik, en hins vegar hærra en garðyrkjubændur greiða.

Tate Cantrell, framkvæmdastjóri tæknimála hjá Verne Global, segir í viðtali, sem birt er á vef San Francisco Chronicle, að Verne telji Ísland fullkominn stað fyrir gagnaver. Auk aðgangs að orku frá jarðhita og vatnsafla sé í boði ókeypis kæling allan ársins hring og háhraðatenging við Ameríku og Evrópu.

„Það eru umtalsverðir möguleikar á sparnaði,“ segir Cantrell. Dæmigert orkuverð til gagnavera í Kaliforníu er 10 sent en getur orðið allt að 20 sent í Bretlandi. Verne geti sparað bandarískum viðskiptavinum 30 prósent af hýsingarkostnaði en breskum 50-60 prósent með því að hýsa gögn þeirra á Íslandi. Fram kemur að byggingaframkvæmdir við gagnaverið standi nú yfir; það verði tilbúið að þjóna viðskiptavinum í lok ársins.

Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver Verne Holdings er nú til meðferðar á Alþingi. Í þingskjölum er raforkuverð gagnaversins sagt trúnaðarmál en Landsvirkjun og



**GAGNAVER** Verne Holdings undirritaði samninga um byggingu gagnavers í Reyknesbæ árið 2008. Framkvæmdir lágu niðri um tíma í vetur en tæknistjóri fyrirtækisins segir í viðtali í Bandaríkjunum að gagnaverið verði komið í gagnid í lok þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það eru umtalsverðir möguleikar á sparnaði.

**TATE CANTRELL**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI TÆKNIMÁLA HJÁ  
VERNE HOLDING

Verne undirrituðu orkusamning í október á síðasta ári. Samkvæmt honum er raforkubörf gagnaversins á bilinu 80-140 MW.

Miðað við 4 cent fyrir kílóvattstund og gengið 129 krónur fyrir hvern dollara, mun gagnaver

Verne greiða hærra orkuverð en garðyrkjubændur, sem nú greiða að meðaltali 3 til 4 krónur fyrir hverja kílóvattstund, að sögn Stefáns Arngrímssonar hjá Rarik. Þar er tekið tillit til þess að garðyrkjubændur fá sinn dreifingarkostnað endurgreiddan.

Meðalraforkukostnaður fiskvinnslunnar er hins vegar nokkru hærri eða 7 til 10 krónur á kílóvattstund, að sögn Stefáns. Raforkuverð til álvera er trúnaðarmál.

peturg@frettabladid.is

Ööldin í Austur-Kongó:

## Tugir fallnir og hundrað gíslar

**AUSTUR-KONGÓ, AP** Hátt í þrjátíu manna hafa fallið í þessum mánuði fyrir hendi hótúska uppreisnarmanna í Austur-Kongó. Auk þess hafa uppreisnarmennirnir tekið nærri hundrað manna í gíslingu.

Ofbeldisverk hafa verið linnulitil í austanverðu landinu allt frá því að þjóðarmorðið var framið í nágrennaríkinu Rúanda árið 1994. Herskár hótúsar, sem tóku þátt í að myrða hálf milljón tútsa og hófsamra hótúsa, flúðu yfir landamærin til Kongó þar sem þeir hafa látið ófriðlega síðan.

Herinn í Kongó hefur undanfarið herjað á uppreisnarmanna frá Rúanda, sem eru sakaðir um að hafa drepið hundruð manna í hefndarskyni. - gb


HB Grandi hélt veislu:

## Landvinnslu og stórum verkefnum fagnað

**ATVINNUMÁL** HB Grandi hélt um helgina móttöku fyrir starfsfólk og gesti til viðurkenningar fyrir góðan árangur í landvinnslufélagsins. Einnig vegna þess að fyrir endann sér á stórum verkefnum.

Hátt í 250 manna komu í móttökuna sem haldin var í Víkinni, sjóminjasafninu á Grandagarði, þar sem Bæjarútgerð Reykjavíkur, seinna Grandi, var til húsa.

Mikil endurnýjun og endurbætur hafa átt sér stað á fiskiðjuverunum í Reykjavík og á Akranesi. Einnig var haldið upp á útskrift 32 starfsmanna frá alls níu þjóðlöndum, sem tekið hafa þátt í námskeiðum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. - shá



**Sruli Ræcht**  
hönnuður



**Margrét S. Valgarðsdóttir**  
nemi í fatahönnun

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



50 kassar utan um augnakonfekt.



500 bæklingar með nýju sniði.





## Óhapp á Selfossi: Tvær stúlkur urðu fyrir bíl

**LÖGREGLUMÁL** Tvær stúlkur urðu fyrir bifreið í Háengi á Selfossi upp úr miðnætti á laugardag.

Atvikið varð með þeim hætti að ökumaður, sem ekki var kunnugur bifreiðinni, ætlaði að aka aftur á bak út úr innkeyrslu við hús. Bifreiðin fór þá skyndilega áfram og á stúlkurnar sem stóðu fyrir framan bifreiðina. Hún er sjálfskipt og er talið mögulegt að ökumaðurinn hafi óvart sett í áframgír í stað bakkgrírs.

Stúlkurnar voru fluttar á heilsugæslustöðina á Selfossi til skoðunar en reyndust hafa hlotið minni háttar meiðsli.

- jss

Fjórir stórtækir kannabisræktendur ákærðir fyrir Héraðsdómi Austurlands:

## Með risaverksmiðju á sveitabæ

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórnin á Austurlandi hefur ákært fjóra karlmenn fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir kannabisræktun og jafnframt að hafa komið sér upp mikilvirkri kannabisverksmiðju, þar sem hefði verið hægt að rækta allt að sex hundruð kannabisplöntur í senn.

Mennirnir höfðu komið sér fyrir á bænum Karlsstöðum á Berufjarðarströnd, sem einn þeirra hafði umráð yfir. Þeir eru allir frá Reykjavík og um þrjú tugi.

Mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa, í sölu- og dreifingarskyni, ræktað sextán kannabisplöntur



**KANNABISVERKSMIÐJA** Mennirnir voru búnir að koma sér upp öflugri verksmiðju með fullkomnum búnaði.

MYND ÚR SAFNI.

sem vógu samtals 8,8 grömm og fyrir tilraun til stórfellds brots gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að setja upp mjög stóra ræktunaraðstöðu fyrir allt að 600 kannabisplöntur, sem lögreglan fann þar við leit 6. maí 2009.

Auk refsingar yfir mönnunum er krafist upptöku á umfangsmiklum búnaði sem mennirnir höfðu komið sér upp á bænum. Upptalning á búnaði mannanna er í tæplega sjötíu liðum.

Þar á meðal er viðamikill ljósabúnaður, einkum gróðurhúsalampar, dælubúnaður og víftur.

- jss



Nýju ári fagnað Þessir glaðlegu Kínverjar dönsuðu ljónadans í Peking þegar þeir fögnuðu ári tígursins.

FRÉTTABLAÐIÐ AP



**HVAMMSTANGI** Vestur-Húnavetningar segjast reida sig á þjónustu fæðingardeildar á Akranesi.

## Húnaþing vestra mótmælir: Fæðingardeild starfi óbreytt

**HEILBRIGÐISMÁL** „Sveitarstjórn Húnaþings vestra mótmælir harðlega öllum hugmyndum sem lúta að því að dregið verði úr viðbúnaði og þjónustu á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi,“ segir í ályktun sveitarstjórnarinnar. Hún kveður mikinn meirihluta verðandi mæðra í Húnaþingi vestra hafa valið að fæða börn sín á Akranesi.

Sveitarstjórnin mótmælir líka boðaðri fækkun hjúkrunarrýma á Hvammstanga um tvö. „Öll hjúkrunarrými á Hvammstanga eru nú fullnýtt og ekki hefur verið unnt að mæta eftirspurn eftir þeirri þjónustu.“

- gar

Aðalfundur landeigenda:

## Þjóðlendumál endurupptekin finnist ný gögn

**ÞJÓÐLENDUR** Landssamtök landeigenda skora á Alþingi að setja lög sem heimili endurupptöku finnist ný sönnunargögn í þjóðlendumálum, sem dæmt hefur verið um.

Þetta segir í ályktun aðalfundar samtakanna sem haldinn var á fimmtudag. 16.000 óránsökkuð skjöl liggja í Árnastofnun og á Landsbókasafni. Þar kunni að leynast ný sönnunargögn um eignarrétt á landi sem dæmt hefur verið að teljast skuli þjóðlenda. Núgildandi lög heimili ekki endurupptöku komi slík gögn í leitirnar.

- pg

## SAMGÖNGUR

### Mótmæla ferjugjaldi í Hrísey

Hverfisráð Hríseyjar hefur sent Vegagerðinni og samgönguráðherra tölvupóst um mikla óánægju íbúa eyjarinnar með breytingar á áætlun Hríseyjarferjunnar Sævars og hækkun gjaldskrár. Bæjarráð Akureyrar tekur undir mótmælin og bendir á að ferjan sé þjóðvegur á sjó og eina aðkomuleiðin til eyjarinnar. Endurskoða þurfi ákvörðunina.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Valt við Haukadalsá

Beita þurfti nýjum klippum slökkviliðsins í Búðardal þegar jeppabifreið valt í gær sunnan við brúna yfir Haukadalsá. Tveir voru í bílnum og var farþegi fluttur með sjúkrahúsi á sjúkrahús með einhverja áverka, meðal annars handleggsbrot og eymsli í hálsi.

# Fjórar góðar leiðir til ávöxtunar

Landsbankinn býður upp á fjóra skuldabréfasjóði sem fjárfesta nær eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðirnir henta vel til reglubundins sparnaðar og hafa á síðustu mánuðum skilað betri ávöxtun en almennir innlánsreikningar. Einfalt er að kaupa og selja í sjóðunum og njóta viðskiptavinir þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift.

Sjóðirnir hafa sömu fjárfestingarstefnu en mismikla vaxtaáhættu. Skuldabréf og aðrar kröfur með ábyrgð íslenska ríkisins nema 90-100% af heildareignum sjóðanna en innlán á bilinu 0-10%.



### Reiðubréf ríkistryggð

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn ríkisvixla og stuttra skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 0-1 ár og er vaxtaáhætta því lítil í sjóðunum.



● Innlán: 2,6%\*  
● Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvixlar: 97,4%\*

### Sparibréf stutt

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn stuttra skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 1-4 ár en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.



● Innlán: 2%\*  
● Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvixlar: 98%\*

### Sparibréf meðallöng

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 4-7 ár en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.



● Innlán: 0,3%\*  
● Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvixlar: 99,7%\*

### Sparibréf löng

Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja dreift safn skuldabréfa með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðallíftími sjóðsins er 7 ár eða meira, en vaxtaáhætta eykst eftir því sem meðallíftími skuldabréfa sjóðs er lengri.



● Innlán: 1,5%\*  
● Ríkistryggð skuldabréf / ríkisvixlar: 98,5%\*

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbankans eru verðbréfasjóðir samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Vorslufélag sjóðanna er Landsbankinn. Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. Gengi hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum getur bæði hækkað og lækkað. Nánari upplýsingar um sjóðina má finna í útboðs lýsingu eða útdrætti úr útboðs lýsingu sjóðanna sem finna má á heimasíðu Landsbankans [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is) eða heimasíðu rekstrarfélagsins [www.landsvaki.is](http://www.landsvaki.is). Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðs lýsingu sjóðanna áður en fjárfest er í þeim, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um þá áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.

\*Samsetning sjóðanna 01.02.2010

### Kynntu þér kostina

Komdu við í næsta útibúi Landsbankans eða hafðu samband við Fjármálaráðgjöf Landsbankans sem veitir upplýsingar og aðstoð við fjárfestingar í innlánum, verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingarleiðum í síma 410 4040.

RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐIR | [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is) | 410 4000







**SJÓ ÁRA Í FARARBRODDI** Hún Julia Lira er aðeins sjö ára en fékk samkvæmt dómsúrskurði að vera í fararbroddi trommusveitar í skrudgöngu kjöt-kveðjuhátíðarinnar í Ríó í Brasilíu á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nú af hverjum tíu Íslendingum ferðuðust innanlands á síðasta ári:

## Utanlandsferðum fækkar

**FERÐALÖG** Nú af hverjum tíu Íslendingum ferðuðust innanlands á síðasta ári, samkvæmt nýrri könnun Ferðamálastofu. Þetta er hærra hlutfall en fyrri kannanir hafa sýnt.

Í könnuninni kemur fram að tveir af hverjum fimm ferðuðust bæði innanlands og utan og fjögur prósent eingöngu utanlands. Átta prósent ferðuðust hins vegar ekki neitt. Innan við helmingur landsmanna ferðaðist til útlanda sem gefur til kynna verulegan samdrátt í utanlandsferðum landsmanna.

Tveir af hverjum þremur fóru í þjár eða fleiri ferðir innanlands



**TJALDSTÆÐI Á AKUREYRI** Meirihluti þjóðarinnar ferðast um landið og utanlandsferðum fækkar á sama tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og þrjár af hverjum fjórum gistu sjö nætur eða lengur, en á heildina litið gistu landsmenn að jafnaði

14,3 nætur á ferðalögum innanlands árið 2009. Flestir ferðuðust í júlí og ágúst.

Sú gístaðstaða sem var nýtt í hvað mestum mæli, eða af riflega helmingi landsmanna, var gisting í tjaldi, fellihýsi eða húsbíl en auk þess gistu fjölmargir, eða tæpur helmingur, hjá vinum og ættingjum. Norður- og Suðurland eru þeir landshlutar sem eru vinsælastir.

Af þeirri afþreyingu sem greiða þarf fyrir nýttu flestir sér sund eða jarðböð en auk hennar borguðu fjölmargir sig inn á söfn og sýningar, fyrir veiði og leikhús eða tónleika.

- shá

Eldur í þvottahúsi:

## Lögregla leitar brennuvargs

**LÖGREGLA** Lögreglan á Selfossi leitar brennuvargs sem kveikti í þvottahúsi í fjölbýlishúsi við Austurveg 34 á Selfossi á föstudag.


Talsverður eldur var í þvottahúsinu þegar slökkvilið kom á staðinn. Hann var slökktur og húsið reykkræst. Engum varð meint af. Leitað var til tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að rannsaka eldsuþptökin. Svo virðist sem um íkveikju sé að ræða. Lögreglan biður alla þá sem hafa orðið varir við grunsamlegar mannaferðir í og við húsið frá klukkan 19.00 til 19.50 að hafa samband við lögreglu í síma 480 1010.

- jss

Höfum bætt við okkur útibúi.

Getum bætt við okkur viðskiptavinum.

Sigríður Einarsdóttir, útibússtjóri Ármúla



### Nýjar höfuðstöðvar og útibúi í Ármúla

MP banki hefur flutt í nýjar höfuðstöðvar í Ármúla 13a. Þar er einnig nýtt og öflugt útibúi.

- Debet- og kreditkort
- Sparnaður
- Lán
- Eignastýring
- Fyrirtækjaráðgjöf
- MP Sjóðir hf.



Ármúla 13a • Borgartúni 26 • sími 540 3200 • www.mp.is



**TUGIR SLASADRA** Hlynnt var að minna slösuðum á íþróttaleikvangi skammt frá en þeir sem slösuðust meira voru fluttir á sjúkrahús.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Á þriðja tug biðu bana

Á þriðja tug manna fórust og yfir fimmtíu slösuðust í mannskæðasta lestarslysi Belgíu í meira en hálfra öld. Svo virðist sem annarri lestinni hafi verið ekið áfram þrátt fyrir stöðvunarkerki.

**BELGÍA, AP** Tvær farþegalestir rákust harkalega á skammt frá Brussel, höfuðborg Belgíu, þegar annarri þeirra var ekið áfram á móti stöðvunarkerki.

Að minnsta kosti 18 manns fórust og 55 særðust, margir mjög illa. Öttast er að allt að 25 manns hafi látið lífið. Áreksturinn olli því að framhliðin á einum lestarvagninum rifnaði af og aðrir vagnar fóru út af sporinu.

Önnur lestin var á leiðinni til Liège en hin til Braine-le-Comte, og rákust þær beint framan á hvor aðra. Við áreksturinn lyftust vagnar beggja lesta upp og eyðilögðu meðal annars rafmagnslínur í loftinu. Svo virðist sem hár steinveggur hafi komið í veg fyrir að brak úr lestinum þeyttist yfir á íbúðarhús í næsta nágrenni.

„Þetta var martröð,“ sagði Christian Wampach, 47 ára farþegi sem þurfti að láta hjúkrunarfólk binda um sár á höfði sér á íþróttavelli, þangað sem minna slasaðir farþegar voru fluttir strax eftir slysið.

„Við hentumst til í meira en fimmtán sekúndur. Margir slösuðust í mínum vagni en ég held að þeir sem létust hafi verið í fremsta vagninum,“ sagði Wampach, sem var í þriðja fremsta vagninum í annarri lestinni.

Óhappið varð um klukkan hálf-nú að staðartíma, eða hálfátta að íslenskum tíma, á lestarstöðinni í Buizingen, úthverfi borgarinnar Halle sem er skammt suðvestur af höfuðborginni Brussel.



**HARKALEGUR ÁREKSTUR** Við áreksturinn lyftust fremstu vagnar beggja lestanna upp og brak þeyttist um víðan völl.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auglýsingasími

# 512 54 01



Allt sem þú þarft...

gudsteinn@frettabladid.is



# Betra verð

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

# TENGI



ifö

IFÖ Next sturtuklefi 80x80  
Verð kr. **99.900,-**



mora

Mora FMM sturtuset  
Verð kr. **4.980,-**



ifö

IFÖ innrétting 75 cm  
Verð kr. **69.900,-**



Sphinx  
Release water

Sphinx Lugano borðhandlaug  
Verð kr. **9.960,-**



ifö

IFÖ salerni með setu  
Verð kr. **34.900,-**



mora

Mora FMM eldhústæki  
Verð kr. **9.960,-**

■ GEBERIT



Sphinx  
Release water

Sphinx upphengt salerni,  
geberit kassi, seta og spjald  
Verð kr. **55.900,-**



Adrian stál ræstivaskur  
Verð kr. **22.900,-**



mora

Mora MMIX sturtutæki  
m/uppstút  
Verð kr. **26.300,-**



Mora sturtut. með niðurst.  
Verð kr. **17.500,-**



mora

Mora FMM handlaugartæki  
Verð kr. **9.960,-**

Fagmennska í fyrirrúmi

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050  
Opð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • [www.tengi.is](http://www.tengi.is) • [tengi@tengi.is](mailto:tengi@tengi.is)





**FENGU STÓRA VINNINGINN** Breska parið Justine Laycock og Nigel Page vann 65 milljónir evra, eða rúmlega átta milljarða króna, í evrópska lottóinu EuroMillions. Önnur eins upphæð kom í hlut manns á Spáni.

NORDICPHOTOS/AFP

Vatn fyrir skaðabætur:

## Garður tengist vatnsleiðslu

**FRAMKVÆMDIR** Hönnun nýrrar vatnsleiðslu á milli Garðs og Sandgerðis er á lokastigi.

Með tilkomu leiðslunnar mun Garðurinn tengjast vatnsveitu sveitarfélaganna úr Gjánni á Reykjanesi, eins og Víkurfréttir sögðu frá í gær.

Vatnstaka úr Gjánni hófst eftir að vatnsból á Nikkelsvæðinu svokallaða menguðust af völdum varnarliðsins.

Ný vatnsveita var þá byggð upp fyrir skaðabætur sem Bandaríkjaher greiddi. Féð átti að tryggja ferskvatn til bæjarfélaganna í Keflavík, Sandgerði og Garði.

Garður og Sandgerði hafa fengið vatn úr borholum þangað til fyrir nokkrum árum að leiðsla var lögð til Sandgerðis, en nú er röðin komin að Garði.

-shá

Stærstu verkfræðistofur landsins á meðal þátttakenda í forvali vegna LHS:

## Sjö vilja hanna nýjan Landspítala

**ATVINNUMÁL** Alls bárust sjö umsóknir í forval vegna hönnunarsamkeppni nýs Landspítala og eru stærstu verkfræðistofur landsins meðal þátttakenda. Ábyrgðaraðilar hönnunarteymanna sjö, sem skiluðu inn umsóknunum í forvalið, eru allir íslenskir: Mannvit, TBL Arkitektar, VSÓ Ráðgjöf, Efla, Verkís, Almenna verkfræðistofan og Guðjón Bjarnason.

Hönnunarsamkeppnin tekur til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut og útfærslu á 66 þúsund fermetra nýbyggingu þar. Áætlað er að framkvæmdir við nýja spítalann geti hafist á síðari hluta árs 2011 og standi fram á árið 2016. Áætlaður kostnaður við nýbygginguna er um 33 milljarðar króna á verðlagi í mars 2009 og skiptist hún í þrjá meginhluta: bráðakjarna með



bráðamóttöku, myndgreiningu, gjörgæslu, skurðstofum og rannsóknarstofum; legudeildir með 180 rúmum sem öll eru í einbýli og sjúklingahótel með 80 herbergjum.

Engar athugasemdir voru gerðar við framkvæmd forvalsins þegar niðurstöðurnar voru kynntar í gær. Forvalsnafnd skilar niðurstöðum sínum eftir viku, mánudaginn 22. febrúar 2010. Valin verða allt að fimm teymi til þátttöku í hönnunarsamkeppninni þar sem skilafrestur er í byrjun júní 2010 og úrslit eiga að liggja fyrir mánuði síðar.

-shá

**SJÖ UMSÓKNIR BÁRUST** Katrín Arnþórsdóttir, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum, opnaði umsóknirnar í viðurvist umsækjenda í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tveir stuðningsmenn Pauls Ramses fyrir dómstólum:

## Dæmdir fyrir að hlaupa fyrir flugvél

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn hafa verið dæmdir, annar í sextíu daga fangelsi og hinn í 45 daga, fyrir hús-brot og almannahættu. Dómur hins síðarnefnda er skilorðsbundinn.

Mennirnir voru ákærðir fyrir að hafa, að morgni fimmtudagsins 3. júlí 2008, farið í heimildarleysi inn á flugvallarsvæðið við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þeir klifruðu yfir girðingu og hlupu mörg hundruð metra innan svæðisins, að því er segir í ákæru.

Röskuðu mennirnir öryggi loftfara en á flugvallarsvæðinu voru flugvélar á leið í áætlunarflug. Varð að stöðva flugumferð þar til ákærðu voru handsamaðir á flugbrautinni „Charlie“.

Verið var að ræsa hreyfla farþegaþotu sem var á leið í loftið. Mennirnir hlupu fram með henni og fram fyrir hana. Þeir báru því við fyrir dómi að þennan morgun hafi verið fluttur nauðugur úr landi maður frá Keníu, Paul Ramses að nafni, frá konu og ungu barni. Hafi það verið borgaralegur réttur þeirra og skylda að reyna að koma í veg fyrir það að maður þessi væri fluttur brott því hans myndu biða ill kjör.

Annar manna hafði þrisvar verið sektaður fyrir brot gegn lögreglulögum þegar hann ruddist inn á flugvöllinn ásamt félagasiðnum.

-jss



**TÆKNIHÁSKÓLINN** Leit lögreglu að fíkniefnum í Tækniskólanum síðastliðinn fimmtudag vakti mikla athygli. Hún fór fram að beiðni skólayfirvalda. Fremur fátitt er að beiðni sé um slíka leit.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Kannabisrest í dós á klóinu

Lögregla fann leifar af kannabisefni í dós á salerni í Tækniháskólans. Rökstuddur grunur um að grunnskólanemar hafi leitað eftir fíkniefnum í skólanum.

**LÖGREGLUMÁL** Leifar af kannabisefnum fundust í dós inni á salerni Tækniskólans síðastliðinn fimmtudag, þegar lögregla leitaði í húsneðinu með þrem fíkniefnaleitarhundum, að beiðni skólayfirvalda.

Þetta staðfestir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglu á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir jafnframt að staðfestur orðrómur hafi verið um að nemendur úr grunnskólanum við hlið Tækniskólans hafi leitað inn í Tækniskólann til að komast í fíkniefni hjá einhverjum af eldri nemendum þar. Sterk vísbending sem komið hafi til kasta forvarnafulltrúa lögreglunnar hefði gefið tilefni til að þessi mál voru tekin föstum tókum í grunnskólanum. Jafnframt að það hafi þótt ástæða til að athuga Tækniskólann í ljósi þessara upplýsinga.

Fíkniefnaleitin í Tækniskólanum vakti mikla athygli. Baldur Gíslason, skólameistari, sagði við það tilefni við Fréttablaðið að verið væri að fylgja fordæmi annarra skóla í forvarnaskyni en fjöldi skóla hefði látið gera fíkniefnaleit innan sinna vébanda. Enginn sérstakur grunur hafi verið til staðar um fíkniefnaneyslu í Tækniskólanum. Ekkert hefði fundist og niðurstaðan væri ánægjuleg.

„Í niðurstöðu samantektar hjá okkur um tíðni fíkniefnaleita í framhaldsskólum eru það einn til tveir skólar á ári, frá árinu 2007, sem biðja lögreglu um slíka leit,“ segir Geir Jón. „Það er einungis farið í þá skóla þar sem skólastjórnendur óska eftir því. Í einu tilviki var gerð leit að frumkvæði nemenda.“

Spurður um hvort beiðnir af þessu tagi séu grundvallaðar á rökstuddum grun um fíkniefnaneyslu í viðkomandi skóla segir Geir Jón



**BALDUR GÍSLASON** **GEIR JÓN ÞÓRISSON**

„Í niðurstöðu samantektar hjá okkur um tíðni fíkniefnaleita í framhaldsskólum eru það einn til tveir skólar á ári, frá árinu 2007, sem biðja lögreglu um slíka leit.“

**GEIR JÓN ÞÓRISSON** YFIRLÖGREGLUÞJÓNINN HJÁ LÖGREGLUNNI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

þær oftast en ekki tilkomnar vegna orðrómis eða gruns um slíkt.

„Ef upplýsingar eru þess eðlis að skólayfirvöldum sýnist að tímaþætt sé að taka á þessu með þessum hætti, sem hefur mikið forvarnagildi, þá er það gert og þess gætt að hafa allt saman eftir settum reglum. Þess er gætt að persónulega sé ekki gengið að neinum nema í samráði við viðkomandi.“

Geir Jón segir að í sumum þeirra skóla sem leitað hafi verið í hafi fundist vísbendingar um neyslu.

„Það hafa fundist leifar af efnum, verkfæri til fíkniefnaneyslu eða að hundar hafa vakið athygli á nemendum sem sjálfir hafa verið í neyslu eða í snertingu við neyslu. En í flestum tilvikum sýnist mér að ekkert slíkt hafi komið fram.“

jss@frettabladid.is



## N1 og Tork. Sterkt lið á pappírnum.



N1 er umboðsaðili Tork á Íslandi. Við bjóðum upp á mikið úrval af pappír og hreinlætisvörum frá Tork, en þær eru þekktar fyrir gæði, þægindi og hagstætt verð. Tork vörurnar eru umhverfisvænar og státa af vottun samkvæmt ISO 9001 og ISO 14000 stöðlumum. Hafðu samband við okkur og veldu þær vörur og lausnir frá Tork sem henta þér best.

**N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9**

N1 verlanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

WWW.N1.IS  
Sími 440 1000

Meira í leiðinni



**BJÖRGUN Á LANGJÖKLI**

Mörg þúsund í jöklaferðum: Fræðsla betri vörn gegn slysum en reglur

Aukin fræðsla og opin umræða getur fækkað slysum á hálendinu en reglur hafa lítið að segja, er mat Kristinn Ólafssonar framkvæmdastjóra slysavarnafélagsins Landsbjargar. Kristinn segir nauðsynlegt að þeir sem bjóði upp á skipulagðar ferðir upp á jökla og björgunarsveitir þurfi nú að rýna í slysið upp í Langjökli í sameiningu og reyna að læra af því.



KRISTINN ÓLAFSSON

Hann segir þann möguleika vera fyrir hendi að setja neyðarsenda á alla snjósleða sem fyrirtæki í jöklaferðum eigi. Það að reka slíkt fyrirtæki feli í sér ábyrgð. Almenn þekki menn sín svæði afar vel og að hans mati sé ekki miklu ábótavant í öryggismálum snjósleðafyrirtækja, hins vegar megi alltaf gera betur.

„Þetta er gríðarlega umfangsmikil starfsemi. Á hverju ári fara mörg þúsund manns upp á jökul í skipulögðum ferðum.“

Kristinn segir það reynslu slysavarnafélagsins að fræðsla beri árangur. Til að mynda hafi mun sjaldnar verið leitað að villtum rjúpnaskyttum eftir fjölmörg námskeið félagsins í notkun átta víta fyrir skyttarnar. „Reglur skila ekki endilega betra öryggi, það gerir fræðsla hins vegar.“

- sbt

# Héldu kyrru fyrir og lifðu af

Björgun skoskra mæðgina í vonskuveðri á Langjökli í fyrrinótt var kraftaverki líkust, segir björgunarsveitarmaður sem fann þau. Rétt viðbrögð urðu þeim til lífs. Fararstjóri segir óveður hafa komið fyrir en spáð var.

„Veðrið var snarbrjálað og skyggnið svo slæmt að við sáum ekki skíðin á snjósleðunum,“ segir Guðmundur Arnar Ástvalds-son hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík sem ók fram á skosku mæðginin á Langjökli í fyrrinótt. „Við vorum fjórir saman og ókum eftir leið sem þótti líklegt að þau væru á og sáum allt í einu sleðann. Þar lágu þau í ótrúlega góðu vari sem þau höfðu gert með því að velta snjósleðanum og slíta af honum hluta til að búa til betra skjól.“ Guðmundur segir viðbrögð mæðginanna hafa verið hárrétt, illa hefði getað farið hefðu þau ekið lengra. Björgun þeirra hafi verið kraftaverki líkust.

Guðmundur segir ásigkomulag mæðginanna hafa verið ótrúlega gott miðað við aðstæður og þau hafi ekki sýnt merki alvarlegrar ofkælingar. Bíll hafi verið kallaður á staðinn og mæðginin flutt til byggða. Drengurinn fór með föður sínum og bróður á hótél en móðirin dvaldi á spítala í gær þar sem gert var að vægum kalsárum hennar og henni veitt áfallahjálp. Hún lá ofan á drengnum sínum, sem er tólf ára, og veitti honum þannig skjól og hlýju.

Mæðginin voru í sextán manna hópi ferðafólks sem, ásamt fjórum leiðsögumönnum, fór í ferð á sunnudag frá Skálpanesskála að íshelli við Jarlhettur sem eru við rætur Langjökuls að austanverðu.

Vonskuveður skall á þegar hellirinn hafði verið skoðaður og var skyggnið afar lélegt. „Við stilltum því sleðunum saman þremur og þremur hlið við hlið, og vorum alltaf að stoppa til að telja hópinn og til að halda honum saman,“ segir Nikulás Þorvarðarson hjá Snowmobile, en hann var einn fararstjóri á ferðinni. Hann segir konuna og son hennar sem var með henni á sleða hafa orðið viðskila þegar hópurrinn beygði en hún ekki, leiðsögumaður hafi lítið af henni í augnabliksstund. Það hafi nægt til að hún hvarf úr augnsýn. Þá hafi hinum úr hópnum verið komið í öruggt skjól og svo hafi

## 300 manns kallaðir út

Óskað var eftir hjálp björgunarsveita klukkan hálfsex í fyrirkvöld. Um 300 manns voru kallaðir út og voru það félagar í björgunarsveitum af Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Veður versnaði hratt í fyrirkvöld og fóru björgunarsveitarmenn hægt yfir, einkum eftir að beygt hafði verið út af Kjalvegi og stefnan tekin á Skálpanesskála við rætur Langjökuls austanmegin. Þá var gripið til þess ráðs að ganga á undan bílunum sem festu sig ítrekað á spottanum sem eru nokkrir kílómetrar. Að sögn Guðmundar Arnar Ástvalds-sonar sem fann mæðginin voru hann og félagar hans um fjóra tíma að jökulrótum frá Reykjavík. Hann var í hópi fjögurra vélsleðamanna sem fann mæðginin um klukkan hálf tvö í fyrrinótt. Þeir höfðu þá gert eina atlögu að jöklinum, snúið við og ráðið ráðum sínum og lagt svo aftur af stað í leit að mæðginunum. Þau fundust svo skammt frá ökuleið ferðalanganna, 20 til 30 metra þaðan að sögn Nikulásar Þorvarðarsonar.



Klukkutíma tók fyrir hópinn að fara frá íshelli austast í Jarlhettum, við rætur Langjökuls, að Skálpanesskála, á þeirri leið urðu mæðginin viðskila við hópinn.

hann við annan mann hafið leit að konunni. „Við fórum rétt hjá þar sem hún fannst en skyggnið var afar slæmt, einn til tveir metrar.“

Nikulás segir veðrið hafa hríðversnað og björgunarsveitir því verið lengi á staðinn. Hann segir skelfilegt að mæðginin hafi villst út úr hópnum og óttinn við hið versta hafi búið um sig. Því hafi léttirinn verið mikill þegar þau fundust.

Gagnrýnisráddir blossuðu upp vegna leiðangursins í gær og þeirrar ákvörðunar að fara

í ferðina þrátt fyrir slæma veðurspá.

Nikulás segir að miðað við veðurspár sem þeir hafi skoðað hefði ferðin átt að vera í lagi. Hann segir að fyrirtækið hafi margoft fellt niður ferðir upp á jökul, peningagræðgi stjórnir ekki ákvörðunum. „Við höfum hætt við ferðir þrátt fyrir að vera komin af stað upp eftir. Við höfum mikinn metnað til að gera þetta sem best,“ segir Nikulás sem bendir á að aldrei sé hægt að gera svona ferðir 100 prósent öruggar.

sigridur@frettabladid.is

### AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF. VERÐUR HALDINN

PRÍÐJUDAGINN 9. MARS 2010 KL. 9:00 Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

**A. DRÖG AÐ DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2009.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Skýrsla stjórnar um kjör stjórnar og æstu stjórnenda, áætlaðan kostnað vegna kaupréttarsamninga og framkvæmd starfskjarastefnu.
8. Tillaga um samþykkt nýrrar starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Meginefni þessara tillagna:
  - 10.1 4. mgr. greinar 2.01 – Fellt út ákvæði um skyldu til að skipta hlutabréfum í smærri einingar.
  - 10.2 2. mgr. greinar 4.01 – Rafræn umboð samþykkt á hluthafafundum.
  - 10.3 9. mgr. greinar 4.01 – Hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði rafrænt.
  - 10.4 4. mgr. greinar 4.02 – Leiðrétting á því hvaða ákvörðunum er hægt að fresta til framhaldsaðalfundar.
  - 10.5 1. mgr. greinar 4.03 – Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið stysta.
  - 10.6 2. mgr. greinar 4.03 – Til hluthafafunda skal boða með rafrænum hætti á jafnréttisgrundvelli. Fundarboðið skal einnig birt í íslenskum fjölmiðli.
  - 10.7 3. mgr. greinar 4.03 – Ítarlegri upplýsingar skulu birtar í fundarboði.
  - 10.8 5. mgr. greinar 4.03 – Hluthöfum heimilt að gera kröfu rafrænt um að fá mál tekið á dagskrá.
  - 10.9 1. mgr. greinar 4.07 – Endanleg dagskrá skal birt á vefsíðu félagsins.
  - 10.10 4. mgr. greinar 4.07 – Gögn sem lögð eru fram í tengslum við aðalfund skulu birt á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu félagsins þremur vikum fyrir fundinn.
  - 10.11 Grein 5.04 – Fellt út ákvæði sem er tvítekið varðandi mikilvægar ákvarðanir stjórnar.
  - 10.12 3. mgr. greinar 7.02 – Fellt út gamalt ákvæði varðandi endurskoðendur og athugasemdir stjórnar við ársreikning.
11. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundurinn hefur samþykkt að taka til meðferðar.

**B. REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU**

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru útgefnar 2. mars 2010.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM](http://WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM)

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem sækja ekki aðalfundinn geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða b) veitt umboð.

Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfundinn. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund.

Hluthafar geta einnig greitt atkvæði í höfuðstöðvum félagsins á skrifstofutíma alla virka daga fyrir aðalfundardag.

Hluthafar geta annaðhvort veitt skriflegt eða rafrænt umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins.

Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu.

Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: [WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM](http://WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM)

**C. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Aðalfundurinn fer fram á ensku.

Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund, þ.m.t. endurskoðaðir samstæðureikningar fyrir árið 2009 og ársskýrsla fyrir árið 2009,

auk draga að ályktunartillögum og athugasemdum við hvert dagskrármál er að finna á ensku á vefsíðu félagsins: [WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM](http://WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM)

Hluthafar geta einnig nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, á skrifstofutíma alla virka daga.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar 2. mars 2010. Hluthöfum er hins vegar bent á að samkvæmt grein 63 a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995 er

hægt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega skemmst 5 dögum fyrir aðalfund. Af þeim sökum verða upplýsingar um alla

framboðendur til stjórnar kunngerðar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfund.

Nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins: [WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM](http://WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM)

Reykjavík, 16. febrúar 2010,  
Stjórn Össurar hf.



Life Without Limitations®



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 4

Velta: 6,6 milljónir

OMX ÍSLAND 6  
837,7+0,21%

MESTA HÆKKUN



MAREL

+0,33%

MESTA LÆKKUN



ÖSSUR

-0,31%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Atlantic Airways 141,00 +0,00  
... Atlantic Petroleum 159,00 +0,00% ... Bakkavör 1,25 +0,00% ...  
Føroya Banki 146,00 +1,39% ... Marel 61,20 +0,33% ... Össur 163,00  
-0,31%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

## Seðlabankinn í mótsögn

Seðlabankinn á ekki að soga til sín allt lausafé heldur opna leið fyrir það inn í atvinnulífið og lækka stýrivexti. Það skapar skilyrði fyrir afnámi gjaldeyrishafta og endurreisn hagkerfisins.

Þetta er á meðal þess sem lesa má úr álit greiningarfyrirtækisins Gamma um fundargerð peningastefnufundar Seðlabankans, sem birt var í síðustu viku. Gamma segir bankann í mótsögn við sjálfa sig. Á sama tíma og hann haldi stýrivöxtum háum og dragi til sín allt lausafé leiti hann eftir beinni erlendri fjárfestingu.



MÁR SEÐLABANKASTJÓRI Greining Gamma segir peningastefnufund Seðlabankans í mótsögn við sjálfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gjaldeyrishöftin og þau skilyrði sem hér eru veki ekki áhuga erlendra fjárfesta á íslenska hagkerfinu enda hafi tilraunir í þá átt ekki skilað árangri.

„Það virðist því enn vera sem svo, eins og við höfum áður reynt að benda á, að Seðlabanki Íslands vilji halda áfram sama leiknum og undanfarin ár, að laða til sín erlent skammtíma fjármagn í formi „vaxta- munaviðskipta“. Þetta fjármagn skapar lítinn framtíðarhagvöxt og er ekki fjárfest í verkefnum sem skapa nauðsynlegan gjaldreyri í framtíðinni fyrir íslenskt þjóðarþú,“ segir Gamma.

-jab

## Zenith vottar sjálfbærnina

Framleiðsla Icelandic Water Holdings ehf. á Icelandic Glacial-lindarvatninu hefur fengið sjálfbærnivottun Zenith International, sem í tilkynningu er sagt leiðandi ráðgjafarfyrirtæki á sviði matar og drykkjar í Evrópu.

Framleiðsla vatnsins, sem tappað er á flöskur í Ölfusinu til útflutnings, er sögð kolefnisjöfnuð að fullu. Þá er uppsprettulindin sem fyrirtækið notar að Hlíðar- enda sögð endurnýjanleg að fullu, en vatnsflæði undan hrauni í Ölfusinu fer mestan part beint út í sjó. Eina uppsprettan á svæðinu er við Hlíðarenda, en fyrirtækið segist nota um 0,1 prósent af því vatni sem þar flæðir fram.

-óka

## Færeyingar fá gult spjald hjá Moody's

Alþjóðlega matsfyrirtæki Moody's lýsti því yfir í gær að Føroya Banki hefði verið settur á athugunarlista og svo gæti farið að lánshæfiseinkunnir hans yrðu lækkaðar eftir kaup bankans á tólf útibúum Sparbanken á Fjöni og Jótlandi í Danmörku og á Grænlandi í síðustu viku. Kaupverðið nam 7,5 milljónum danskra króna, jafnvirði rúmra 177 milljóna íslenskra.

Lánshæfiseinkunn Føroya Banka hljóðar nú upp á A3/P-2/C.

Moody's segir í tilkynningu sinni að útibúin tólf séu stór í samburði við umfang Føroya Banka. Það geti aukið rekstrarkostnað bankans. Kaupin eru



Í ENDURSKOÐUN Kaup Føroya Banka á útibúum í Danmörku og Grænlandi eru talin auka rekstrarkostnað bankans. Janus Pedersen bankastjóri er hér fremstur á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hins vegar ekki talin hafa áhrif á fjármögnun bankans, að mati Moody's.

-jab



FORSÆTISRÁÐHERRA FUNDAR Í BRUSSEL George Papandreu, forsætisráðherra Grikklands, fékk miður gott bú í hendurnar þegar ríkisstjórn hans tók við í október í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PA

## SKULDSETTUSTU EVRU-RÍKIN

Slæm skuldastaða Portúgala, Íra, Grikkja og Spánverja er talin geta ýmist leitt til greiðslufalls landanna eða að þeim verði sparkað úr myntbandalagi Evrópusambandsins.

Halli á fjárlögum (hlutfall af GDP 2009 - áætlun)	%	Skuldir (hlutfall af GDP)	%
Grikkland	12,7	124,9	
Írland	11,7	82,9	
Spánn	11,4	66,3	
Portúgal	9,3	84,6	
Frakkland	8,4	82,5	
Ítalía	5,1	116,7	
3,2 Þýskaland		76,7	
6,9 Meðaltal evrusvæðis		84,0	
Bretland*	12,6	80,3	

\* Áætlun árið 2010, Bretland er ekki í myntbandalaginu.

Samkvæmt Maastricht-samkomulaginu má halli á fjárlögum evruríkja ekki verða meiri en þrjú prósent af landsframleiðslu á hverju ári og skuldir hins opinbera ekki meira en sextíu prósent af landsframleiðslu.

HEIMILD: FRAMKV/EMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS/GRAPHIC NEWS

## Beðið fregna frá Brussel

Grísk stjórnvöld eru talin hafa beitt brellibrögðum til að fá inngöngu í myntbandalag ESB. Þetta leiddi til skuldaföfnunar sem sligar nú gríska ríkiskassann.

Evrópskir fjárfestar eru sagðir bíða þess í ofvæni til hvaða ráða fjármálaráðherrar evruríkjanna ákveða að grípa varðandi skuldavanda Grikklands. Fundur ráðherranna hófst síðdegis í Brussel í Belgíu í gær. Samstarfsbræður þeirra í hinum aðildarríkjum Evrópusambandsins funda með þeim í dag.

Fjölmíðlar vilja ekki rýna of stíft í kristalskúluna en telja ekki útilokað að ráðherrarnir ákveði að leggja drögin að hertum reglum aðildarríkja Evrópusambandsins svo þau keyri ekki út fyrir þær heimildir sem reglur ESB kveða á um. Þá er mjög líklegt að hver sem niðurstaðan verði í Brussel muni það hafa áhrif á önnur skuldsett ríki innan myntbandalagsins.

Að því er fram kemur í skýrslu sem unnin var á vegum gríska fjármálaráðuneytisins hefur komið í ljós að gríska ríkisstjórnin átti frumkvæðið að því að gera skiptasamninga við nokkur fjármálaafyrirtæki, þar á meðal Goldman Sachs í Bandaríkjunum, árið 2002.

Bankinn veitti ríkinu lán upp á einn milljarð dala, jafnvirði um níutíu milljarða króna á þávirði, og setti það afborganir á eldri lánunum í salt um nokkur ár. Við það jókst möguleiki Grikklands á inngöngu í myntbandalag ESB verulega. Slæm skuldastaða hins opinbera hafði einmitt komið í veg fyrir inngönguna þegar evran var tekin upp í hinum evruríkjunum árið 1999.

Skýrslan er nú til umfjöllunar í gríska þinginu.

Ljóst þykir að grísk stjórnvöld keyrðu langt út fyrir heimildir sínar en fjárlagahalli ríkisins jafngildir 12,7 prósentum af landsframleiðslu á sama tíma og skuldir hins opinbera eru í kringum 120 prósent af landsframleiðslu. Þetta jafngildir því að Grikkir þurfa að nýta 15,1 prósent af öllum skatttekjum ársins til að greiða niður lánabaggað, og því er franska fréttastofan AFP hefur upp úr skýrslu matsfyrirtækisins Moody's um málið. Þetta er tvöfalt hærra hlutfall en stjórnvöld á Spáni og í Portúgal þurfa að leggja til hliðar á sama tíma til að greiða niður skuldir hins opinbera.

-jab

## Reynslubolti hjá VÍ

„Ég veit að áherslur Richard Vietor eiga erindi við okkur í núverandi stöðu, sérstaklega þá sem móta hér stefnu efnahagsmálum. Leiðarljós okkar í dag þurfa að vera hagsýni og raunsæi en hugmyndir Vietors byggja á hvoru tveggja,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Hann segir Vietor hafa mikla gagnýta reynslu af ráðgjöf við ríkisstjórnir um uppbyggingu efnahagsáætlana, með sérstakri áherslu á samræmingu stefnu og innviða.

Richard Vietor, prófessor í alþjóðastjórnsmálum og hagfræði við Harvard Business School í Bandaríkjunum, verður aðalræðumadurinn á Viðskiptaþingi Við-



FINNUR ODDSSON Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir Richard Vietor eiga erindi við þjóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skiptaráðs á morgun. Vietor þekkir vel til í íslensku efnahagslífi og hefur búið til námsefni um það, sem kennt er ytra. Þingið er haldið undir yfirskriftinni „Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?“

-jab

## Máttu breyta myntlánunum

Þeir viðskiptavinir Arion banka og Íslandsbanka, sem hafa nýtt sér úrræði bankanna og skuldbreytt erlendum lánunum í íslensk krónur, missa ekki rétt sinn fari úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur á æðra dómstig.

Þetta kemur fram í tilkynningum sem bankarnir sendu frá sér í gær eftir að gengistrygð lán í krónum voru úrskurðuð ólög- mæt.

Í tilkynningunum kemur fram að á fjórða þúsund viðskiptavina Íslandsbanka fjármögnunar hafi nýtt sér úrræði bankans og rúmlega eitt þúsund viðskiptavinir Arion banka.

-jab

Jóhann Ólafsson & Co

ALLT AÐ 80% ORKU-SPARNADUR

OSRAM SPARPERUR

SKIPTU NÚNA!

SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

OSRAM

FUNHEITT TILBOÐ á 1 lítra Kókómjólk

Nýtt! Endurlokanlegar umbúðir

KÓKÓ mjólk

TILBOÐ!

1 lítra



# Saltkjöt og baunir - túkall!



2,-



Saltkjöt frá Norðlenska

Í dag bjóðum við þér upp á  
rammíslenska saltkjötsveislu  
á aðeins tvær krónur.  
Sprenglægilegt verð aðeins í dag.

## Verið velkomin í IKEA á öskudaginn



**Dagskrá á milli kl. 11 og 17**

Tívolí skotbakkar

Ókeypis myndataka og útprentun

Búningasamkeppni fyrir einstaklinga og hópa

Ókeypis andlitsmálun

Kötturinn sleginn úr tunnunni





Ný könnun meðal forsvarsmanna fyrirtækja:

## Furðuleg afstaða

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

**N**iðurstöður skoðanakönnunar sem Viðskiptaráð Íslands hefur gert meðal forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja virðast sýna að meirihluti þeirra vill hvorki hafa krónuna sem þjóðarmynt né ganga í Evrópusambandið.

Eitthvað er öfugsniúð við þessa afstöðu og furðulegt ef þeir sem hér stýra fyrirtækjum átta sig ekki á að í þessum efnun verður ekki bæði sleppt og haldið. Og þó, kannski er það ekki svo ótrúlegt í ljósi stöðu íslensks efnahagslífs. Þetta er hópurinn sem lagst hefur á árar við að koma okkur í þessa stöðu.

Niðurstöður könnunarinnar, sem Capacent gerði fyrir Viðskiptaráð, verða kynntar í heild á Viðskiptaþingi 2010 á morgun. Gera má ráð fyrir að þá verði einhver til að gera grein fyrir tví-bentri afstöðu sinni til gjalddeyrismála þjóðarinnar og þess hvort hagsmunum hennar sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Hringlandinn í afstöðunni til aðildar er mikill. Árið 2008 vildi þriðjungur ganga í sambandið, í fyrra voru það tveir þriðju, en minnihluti nú. Ávallt hefur þó þótt ljóst að krónan gagnist ekki sem framtíðarmynt landsins.

Vangaveltum um einhliða upptöku annarrar myntar hefur fyrir löngu og með góðum rökum verið vísað út af borðinu. Nægir þar að nefna að með einhliða upptöku fæst ekki það bakland sem fjármálakerfi landsins myndi annars fá í myntsamstarfi, trúverðuleiki fjármálakerfisins væri á sama skapi minni og kallaði þar með á áhættuálag og hærrí vexti.

Ávinningur af slíku fyrirkomulagi nægir ekki til að kasta krónunni og tæpast þörf á að fara með þá umræðu enn einn hringinn. Nóg er nú samt af hringavitleysu og gömlum draugum sem endurtekið dúkka upp í umræðunni, sama hversu oft þeir hafa áður verið kveðnir niður.

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Heims, skrifaði góða grein í Fréttablaðið 11. þessa mánaðar þar sem hann tiltók tólf sterk rök með Evrópusambandsaðild Íslands. Með því sem hann benti á er að kostnaður við það að standa utan Evrópusambandsins og Evrópska myntbandalagsins hafi verið óskaplegur.

„Ungt fólk sem vill koma sér þaki yfir höfuðið hefur þurft að borga margfalda vexti á við jafnaldrá sína í öðrum löndum. Hrun krónunnar varð til þess að stór hluti íslenskra fjölskyldna er í skuldafjötrum,“ segir Benedikt í grein sinni og bendir á að nú sé svo komið að útlendingar vilji hvorki lána fé til Íslands né fjárfesta á landinu, þrátt fyrir að hér sé allt sem þurfi til þess að byggja upp góð fyrirtæki. „Aðild að Evrópusambandinu og myntbandalaginu er yfirlýsing um að Íslendingar ætli að temja sér þann efnahagslega aga sem þarf til þess að missa ekki tók á hagstjórninni í annað sinn.“

Með Evrópusambandsaðild og upptöku evru með aðild að Myntbandalagi Evrópu eru sterk rök sem ekki hafa verið hrakin, sama hversu hátt lætur í hræðsluáróðri og yfirborðslegum þjóðernis-hyggirokum.

Önnur smáþjóð sem jafnklofin var í afstöðu sinni til Evrópusambandsaðildar og Ísland var Malta. Þar bitast tveir flokkar um völdin og fyrir aðild 2004 var annar með og hinn á móti. Núna er leitun að þeim sem andsnúnir eru aðild og báðir flokkar vilja vera í Evrópusambandinu. Það segir sína sögu.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 190.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnit blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Fabrizio Marino á La Primavera

“Sýndaregg”  
úr þrenns konar osti

“Lystaukandi fyrst, gómsætt inni og svo keimur”


Risotto með graskeri og shitate og duldarfullu samspili af súru og sætu

“Undir litríku teppi”

Skógarganga að vetri með reyktri seljurót, selleri og ímynduðum kaviar úr káli, rúsinum, steiktri salvíu og öðrum leyndardómi

“Gong”

Sindrandi bragð af berjum og sætum ávöxtum



Austurstræti 9 - www.laprimavera.is - S. 561 8555

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Píslargangan

Páskafastan hefst á miðvikudag og munu alþingismenn og ráðherrar lesa úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar í Grafarvogskirkju alla virka daga fram að páskum. Steingrímur J. Sigfússon ríður á vaðið og les upp fyrsta sálminn, Um herrans Kristí útgang í grasgarðinn, og má gera því skóna að Steingrímur geti lýst þrautagöngu frelsarans af þónokkurri innlifun eftir undangengið ár. Vel færi þó á að Steingrímur hleypti eins og einum útrás-arvíkingi að til að lesa tvær ljóðlinur: „Hlæjandi

glæpa hljóp ég stig./Hefur þú borgað fyrir mig.“

#### Synd eða mistök?

Árni Johnsen les upp þriðja Passíusálm: „Um herrans Kristí dauðastríð í grasgarðinum.“ Hugsanlegt er að örliðlar betrubætur verði gerðar á upprunalega textanum þar sem orðinu synd verði skipt út fyrir hugtakið tæknileg mistök.

#### Ráð undir rífi hverju

Í janúar skipaði Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra Mörd Árnason formann flóttamannaráðs í stað Guðrúnar

Ögmundsdóttur. Guðrún tók því ekki vel og vildi meina að sér hefði verið bolað úr embættinu. Árni Páll sagði það ekki rétt og vildi meina að Guðrún hefði sagt af sér formennsku. Það sagði Guðrún ekki vera rétt. Hvað sem var nú rétt í því máli hefur félagsmálaráðherra nú skipað Guðrúnu Ögmundsdóttur í innflytjendaráð sem fulltrúa menntamálaráðherra til næstu fjögurra ára. Vonandi endurtekur sig ekki misskilningurinn um hvort Guðrún vill eða vill ekki vera í ráðinu. Mördur getur ekki alltaf hlaupið undir bagga.

bergsteinn@frettabladid.is

## Góðir kennarar

**L**íðan okkar á leiðinni frá Lvöggum til grafar ræðst að verulegu leyti af því hverjum við erum samferða. Gjarnan er haft á orði hvað þessi eða hin hjónin séu heppin með börn sín þegar þau eru heilbrigð, vel gerð og dugleg. Sjaldnar er talað um hvað tiltekin börn séu heppin með foreldra, en það er oftast lykkillinn að farsæld þeirra.

Vini, maka, nám og starfsvettvangur veljum við sjálf, en foreldrar og afkomendur eru dálítið happdrætti. Sama má raunar segja um kennara. Þess vegna hef ég stundum sagt í mínum hópi, að mestu skipti að vera heppinn með foreldra og börn, en næst á eftir því kæmi góður kennari. Hvenær sem væri á námsferlinum, en helst fyrstu árin. Góð menntun og yfirburðaþekking gerir menn ekki endilega að góðum kennurum. Miðlun til annarra á þann veg að hún vekir skilning og lifandi áhuga á efninu er ekki öllum gefin, en þegar þetta tvennt fer saman, góð menntun og miðlun, þá er gaman.

Ég held að kennarastéttin hér á landi sé almennt vel mönnuð og margir leggja mun meira af mörkum en þeim ber skylda til ef hagsmunir eða velferð nemande er í húfi. Og til eru kennarar sem hafa svo afgerandi áhrif á nemendur sína að þeir búa að því alla ævi. Góðum vini mínum gekk til dæmis ágætlega að læra í barnaskóla á sínum tíma, en þótti námið ekki sérlega áhugavert. Það var fótboltinn í frímínúttunum sem gerði skólann skemmtilegan. Á öðru ári í menntaskóla fékk hann kennara sem breytti hugsunarhætti hans og vinnubrögðum til frambúðar. Þessum kennara þótti bersýnilega gaman í tímunum. Hann kenndi fag sitt af eldmóði og áhuga, var líka tíðrætt um ótal margt utan við efnid og nemendur voru með vakandi



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR Í DAG | Lifshlaupið og menntavegurinn

athygli alla kennslustundina. Hann virtist heima á öllum sviðum, engin spurning kom honum á óvart. Vinur minn sagðist ekki aðeins hafa fengið lifandi áhuga á þessu fagi, heldur á öllum öðrum fögum sem hann var í. Við að hlusta á þennan kennara rann upp fyrir honum hvað það hlýti að vera gaman að vita svona mikið. Þekkingarþorstin var kominn til að vera.

Á sama hátt og góðir kennarar og traustir foreldrar leggja grunn að framtíð barna og unglinga, horfir almenningur til þeirra sem eru að stjórna landinu í þeirra umboði.

#### Viskan er víða

Við lærum auðvitað víðar en í skólum. Þar fer fram hið formlega nám. Heima bíða svo aðrir kennarar. Fyrirmyndirnar. Foreldrar, eldri systkini, afar og ömmur. Hvernig tala þau saman? Bera þau virðingu hvert fyrir öðru? Hvernig tala þau um vini sína og nágranna innan heimilisins? Þarna lærum við talsmáta og tungutak. Þarna nemum við stillingu eða hömluleysi. Heiðarleika í samskiptum eða undanbrögð og útúrnsnúninga. Foreldrar kenna

meira með því sem þau eru, en því sem þau segja. Eru þau traust og sjálfum sér samkvæm eða uppstökkir orðhákar? Það er fáránlegt að veitast að hortugu barni eða unglingi sem svarar foreldrum sínum fullum hálsi, ef það er sama orðfæri og foreldrar nota sjálfir við börnin og hvort annað.

Hvenær sem er og oft óvænt verður líka á vegi okkar fólk sem kennir okkur eitthvað, oft án þess að vita af því. Segir kannski eitthvað sem opnar hól í vitundinni sem við vissum ekki af, eða varp nýju ljósi á eitthvað sem við töldum okkur vita allt um. Þetta þarf ekki að vera fólk sem við þekkjum. Það getur setið við hlöðina á okkur í flugvél í eða staðið við hlöðina á okkur á myndlistarsýningu.

Sjálf hef ég tvisvar setið í aftursæti í leigubíl erlendis meðan bílstjórnin sagði mér frá sjálfum sér á leiðinni á flugvöllinn, annað skiptið í New York og hitt í London. Annar var múhameðstrúar, og átti þrjár dætur sem allar voru vel menntaðar og giftar mönnum með sömu menntun og þær sjálfar, en hinn var fyrirverandi forstjóri, sem hafði misst vinnuna, átti eftir fáein ár í eftirlaun og ákvað að starfa sem leigubílstjóri þangað til. Þetta var í báðum tilvikum afar áhuga-verð innsýn í skoðanir og líf manna í stórborg.

#### Kennarar og nemendur

Á sama hátt og góðir kennarar og traustir foreldrar leggja grunn að framtíð barna og unglinga, horfir almenningur til þeirra sem eru að stjórna landinu í hans umboði.

Á sama hátt og ósætti, spenna og óvissa móta börnin, mótaskil samfélagið af því hvernig fyrirmyndir eru. Eru þetta góðir kennarar? Eða eru þetta nemendur?

## Um ráðherra, spilafífl og apaketti

#### UMRÆÐAN

Fríðrik J. Arngrímsson svarar félags- og tryggingamálaráðherra

**H**æstvirtur félagsmálaráðherra, Árni Páll Árnason, sendi útvegsömmunum kveðjur í viðtali í Fréttablaðinu 13. febrúar 2010. Fátítt er að ráðherra noti viðlíka fúkyrði og Árni Páll viðhefur um útvegsömmun. Hann segir útvegsömmun hafa „hegðað sér eins og spilafífl og apaketti“ út um allar köppgrundir og veðsett fyrirtæk in upp í rjáfur til að fjármagna óskýlt brask“. Þá heldur hann því fram að útgerðin haldi henni á floti með veikri krónu og kjaraskerðingu almennings!

Ráðherra félagsmála velur að sjálfsgöðu það orðfæri sem hann telur henta til að koma sjálfum sér og málstað sínum á framfæri við almenning. Það væri hinsvegar æskilegt að hann umgengist staðreyndir af meiri virðingu en fram kemur í þessu viðtali. Utvegsömmun hafa þannig ekki beðið um þetta lágt gengi íslensku krónunnar. Þvert á móti.



FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur beinlínis hvatt til þess að stjórnvöld geri ráðstafanir til að styrkja gengi krónunnar.

Víst eru dæmi um að sjávarútvegsfyrirtæki keyptu hlutabréf í fjármálastofnunum og töpuðu þeim fjármunum í hruninu mikla haustið 2008. Dæmi eru líka um að sjávarútvegsfyrirtæki fjárfesti í fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum. Það er hins vegar ómálefnalegt að kalla þetta í einu lagi „brask“. Þar að auki eru skuldir af þessum toga einungis lítill hluti af heildarskuldum sjávarútvegsins. Annað mál er, að þúsundir Íslendinga keyptu hlutabréf í fjármálastofnunum, þ.m.t. ráðherra og aðrir stjórnálmenn. Verðskuldar þetta fólk nafnbótina „spilafífl og apaketti“? Á heimasíðu Alþingis má sjá að félagsmálaráðherra Árni Páll Árnason á hlut í Byr hf. „skv. stofnfjármíða að verðmæti kr. 5.621.117,-“. Var Árni Páll e.t.v. að stunda sjálfsskoðun þegar viðtalið var tekið?

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.





**398** kr. kg  
Krónu saltkjöt ódýrt

Saltkjöt  
og baunir

# Sprengidagur!



**298** kr. kg  
Goða saltaðir síðubitar



**1598** kr. kg  
Goða saltkjöt sérvalið



**899** kr. kg  
Krónu saltkjöt bl. I. flokkur



**1438** kr. kg  
Krónu beikonsneiðar



**158** kr. kg  
Rófur



**245** kr. pk.  
Efstabæjar tilbóðs-  
kartöflur 2,5 kg



**159** kr. pk.  
Gular baunir  
500 g



# Frakkar treysta Íslendingum

## UMRÆÐAN

Fríðrik Rafnsson skrifar um orðstír Íslands

Enda þótt afmörkuð stétt manna hafi stundað þá fjárglæfrastarfsemi sem hér var látin viðgangast í nafni viðskiptafrelsis undanfarna ár, með afleiðingum sem allir þekkja, hefur sjálfmynd hins venjulega Íslendinga laskast verulega. Það er hins vegar hreinn óþarfi og gerir bara illt verra.

## Sjálfsþíning

Tónninn í fólki hefur undanfarna mánuði einkennst af undarlegri sektarkennd. Við afneituninni í upphafi hefur tekið ofurvirkt sektarkennd sem stundum minnir á sjálfsþíningu eins og þá sem stunduð er á Filippseyjum á páskum, eins og erlend vinkona mín benti á. Eða yfirgengileg fyrirgefningarþörf sem m.a. hefur birst í því að leyfa einum helsta höfuðpaurnum að eiga eitt stykki íslenskt skipafélag. Það er eins og þjóðin hafi sveiflast úr oflæti í þunglyndi, áður hafi hún verið þjóða æðislegust en sé nú sú ömurlegasta. Getur ekki verið að raunveruleikinn sé einhvers staðar þar á milli?

## Vörumst alhæfingar

Því hefur verið haldið mjög að Íslendingum að litni sé á þá sem braskara erlendis. Það kann vel að vera að svo sé í Hollandi og Bretlandi, og ef til vill Danmörku, vegna einkasvikamyllunnar í Cesa-ve sem nú virðist eiga að breyta í opinberar skuldir. Það litla sem ég þekki til þar meðal almennra borgara er hins vegar að almenn- ingur greini vel milli Íslendinga almennt og þeirra fjárglæframanna sem settu allt á annan endann hér. Rétt eins og þegar við hugsum til Ítala. Þótt mafíustarfsemi og spilling sé landlæg þar dettur engum heilvita manni í hug að stimpla alla Ítali, þetta yndislega fólk, sem mafíósa. Hér hefur verið talað um að „við“ höfum gert þetta og hitt, þegar það var þröngur hópur sem skaraði eld að eigin köku með ýmsum mislöglegum hætti eins og þær rannsóknir sem nú er unnið að eiga vonandi eftir að leiða í ljós.

## Íslendingar njóta trausts í Frakklandi

Undanfarna sjö mánuði hef ég verið með annan fótinn í Frakklandi vegna viðskipta og ýmskonar menningarsamstarfs. Í þessum ferðum hef ég hitt fjölda manns úr ýmsum starfsgreinum, bæði úr



FRÍÐRIK RAFNSSON

opinbera geiranum og viðskiptalífínu, hátt setta menn og lægra setta, víða í Frakklandi. Ég hef með öðrum orðum hitt og átt samskipti við það sem mátti kalla einhvers konar þversnið frönsku þjóðarinnar. Alls staðar hefur mér og þeim Íslendingum sem mér hafa verið í för verið tekið opnum örmum, menn hafa greitt götu okkar, opnað dyr og komið á samböndum, oft algerlega að eigin frumkvæði. Ekki hefur vottað fyrir tortryggni eða efasemdum í okkar garð sem Íslendinga. Þvert á móti hefur þjóðernið verið okkur til framdráttar og litni á okkur sem framsækna, tæknivædda menningarþjóð sem býr í undralandi sem alla dreymir um að fara til.

Einu spurningarnar varðandi efnahagshrunið hafa eðli málsins samkvæmt komið frá bankamönnum, en það hefur þá frekar verið faglegur áhugi og forvitni sem í mesta lagi hefur birst í spurningunni: „Hvers vegna var þetta látið viðgangast? Hvernig gengur ykkur að koma lögum yfir þessa menn?“

Síðan hafa þeir vikið talinu að öðru og stundum greinilega hálf skammast sín fyrir að tilheyra sömu stétt og hinir meintu íslensku fjármálasnillingar, svikamyllu- stjórnarnir.

## Vikjum sjóndeildarhringinn

Ástæða þess að við njótum þessa góða orðsþors í Frakklandi þrátt fyrir allt er meðal annars sú að íslensku fjárglæframennirnir stunduðu ekki iðju sínar þar nema að litlu leyti (Landsbankinn var með lítillsháttar starfsemi) og náðu ekki að eitra jafn mikið út frá sér eins og í Bretlandi og Hollandi. Því er mikilvægt nú þegar endurreisnarstarf er framundan að víkka sjóndeildarhringinn og horfa víðar en gert hefur verið. Frakkland og allur frönskumælandi heimurinn (Frakkland, hluti Belgíu, Sviss, Kanada, Norður-Afríka, o.s.frv.) er því sem næst óplægður akur fyrir íslensk fyrirtæki. Við eigum fjöldann allan af ágætlega menntuðu fólki sem bæði talar og skrifar frönsku og fjölmarga hollvini í þessum löndum. Tækifærin eru því óteljandi. Grípum þau.

Höfundur er verkefnisstjóri og þýðandi.

## Rannsóknir FME:

# Stórfelld Ponzi-svik sem upplýstust á síðasta ári

Grein 4 af 4

## UMRÆÐAN

Jared Bibler skrifar um Ponzi-svikamyllur



JARED BIBLER

Eins og sagt var í fyrri Ehluta þessarar greinar vísa Ponzi-svik til hvers kyns svika eða blekkinga sem byggjast á því að sífellt þarf að fá inn nýja fjárfesta til þess að geta greitt þeim sem fyrir eru. Innstreymi nýrra peninga er eina leiðin til að halda kerfinu gangandi.

Í þessari grein ætla ég að lýsa mjög umfangsmiklum Ponzi-svikum sem upp komust á síðasta ári en hafa ekki mikið verið rædd hér heima. Þetta er fall Stanford International Bank, eða Stanford alþjóðabankans. Bankinn var með höfuðstöðvar á Antígva sem ásamt Barbúda mynda tveggja eyja eyri á mörkuðum Karíbahafs og Atlantshafsins. Upphafsmenn hans voru tveir Bandaríkjamenn. Stanford banki reyndist vera átta milljarða dollara samsæri og risavaxin Ponzi-svik.

Svikin stóðu í að minnsta kosti tíu ár og mögulega í allt að tuttugu ár. Þau fólust í því að taka við innlán- um frá einstaklingum í forni inn- stæðubréfa. Þessi innlán voru bundin í ákveðinn tíma, sex mánuði, eitt ár eða lengur. Stanford-bankinn greiddi háa innlánsvexti, helmingi hærrí en aðrir bankar og allt að 15 prósent (í Bandaríkjadöllum). Tuttugu og átta þúsund fjárfesta- r í 130 löndum keyptu innstæðu- bréf af fyrirtækjum sem mark- adssettu þennan fjárfestingarkost fyrir Stanford. Þar sem Stanford gat ekki mætt þessum háu endur- greiðslum með lögmætum fjárfest- ingum greip bankinn til þess ráðs að borga gömlum fjárfestum með fé frá nýjum fjárfestum og þannig gekk það í tuttugu ár.

## Sleginn til riddara

Mögulegt er að viðskipti Stanford banka hafi verið lögmæt í upphafi en þróað í að verða Ponzi-svik þegar ekki reyndist unnt að standa við loforðin. Allar viðskiptaáætlanir sem byggja á því að fá stöðugt nýtt fé eru í raun Ponzi-svik.

Fjórir einstaklingar báru hitann og þungann af Ponzi-svikum Stan- ford alþjóðabankans en R. Allen Stanford, stofnandi bankans, var í aðalhlutverki. Rannsakandi hjá bandaríska verðbréfaeftirlitinu (SEC) orðaði það svo: „Hann kunni að eyða annarra manna peningum.“ Allen Stanford lifði í vellystingum á Antígva þar sem hann hafði sest að og byggði höfuðstöðvar bankans í samræmi við eigin lífsstíl. Þetta var fögur bygging með framhlíð höfðingjaseturs. Að aðalinnangang- inum lá ríkmannleg braut vörðuð pálmatrjám og hitabeltisblómum.

Allen Stanford var sleginn til riddara á Antígva 2006 og kaus að vera ávarpaður „Sir Allen“. Eins og ég vék að í fyrri grein notfæra þeir sem stunda Ponzi-svik sér í mörgum tilvikum stuðning við íþróttir og góðgerðamál til þess að byggja upp orðspor og trúverðugleika og Sir Allen var þar engin undantekning. Hann var helsti velgjörðarmaður Antígva og bauð 20 milljón doll- ara verðlaun í alþjóðlegri krikket keppni sem var haldin á eyjunni. (Þegar lið Antígva vann hvatti hann liðsmenn til að setja verðlaunaféð í innstæðubréf hjá Stanford alþjóða- bankanum.)

Sir Allen hafði mikið fyrir að byggja upp ímynd sína og uppskar ríkulega. Í febrúar árið 2009 lýsti dagblaðið The Houston Chronicle honum sem „leiðandi velgjörðarmanni, frumkvöldi, vinnuveitanda og opinberri persónu Antígva“. Hann lagði rækt við tengsl við volduga vini í

Bandaríkjunum og annars staðar í heiminum og var 605. auðugasti maður heims á lista Forbes Magazine árið 2008. Hann var einnig útnefndur maður ársins 2008 í mikilli lofgrein í World Magazine.

James M. Davis, sem hafði verið herbergisfélagi Allens í háskóla, var næstráðandi í Stanford alþjóða- bankanum og gegndi starfi sem yfirmaður fjármála. Þeir tveir voru þeir einu sem höfðu yfirsýn yfir raunverulegar fjárfestingar Stan- ford alþjóðabankans og höfðu því mesta þekkingu og stjórn á svikum.

## Fasteignir keyptar með leppfyrir- tækjum

Í Ponzi-svikum gegnir hver og einn sínu hlutverki í því að viðhalda yfirbragði lögmætis. Menn- ina tvo vantaði trúverðugt andlit gagnvart almenningi fyrir bank- ann. Laura Pendergest-Holt var valin í það hlutverk. James Davis hafði hitt hana þegar hún var sex- tán ára. Hann var sunnudagaskóla- kennari Lauru við kirkju sem hann hafði stofnað í Mississippi. Þegar hún útskrifaðist úr háskóla hóf hún störf fyrir gamla kennarann sinn. Hún var gerð að yfirmanni fjár- festinga Stanford alþjóðabankans hálfþrítug aldri án þess að búa yfir menntun eða reynslu á sviði fjármála. Hún og starfslið hennar voru með skrifstofu í Tennesse- e í Bandaríkjunum. Laura Pender- gest-Holt réð yfir litlum hluta af fjárfestingum bankans en hélt því fram að hún sæi um allt verðbréfa- safn hans. Hún hafði frelsi til að gefa út opinberar tilkynningar um hversu áhættulausar eignir verð- bréfasafnsins væru. Gömlu her- bergisfélagarnir fóru hins vegar í raun og veru með meirihluta eigna Stanford alþjóðabankans.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsakendum hjá SEC var ekki til skrá yfir fjárfestingarsafnið sem myndaði eignarhluta efnahagsreikningsins. Milljörðum hafði verið varið í kaup á illseljanlegum bréfum í óskráðum félögum. Um það fengu kaupendur innstæðu- bréfa í Stanford alþjóðabankanum ekki að vita. Þarna voru líka miklar fjárfestingar í fasteignum en Stan- ford hafði neitað því opinberlega að hafa fjárfest í þeim. Í sumum tilvikum voru söfn af fasteignum keypt og þau síðan seld fram og aftur milli fyrirtækja sem voru ekkert nema skelin. Þessum fyrir- tækjum var stjórnað af bankanum og notuð til að auka verðgildi fast- eignanna í bókum hans. Sir Allen tók 1,6 milljarða Bandaríkjadala út úr bankanum til eigin nota gegn skuldaviðurkenningum. Opinber- lega fullyrti hann að hafa aldrei tekið krónu til eigin nota og hafa notað hvern eyri til að endurfjár- festa í bankanum.

## Brestir koma í svikin

Fjóroli litríki einstaklingurinn í þessari raunasögu var Leroy King. Hann var kannski sá sem fyrst og

fremst gerði Ponzi-svikin möguleg. King var yfirmaður bankaefirlits á Antígva. Hann og Sir Allen voru í óvenju nánum tengslum. Allen greiddi mútur á bankareikning Kings í Sviss og það nægði til þess að beina augum eftirlitsaðilans frá bókum bankans. Sir Allen taldi svissneska bankareikninginn þó ekki nægja til að tryggja hollustu Kings. Hann fékk því eftirlitsaðila sinn til þess að sverja blóðeið sem fór þannig fram að skorið var á únlíði þeirra og þeir blönduðu blóði. Eftir eiðinn vísaði Leroy King til Sir Allen sem „stóra bróður“ og yfir hann rigndi miðum á úrslitaleiki NFL-deildarinnar í amerískum fót- bolta og ferðum með kerustunni í einkapotu Stanford-bankans.

Leroy King reyndist peninganna virði. Þegar erlendir eftirlitsað- ilar komu til eyjarinnar fullyrti hann að Stanford alþjóðabankinn væri traustasti bankinn á Antígva. Þegar SEC fór að spyrja spurninga um fjárfestingar bankans árið 2006 neitaði hann að eiga samstarf við erlenda systurstofnun sína og bar við bankaleynd. Hann framsendi einnig trúnaðarbréfið frá SEC til lögmanna Sir Allens svo þeir gætu skrifað frambærilegt svarbréf sem hann gæti undirritað og sent.

Brestir komu í Stanford-svik- in árið 2008 eins og mörg önnur Ponzi-svik eftir fall markaða víða um heim. Fjárfestar í innstæðu- bréfum Stanford vildu fá eitthvað af peningunum sínum til baka. Fréttir sem höfðu borist um Mad- off-svikin leiddu til þess að grun- sendir vöknudu hjá sumum starfs- mönnum Stanford-bankans, sem hafði verið stíað í sundur með deil- arskiptingu, til að draga úr upplýs- ingaflæði, og höfðu haft efasemdir um viðskiptamódel eigin banka.

## Bíður réttarhalda

Í febrúarmánuði árið 2009 kærði SEC Lauru Pendergest-Holt fyrir svik (fyrir að hafa logið að rann- sóknaraðilum um fjárfestingar bankans), fyrir að hindra rann- sókn og samsæri um að hindra framgang réttvísinnar og bíður hún nú dóms. James Davis víður- kennði samsæri í júní á síðasta ári, gegn loforði um vægari dóm, um að fremja fjárfsvik, póstsvik og að hindra rannsókn SEC. Með því missti fyrrverandi herbergis- félagi hans sitt síðasta hálmstrá. Davis getur átt von á allt að 30 ára fangelsisvist.

Samningur Davis leiddi til þess að Allen Stanford var handtekin fyrir „umfangsmikil svik“ í júní 2009. Hann var sviptur aðalstign sinni í Antígva seint á síðasta ári og bíður nú dóms í fangelsi í Texas. Í sama mánuði og Stanford var handtekin missti Leroy King vinnuna og bíður nú réttarhalda þar sem farið verður fram á framsal hans. Bandarískir saksóknar- ar óska eftir að hann verði fluttur til Bandaríkjanna svo hann geti komið fyrir rétt þar sem þáttak- andi í hinum umfangsmiklu Ponzi- svikum Allens Stanford.

Höfundur er rannsakandi á verð- bréfasviði Fjármálaeftirlitsins. Fyrirvari: Hluti af efni þessarar greinar er byggður á upplýsingum frá bandaríska verðbréfaeftirlit- inu eða bandarískum saksóknur- um og hefur ekki verið staðfestur fyrir dómstóli.

[www.heilahristingur.is](http://www.heilahristingur.is)



**HEILAHRISTINGUR**  
heimanámsaðstoð á bókasafninu :-)

**Ertu 18 ára eða eldri?**  
Viltu leggja þitt af mörkum, auka við reynslu þína og kynnast um leið skemmtilegum krökkum?

**Sjálfbóðaliðar óskast**  
við heimanámsaðstoð í Breiðholti

Skráning og nánari upplýsingar á [www.heilahristingur.is](http://www.heilahristingur.is)




Auglýsingasími

# 512 54 01



Allt sem þú þarft...





**TILVALIÐ ER AÐ HAFNA** þrjónapoka eða körfu undir þrjónadótið, svo auðveldara sé að halda öllu til hags. Merkihringir og annað smádót á það til að fara á flakk og því sniðugt að geyma allt á sama stað. Taupokar, stórar töskur eða bastkörfur henta vel undir þrjónadót.

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



## Rafknúinir hæginda-stólar

- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

## HEYRN

Ertu að fara á mis við hljóð sem skipta miklu máli?

- \* Tal fólks í margmenni
- \* Hjal smábarns
- \* Marr í snjónum



GRÍPTU TIL ÞINNA RÁÐA

Láttu sérmenntaðan heyrnarfræðing mæla heyrnina og fáðu faglega ráðgjöf.

**ReSound**  
rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur [www.heyrn.is](http://www.heyrn.is)

**Tímamantanir 534 9600**



„Mér líður bara svo miklu betur í alla staði,“ segir Jónína, sem ákvað að breyta um lífsstíl vegna síþreytu og þráláttra veikinda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Drekkur netlute og fer reglulega í kraftgöngu

Jónína Björg Yngvadóttir ákvað að breyta um lífsstíl fyrir nokkrum árum. Þá var bágborið heilsufar farið að setja mark sitt á líf hennar og hún sá ekki annað í stöðinni en að auka hreyfingu og bæta mataræðið.

„Mín lífsregla er sú að huga vel að heilsunni og kunna mér hóf í öllu sem ég tek mér fyrir hendur,“ segir Jónína Björg Yngvadóttir, starfsmaður hjá Heilsuhúsinu í Kringlunni, sem ákvað að breyta um lífsstíl fyrir fjórum árum eftir að hafa glímt við heilsubrest á borð við síþreytu og þrálát veikindi ásamt því að vera komin yfir kjörþyngd.

Jónína segist hafa lifað nokkuð heilbrigðu lífi en þrátt fyrir það hafi heilsunni tekið að hraka og því hafi hún ekki séð sér annað fært en að gera allsherjar breytingu á sínu lífi. „Ég endurskoðaði mitt lífsmynstur, hreyfingu og mataræði,“ útskýrir hún. „Ég fór til dæmis að neyta fitusýra í auknum mæli og drekk vatn og jurtate,

sérstaklega netlute sem er uppfyllt af steinefnum og gott gegn bjúg.“ Hún bætir við að daglegir göngutúrar séu orðnir ómissandi hluti af tilverunni. „Lífkamsræktarstöðvar henta mér ekki þessa stundina. Í staðinn fer ég reglulega í kraftgöngu með yngsta fjölskyldumeðliminn sem er enn í vagni en það munar alveg um að yta þessum kílóum á undan sér. Ég tala nú ekki um ef farið er upp og niður brekkur.“

Eftir að lífsstíllinn var tekinn til gagnarrar endurskoðunar lét árangurinn ekki á sér standa að sögn Jónínu. „Munurinn er hreint út sagt alveg ótrúlegur; mér líður bara svo miklu betur í alla staði. Það sem meira er er að þegar maður fer að lifa heilbrigðara lífi tekur maður líka smám saman betur eftir skila-

boðum sem líkaminn sendir. Ég er til dæmis farin að forðast þann mat sem ég veit að gerir mér ekki gott og mér líður ekki vel af að borða.“

Jónína tekur þó fram að kapp sé best með forsjá. „Allsherjar lífsstílsbreytingu er gott að gera skref fyrir skref þar sem of skörp breyting getur orðið til þess að menn gefast upp. Að sama skapi er ekkert að því að leyfa sér endrum og eins hluti sem maður veit að gera manni ekki endilega gott svo framfarlega sem maður lifir heilbrigðu lífi á heildina lítið.“

Loks er mikilvægt að setja sjálfan sig í fyrsta sæti ætli maður að geta gert það við fólkið í kringum sig og muna að brosa í spegilinn sem er erfiðara en að segja það.“

roald@frettabladid.is

**FLOTT Í VETUR...**  
með Slendertone

**TAX FREE**  
afnemum VSK á okkar kostnað

Sama verð um land allt. Frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

dömu/herra beltí  
Flex kr. 22.900,-  
Nú kr. 18.393,-  
Flex Max kr. 27.900,-  
Nú kr. 22.409,-  
System kr. 33.900,-  
Nú kr. 27.228,-

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
www.hreysti.is

# VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“



**Nicotinell Mint 2 mg, 300 stk. 19% ódýrara**

en 204 stk. pakkning með myntubragði miðað við hvert tyggjó.

**8.127 kr.**



**Otrivin tveir í einum - fjölskyldupakki 8% ódýrari 1.234 kr.**

# Lægra verð í Lyfju

www.lyfja.is

LYFJASÍÐA 10/11 2014



# GARN OG HANDVERK

## KYNNING



Jurtalitað ullarband, handspunnið band og kanínufiða. Vandað handverk

Ullarselið Hvanneyri ull.is

**Zauberball** frá Schoppel Wolle  
Aðdáendur sokkprjóns munu falla fyrir Zauberball. En þetta garn er líka vinsælt í sjöl eða hvaðeina sem á að vera litríkt og fingert. Garnið er með löngum litaköflum og kemur í mismunandi litasamsetningum. Hver hnykill er 100 g og 420m sem duga í sokkpar á fullorðna eða lítið sjál.



Innihaldið er 75% lungamjúk ull og 25% polyamid til styrkingar. Garnið má þvo í vél við 40°C og er fyrir prjóna 2-3 í sokkprjón en 3,5 til 4,5 í sjöl og trefla.

**Storkinum,**  
Laugavegi 59, 2.h.  
www.storkurinn.is.



**KnitPro** viðarpjónar Skiptanlegir oddar

**Tilsim** garn – 6 litir Skrautgarn með glitþræði

Prjónar nr.6 – prjónafesta 10lykkjur

**Destina** garn – 7 litir Mohair blanda með glitþræði

Prjónar nr.4,5-5,5 – prjónafesta 27lykkjur

**Salsa** blúndugarn – 6 litir. Prjónar nr.4,5

**Tinna heildverslun**  
www.tinna.is

### 100% íslensk framleiðsla

Blandan af togi og þeli gerir íslensku ullina algjörlega einstaka. Hún er létt og hlý og hrindir frá sér vatni og óhreindum. Í sam-anburði við erlenda ull er meiri „karakter“ í íslensku ullinni og hún er allt að 20% léttari. Alls eru framleiddir um 170 litir í Létt-Lopa, Álafoss-Lopa, plötu-ropa, Bulkylopa og Einbandi.



www.istex.is



**Garn frá GGH.**  
Tibet – Veneto – Amelie. Skemmtilegt skrautgarn. Prjónastærðir 3 – 12.

**Mólý,**  
Hamraborg 5,  
Kópavogi.  
S : 554 4340



„Mörgum finnst gott að sjá hvernig á að gera hlutina í stað þess að þurfa að prófa sig áfram sjálfir,“ segir Guðrún Hannele.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Rétt handtök við fráganginn

**Helstu grundvallaratriði í sambandi við frágang á prjónaflikum verða kennd á þriggja tíma örnámskeiði í Storkinum á Laugavegi 59 í kvöld. Kennarar eru Guðrún Hannele Henttinen og Helga Melsteð.**

„Það er ekki nóg að flík sé fallega prjónuð, góður frágangur hefur líka mikið að segja fyrir útlit hennar,“ segir Guðrún Hannele, eigandi Storksins og annar tveggja kennara á námskeiði í frágangi prjóns sem haldið verður þar í kvöld frá klukkan 18 til 21. Þar verður kennt að sauma saman prjón og ganga frá endum, lykkja saman undir höndum og líka að opna peysur og ganga frá rennilásnum eða tölum.

Guðrún segir svona námskeið haldin í Storkinum af og til en þau séu ekki tímasett með löngum fyrirvara. „Konur skrá sig hjá okkur og þegar komin eru að minnsta kosti sex nöfn á blað þá skellum við inn námskeiði þar sem gat er í stundaskránni, en hún er ansi þétt um þessar mundir.“

Nemendur taka gjarnan ófrágengna flík með sér á námskeið-

id en það er ekki skilyrði að sögn Guðrúnar. Mismunandi uppfítjanir og affellingar verða kenndar ef tími vinnist til en Guðrún segir þær greinar þó ekki meðal aðalatriða. „Oft koma fram ákveðnar óskir á þessum námskeiðum og við reynum að uppfylla þær,“ segir hún.

Verðið á námskeiðinu er 3.500 krónur, þar er allt efni innifalið.

gun@frettabladid.is

## Prjónahettur að gamalli fyrirmynd

**Ebenezer Bárðarson býr til fallegar prjónahettur sem settar eru á prjóna til að halda þeim saman. Hann segir prjónahettur vera gamla hugmynd sem hann hafi breytt og endurbætt.**

„Þetta er ekki ný hugmynd, ég var ekki að finna upp hjólið. Konan mín vinnur á Hrafnistu og kom einn daginn heim með litla málmhettu líkt og konur notuðu á prjónana í gamla daga og þegar hún dinglaði þessu framan í mig þá sá ég strax hvað ég ætlaði að búa til næst. Fáir virðast muna eftir þessum málmhettum í dag, en ég man mjög vel eftir þeim því systur mínar notuðu svona málmhettur á sína prjóna í gamla daga,“ útskýrir Ebenezer. Prjónahettur passa fyrir fimm prjóna en einnig er hægt að nota þær við prjónaskapinn sjálfan til að koma í veg fyrir að lykkjur falli af prjónunum.

Prjónahettur smíðar Ebenezer úr viði og skreytir með perlum sem hann þræðir í gegnum þær. Hann segir konu sína setja hettur á annan



Ebenezer Bárðarson býr til fallegar prjónahettur sem halda prjónum saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

endann á prjóninum þegar hún prjónar mjög gróft og þannig heldur hún lykkjunum á prjónunum.

Prjónahettur hafa hlotið góðar viðtökur hjá prjónaáhugamönnum, en hægt er að nálgast þær hjá Ebenezer sjálfum í síma 897 0453.

- sm

## KYNNING



Garnið í ponjoiu heitir **Polaris**, 100% ull, prjónað á prjóna 20. Þú færð 20% afslátt ef þú kaupir í ponjo og dúllu + prjóna, uppskrift fylgir. Ýmis tilboð í garndeild Föndru út febrúar.

**Föndra**  
www.fondra.is

Þetta garn heitir **Topi**. Skemmtilegt garn sem gaman er að prjóna úr. Prjónastærð 5-5 1/2. Ýmis tilboð í garndeild Föndru út febrúar.

**Föndra**  
www.fondra.is







Ástrós Ásmundsdóttir hefur teiknað hjartamynstur og prjónað í vettlinginn sinn. FRETTABLAÐIÐ/ANTON



„Hér er hyrna sem er gerð með sömu prjónaaðferð og þið notuðuð í gatamynsturprufunum,“ segir Erla Elín kennari.



Það er vandasamt að setja niður mynstur eins og Linda Jasonardóttir er meðvituð um.

# Vettlingur fyrsta flíkin

Nokkrir nemendur Kvinnaskólans í Reykjavík eru niðursokknir í prjónaskap þegar blaðamaður og ljósmyndari banka á dyr. Rósavettlingar eru fyrstu meistarastykkinn og mynstrin hafa þeir teiknað sjálfir.

„Þær eru búnar að gera nokkrar prufur en þetta er fyrsta flíkin,“ segir Erla Elín Hansdóttir, kennari í Kvinnó, og horfir stolt yfir stúlknaðarprjónina í hannyrðastofunni sem er með metnaðarfull verkefni á prjónunum. „Eftir vettlingana fara þær út í frjálsan útsaum og þá læra

þær meðal annars blómasaum og að búa til snyrtibuddu. Svo fara þær út í harðangur og klaustur,“ lýsir hún. „Ég sé ekki um kennslu á stórum stykkjum en leiðbeini nemendum með þau ef þeir vilja.“ Hannyrðir eru valfag hjá um fimmtíu nemendum Kvinnaskólans

á yfirstandandi önn. Þeir sem sitja við prjónana þennan daginn eru á sínu síðasta ári í skólanum en eru flestir byrjendur í mynsturprjóni. Þeir eru almennt áhugasamir og telja miklar líkur á að hannyrðanámíð nýttist þeim í framtíðinni. gun@frettabladid.is



Gaman hjá Hrefnu Guðmundsdóttur, Ásdísi S. Ásgeirsdóttur og Sigrúnu Viðarsdóttur.



Guðrún Ósk Sæmundsdóttir notar bæði tölvu og rúðustrikað blað við hönnunina.



Upplýsingar um viðburði, uppskriftir og fróðleik sem tengist prjóni eru á meðal þess sem finna má á vefsíðunni prjona.is sem nýtur nú mikilla vinsælda.

[www.prjona.net](http://www.prjona.net)

## KYNNING

### HANDLITAÐ GÆÐA ULLARGARN FRÁ ARGENTÍNU - MJÚKT OG STINGUR EKKI

hentar einnig við allar léttlopa uppskriftir  
85% Merino ull / 15% polyamide  
Þyngd: 100 gr - 160 metrar / 3.5 oz - 175 yards  
Prjónar: 4.5 - 5 mm / 7 - 8 US

### Heildsöludreifing - Garnbúðin ehf.

Útsöluastaðir: Garnbúðin.is Akranesi, Gallery Garn Mosfellsbæ, Handavinnuhúsið Borgarnesi, Quiltbúðin Akureyri



**Manos Del Uruguay.** Blanda af 30% silki og 70% merio ull. Handlitað í stórum tunnum.  
Þyngd: 100 gr – 270 metrar / Prjónastærðir 3.5 – 4.5

### Heildsöludreifing - Garnbúðin ehf.

Útsöluastaðir: Garnbúðin.is Akranesi, Gallery Garn Mosfellsbæ, Handavinnuhúsið Borgarnesi, Quiltbúðin Akureyri



## KYNNING

**Nammi** er rammíslenskt handlitað ullarband sem Ragnheiður Eiríksdóttir þróaði fyrir Knitting Iceland. Lítirnir eru lifandi og ómótstæðilegir... eins og nammi. Prjónastærðin fer eftir hverju verkefni og getur verið frá 2 - 7mm. Nammi á sér aðdáendahóp á facebook, kíkjið í heimsókn! Nammi fæst í garnverslunum víða um land.

Endursöluaðilar hafi samband vegna pantana á [ragga@knittingiceland.com](mailto:ragga@knittingiceland.com).

**Knitting Iceland**  
[knittingiceland.com](http://knittingiceland.com)



### Dale Baby ull

Baby ull prjónagarn  
50gr í dokku

Prjónastærð 2,5 – 3

100% merino ull

Vélpvottur á 40°

Sérlega mjúkt og fínt ullargarn sem hentar vel í barnaföt.

**A4**

Smáratorgi 1  
[A4.is](http://A4.is)



### Dale Lerke

Lerke prjónagarn.

50gr í dokku

Prjónastærð 3-4

52% merino ull og 48% egypsk bómull

Vélpvottur á 30°

Fallegt garn fyrir flíkur í öllum stærðum

**A4**

Smáratorgi 1  
[A4.is](http://A4.is)

### Sírdar Bonus Aran

Bonus Aran prjónagarn

400gr í dokku

Prjónastærð 5

80% akrýl og 20% ull

Vélpvottur á 40°

Gott garn á hagstæðu verði



**A4**

Smáratorgi 1  
[A4.is](http://A4.is)

### Marks og Kattens Fame Trend

Fame Trend

100gr í dokku

Prjónastærð 3

75% ull, 25% Polyamid

Einstaklega fallegt garn.

Hver dokka er í nokkrum lita tönnum.

VÆNTANLEGT

**A4**

Smáratorgi 1  
[A4.is](http://A4.is)







## Jafnvægi fyrir líkama og sál heilsu meðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi

Ár Tígursins

**Gleðilegt nýtt ár**

**HEILSU DREKINN**

Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · [www.heilsudrekin.is](http://www.heilsudrekin.is)

**Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?**

Miðvikudagur 17. febrúar  
kl. 20.00–22.00  
Maður lífandi Borgartúni 24

Leiðbeinandi: Ebba Guðny  
Guðmundsdóttir kennari  
Verð: 3.500 kr.

Upplýsingar og skráning:  
síma 694-6386 og á netfanginu  
ebbagnudny@internet.is

„Lengi byr að fyrstu gerð“

**maður lífandi**  
Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 [www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)

## Aðalfundur

Aðalfundur Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands verður haldinn miðvikudaginn 24. febrúar kl. 20 í Hamraborg 11, 2. hæð.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

Fundarseta er öllum heimil.  
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild  
[www.redcross.is/kopavogur](http://www.redcross.is/kopavogur)

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Samræmir mat á stami

Niðurstöður dr. Jóhönnu Einarsdóttur á stami gefa til kynna að mat á stami ungra barna sé almennt ekki bundið tungumálinu en hins vegar sé mikill munur á því hvað talmeinafræðingar skynja sem óeðlilegt tal.

Dr. Jóhanna Einarsdóttir, lektor í talmeinum, máltöku barna og aðferðafræði, heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Hvað köllum við stam hjá leikskólabörnum í stofu 423 í Árnagarði á morgun. Þar segir hún frá niðurstöðum rannsókna sinna á stami sem hún setti fram í doktorsritgerð sem hún varði við læknadeild Háskóla Íslands fyrir ári.

„Það er oft talað um að fjöldi barna á leikskólaaldri stami en sú er þó ekki raunin. Þau eiga það hins vegar mörg til að hökta og endurtaka sama orðið en í langflestum tilfellum vex það af þeim,“ segir Jóhanna. Hún segir að þegar verið sé að leggja mat á stam byggist það á skynjun en það hefur komið í ljós bæði í hennar og erlendum rannsóknum að það er mjög misjafnt hvað það er sem fólk skynjar sem óeðlilegt tal. „Það er þekkt vandamál í talmeinafræðikennslu og kemur niður á áreiðanleikanum.“

Í doktorsverkefni sínu notaði Jóhanna tímabrepsmælingar til að bera saman mat tíu íslenskra og tíu bandarískra talmeinafræðinga á stami níu íslenskra barna sem sýndu mismunandi einkenni og alvarleika stams. Talmeinafræðingar mátu hvert fimm sekúndna myndbandsbrot í tvígang annaðhvort sem stamað eða sem ekki stamað.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að mat á stami ungra barna sé almennt ekki bundið tungumálinu og gátu erlendu talmeinafræðingarnir metið stamið þó að þeir skildu ekki hvað börnin voru að segja. Hins vegar var mikill munur á því hvað talmeinafræðingarnir skynjuðu sem óeðlilegt tal óháð því hvort þeir voru íslenskir eða bandarískir og því ljóst að mikil þörf er á stöðluðu kerfi.

Jóhanna hefur í kjölfarið þróað þjálfunar- og matskerfið SMAAT sem á að tryggja aukið samræmi. Um er að ræða tölvuforrit sem byggir á niðurstöðum rannsókna en einnig á bandarísku kerfi sem er notað fyrir fullorðna en hingað til hefur ekki verið til sams konar kerfi fyrir börn. Jóhanna notar það í meðferðarvinnu en það gæti einnig nýst til að þjálf foreldra, leikskólakennara og talmeinafræðinga í að greina stam.

Jóhanna hefur kynnt niðurstöður rannsókna sinna erlendis og



Jóhanna hefur þróað þjálfunar- og matskerfið SMAAT sem á að tryggja aukið samræmi í mati á stami. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefur sú staðreynd að mat á stami sé ekki bundið tungumálinu víða vakið athygli. Í fyrirlesturinum, sem hefst klukkan 16.15 á morgun, sýnir hún dæmi um tímabrep sem talmeinafræðingarnir voru sammála um að meta sem stömuð og ekki stömuð og eins dæmi þar sem þeir voru ósammála.

Jóhanna segir um fjögur pró-

sent íslenskra leikskólubarna stama en einungis eitt prósent fullorðinna sem þýðir að í langflestum tilfellum vaxi það af fólki. Hún segir flest benda til þess að stam eigi sér líffræðilegar skýringar og tengist taugaboðum en að það komi fram við ákveðnar aðstæður í umhverfinu.

[vera@rettabladid.is](mailto:vera@rettabladid.is)

## GRILLADUR KJÚKLINGUR

...þú finnur muninn :-)

Faxafan 9  
Smáralind  
Sími 553-1033

### Flottir skór á fínu verði

Teg: K 35100  
Litir: rautt og svart  
Stærðir: 36–41  
Verð: 9.685.-

Teg: 2907  
Litir: rautt og svart  
Stærðir: 36–41  
Verð: 14.685.-

**Misty skor**  
Langavogi 178  
sími: 5512070  
Opíð: mán.–fös. 10–18  
lau. 10–14  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf  
[www.mistyskor.is](http://www.mistyskor.is)  
Erum einnig á Facebook



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**  
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:  
alla virka daga **8-17**

## BÍLAR & FARATÆKI



MMC Pajero GLS 2002, Verð 2.190 þ kr. Raðnúmer 200681 Bilamarkaðurinn Smiðjuvegur 46E-200 Kópavogur s. 567-1800 www.bbv.is

**Bilamarkaðurinn**  
Smiðjuveg 46E, Kópavogi  
Sími: 567 1800



M.BENZ G g400cdi. Árgærd 2003, ekinn 165 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.750.000. Rnr.102101.TILBOÐ 5.800.000.- upplýsingar í síma 588 5300 eða Netbilar.is



FORD Escape xlt choice 4wd. Árgærd 2007, ekinn 70 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.100.000.- Rnr.102100. Tilboðverð aðeins 2.490.000.- Upplýsingar í síma 588 5300 eða Netbilar.is



MMC Pajero 38"breyttur. Árgærd 1998, ekinn 225 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1490.000.- Rnr.100398.TILBOÐSVERÐ 990.000.- STG. Upplýsingar í síma 588 5300 eða Netbilar.is



BMW 8 850i. Árgærd 1992, ekinn 75 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.101957.12 cyl all-vöru sportbíl. TILBOÐVERÐ AÐEINS 850.000.- Allar nánari upplýsingar í síma 588 5300 eða Netbilar.is



MINI Cooper. Árgærd 2005, ekinn 89 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.550.000. Rnr.102050.TILBOÐSVERÐ aðeins 1.950.000.- Allar nánari upplýsingar í síma 5885300 eða Netbilar.is



INFINITI Fx45 4wd 45. Árgærd 2003, ekinn 98 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990. Rnr.108728. TILBOÐVERÐ 2.750 STG. Allar nánari upplýsingar í síma 588-5300 eða Netbilar.is



Ford Expedition - Eddi Bauer, árg 09/2004, ek:85þ.km, 7 manna, leður, 35" breyttur, ofl. Verð: 2.670.000.- Skoða skipti á ódyrari. Upplýsingar í síma 588-5300 eða á www.netbilar.is



Ford F150, árg 09/2005, ek:100þ.km, leður, tölvukubbur, toppluga, camper-tengi ofl. Verð:2.580.000.- Skoða skipti á ódyrari. Upplýsingar í síma 588-5300 eða á www.netbilar.is



NISSAN Pathfinder 35". Árgærd 2003, ekinn 60 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.102102. TILBOÐSVERÐ 1850.000.- Netbilar.is s: 588 5300

**Netbilar.is**  
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sími: 588 5300  
http://www.netbilar.is



CHEVROLET SILVERADO Z71 1500. Árg 2005, EINS OG NYR, stendur inni í sal, sjón er sögu ríkarí. 20" dekk og fleira. Sjálfskiptur. Verðtilboð. 2.450 þús staðgreitt... Rnr.127772 Óskum eftir hjólhúsum á söluskrá.

**Höfðabílar**  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
www.hofdabilar.is



Toyota Hilux Double-cab, dísel 2,5 - árgærd 2005, ekinn 101 þús.km., plasthús, ný '32 nagladekk, einn eigandi, verð kr. 2.380.000.- 821-6292



Musso Sport Double Cab dísel, beinskíptur, árg. 2005, ekinn 52 þús.km., ný '32 dekk, Vebasto olíumíðstöð með fjarstýringu, dráttarkúla, lok á palli, klædd skuffa, sk.'11, 100% lánað, verð kr. 1.580.000.- 821-6292



Ford Transit Minibus dísel, 15 manna árg.2002, ekinn 210þús.km., sk.'11, bíll í topplagi, verð kr. 1.950.000.- 821-6292



Ford Transit árgærd 2004, vinnuflokka-bíll, 6 manna, álpallur, dísel, ný vetrardekk, ekinn 140 þús. (vél 82 þús.), sk.'11, 100% lánað, verð kr. 1.380.000.- 821-6292

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

## Bílar til sölu



Tilboð á bíla- aukahlutum sportstýri, ál-pedalar, mottur og fleira. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is



Opel Vectra árg. '99 ek. 150þ. Fallegur og góður bíll. Verð 280þ. Uppl. í s. 849 9666.



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD, ÁRGÆRD 1996, EKINN AÐEINS 158 þ. KM., 2,0 L., SJÁLFSKIPTUR, SMURBÓK FRÁ UPPHAFI, DRÁTTARKRÖKUR, NY DEKK, FJARSTYRÐAR SAMLÆSINGAR. NYTT Í BREMSUM. ÁSETT VERÐ 490 ÞÚSUND S. 895 8956.

## 0-250 þús.

Benz 260E W124 '86 gullmoli ek.297þ. ssk sk.10. verð 250þ 8472003

## 250-499 þús.



VW Golf '98 Ekinn 126 þús. beinskíptur 3 dyra. Ný smurður og skipt um tíma-reim í 110þús. km. Mjög gott eintak. Verð 330þús. S. 864 8766.



!!! Flottur bíll, gott verð !!!  
VW Bora 2.0 árg. '99, ekinn 165þús., ný skoðaður fyrir 2011, góð vetrardekk, beinskíptur, svartur, álfelgur, filmur, virkilega flottur bíll, verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 490þús. uppl. í s: 659-9696.

## Bílar óskast



Óska eftir VW Polo árg. '95 til '00, þarf ekki að lyta svona vel út, má þarfnast viðgerðar

s: 892 7852.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1815.

## Toyota, Micra eða Lancer óskast

Árg. 1994-2001 fyrir 50-200 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 694-2545

!!! 0-200þús staðgreitt !!!  
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagt. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir bíl til leigu  
Borga 1 mán fyrirfram - 50 til 100 þús kall á mán. Sími 692 5564

Vantar bíl 200 staðgr.  
Vantar bíl, má þarfnast lagfæringar. Jeppa/Fólskíptur/Jeppling/Pick-up. Á verðbilinu 20-200þús. Uppl. í S 857 9326.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar á ca. 20-120 þús. stgr. Sími 820 3286.

## Jeppar



Til Sölu Nissan Patrol '44  
Nissan Patrol '01 ekinn 123þús. Nytt hedd 3,0l beinskíptur. '44 breyttur læstur fr/af. Loftdæla,loftkútur,beedlook, tengi fyrir öll raftæki og margt fleira. Upplýsingar í síma 869-5681.

EBERSPACHER, vatns- og hitablasarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar



TIL LEIGU STÓR SENDIBÍLL  
Tilvalinn til langflutninga. Sanngjörn leiga Trygging. S. 845 0454.



Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlíð. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forbjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól



Óska eftir gömlu mótorhjól árg 1970-85, skoða allt. uppl. síma 840-2170

## Fjór hjól



Eigum til Linhai 300 sem við bjóðum á Sama gamla verðinu, aðeins 799,000,- ! Götuskráð og traust fjór hjóladríf hjól Sem hafa sannað sig. VDO Verkstæðið Borgartún 36, S: 588 9747 www.vdo.is



# bílaland S: 525 8000

MIKIB ÚRVAL FÓLSKÍLA, JEPPIA OG ATVINNUBÍLA



**BMW 320I**  
Nýskr: 09/2007, 2000cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn 14.000 þ.  
Verð: 3.280.000  
PS-J99

**FORD FOCUS C-MAX**  
Nýskr: 05/2007, 2000cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 69.000 þ.  
Verð: 2.590.000  
Tilboðsverð: 2.190.000.-  
TZ-688

**HYUNDAI GETZ**  
Nýskr: 08/2008, 1400cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 15.000 þ.  
Verð: 1.770.000  
HD-X45

**HYUNDAI SONATA GLS**  
Nýskr: 04/2008, 2000cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 61.000 þ.  
Verð: 2.350.000  
FJ-S87

**HYUNDAI TRAJET**  
Nýskr: 09/2005, 2000cc  
5 dyra, 7 sæta, Beinskíptur, Grár, Ekinn 32.000 þ.  
Verð: 1.680.000  
DX-250

**LAND ROVER FREELANDER**  
Nýskr: 08/2003, 1800cc  
5 dyra, Beinskíptur, Ljósgrár, Ekinn 76.000 þ.  
Verð: 1.380.000  
Tilboðsverð: 980.000  
SU-523

**NISSAN MICRA VISIA**  
Nýskr: 06/2008, 1200cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkrauður, Ekinn 66.000 þ.  
Verð: 1.930.000  
Tilboðsverð: 1.650.000  
TA-U96

**NISSAN NAVARA SE**  
Nýskr: 02/2007, 2500cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 55.000 þ.  
Verð: 4.080.000  
PE-952



**NISSAN QASHQAI XE**  
Nýskr: 04/2007, 2000cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 83.000 þ.  
Verð: 2.640.000  
PG-704

**OPEL ASTRA ENJOY**  
Nýskr: 01/2008, 1800cc  
5 dyra, Beinskíptur, Dökkgrár, Ekinn 34.000 þ.  
Verð: 2.390.000  
HL-H78

**CITROEN C5**  
Nýskr: 02/2005, 2000cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 100.000 þ.  
Verð: 1.840.000  
Tilboðsverð: 1.280.000  
DN-988



**HONDA CR-V**  
Nýskr: 09/2004, 2000cc  
5 dyra, Beinskíptur, Ljósgrár, Ekinn 90.000 þ.  
Verð: 1.990.000  
Tilboðsverð: 1.590.000  
PL-837

**HYUNDAI I30**  
Nýskr: 01/2008, 1600cc  
5 dyra, Beinskíptur, Ljósgrár, Ekinn 18.000 þ.  
Verð: 1.990.000  
NR-L62

**HYUNDAI SANTA FE II**  
Nýskr: 07/2007, 2700cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 67.000 þ.  
Verð: 3.390.000  
PL-116

**HYUNDAI TUCSON V6**  
Nýskr: 06/2006, 2700cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 34.000 þ.  
Verð: 2.480.000  
BL-477

**LAND ROVER DISCOVERY 3 SE**  
Nýskr: 01/2008, 2700cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 40.000 þ.  
Verð: 7.780.000  
FF-L67

**MAZDA 5**  
Nýskr: 03/2006, 2000cc  
5 dyra, Beinskíptur, Rauður, Ekinn 22.000 þ.  
Verð: 2.490.000  
OB-047

**NISSAN MURANO**  
Nýskr: 06/2005, 3500cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 73.000 þ.  
Verð: 4.180.000  
Tilboðsverð: 3.680.000  
TE-064

**SKODA OCTAVIA**  
Nýskr: 06/2004, 2000cc  
5 dyra, Beinskíptur, Ljósgrár, Ekinn 110.000 þ.  
Verð: 1.250.000  
DZ-618

**TOYOTA RAV4**  
Nýskr: 09/2001, 2000cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn 112.000 þ.  
Verð: 1.460.000  
UU-260

Lítu við að Sævarhöfða 2 eða Fossháls 1 - Allar tegundir bíla - bilaland.is



**Bátar**

5 sleðar til sölu meðal annars Yamaha VX110 Delux árg. '05. Einnig RXP 215 hp '05. Uppl. í s. 892 5309.

**Handfærarúllur**

BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélur ehf. 553 3311 www.sjo.is

Útvega koparskrúfur á allar gerðir báta beint frá framleiðanda upplýsingar á www.somiboats.is Óskar 0046704051340

**Hjólbarðar**

4 stk. 195/65 15" á Carina felgum á 20þ. 4 stk. 175/65 14" á Corolla felgum á 20þ. 4 stk. 14" Imprezu felgur á 20þ. 4 stk. 205/60 „16 á 20þ. 4 stk. 175/70 13" á Accent felgum á 20þ. 4 stk naglad. 185/65 14" á 20þ. Uppl. í s. 896 8568.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**

Við notum fullkomna hjólastillitölvu.

PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

**Varahlutir****Bilpartasala**

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**partabilar.is 770-6400**

Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 dísel '02 Honda Civic '97 Renault Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugeot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cherokee 4.7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

**VW, Skoda, Audi.**

S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurlunda 10, Hfj.

**Bíllutir, Kaplahrauni 14,**

S. 555 4940.

Sérhæfing okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Er að rífa Focus '99, Yaris '00, Hatchback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent '95 & '97. Impreza '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97, Civic '99. Golf '95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partahúsið - S. 555 6666**

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðará 3, 210 Grb.

**Bilpartar ehf S. 587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskar og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**ÞJÓNUSTA****Hreingerningar**

S:895-4990

Húsfélagaræsting. Gólfbónun. Bónleysing. Teppahreinsun. Hreingerningar. Flutningsþrif og fl.

**Garðyrkja****Trjáfellingar - Trjáklippingar**

garðarbest.is Sími 698 9334

Trjáklippingar og fellingar, laufahreinsun, stéttahreinsun, þökulagnir, girðingasmíði, jarðvegsvinna og margt fleira. Gardar Best ehf s. 698 9334 garðarbest.is

**ALLT FYRIR GARDINN!**

- HELLULAGNIR
- SNJÓBRÆÐSLUR
- MALBIKSVIÐGERÐIR
- DRENLAGNIR
- SKÓLPLAGNIR

HRINGID Í SÍMA 661 2288  
WWW.EDALVERK.IS  
EDALVERK

**Trjáklippingar**

Trjáfellingar og öll almenn garðavinnu. Eiríkur Sæland garðyrkjufyrirgjöringur s. 848 1723.

**Bókhald**

Bókhald, framtöl, stofnunfél, ársreikn, VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977, framtal@visir.is

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf sfl.**

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Fjármál**

Gjaldprotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Greiðsluáðlögun, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

**Málarar****Ágæti húseigandi**

Getum bætt við okkur verkefnum 30 ára reynsla af alhliða málningavinnu

Málarakompaníið  
S. 892 3618

**Málameistari**

Jón Ingvar Garðarsson málameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

**Húsaveiðhald**

**VIÐHALDSTAK!**  
Sími: 534-3117 GSM: 697-4650

Málameistari, múrara og smíðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem máluun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og mürviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.  
www.vidhaldstak.is tak@vidhaldstak.is



Er verið að fara í framkvæmdir á viðhaldi húsa eða lóðar. Snarverk ehf, er með öll tæki sem til þarf í það. Fjarlægum efni og komum með nýtt. Er með sambönd við góða smíði og pipulagningarmenn ef á þarf. Einnig er hægt að fara inná snarverkis Uppl. í s. 863 1291.

**VIÐHÖLD**  
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- mürviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningavinnu
- trésmíðavinnu
- pipulagnir
- raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.  
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**

Getum bætt við okkur í flísalögn, mürverki, málingu, pipulögn, glerisetningu og fleira. Fljót og góð vinnubrögð. Strúktor ehf. Uppl. í síma 824 0150 og 824 0160.

**Flisaverk.is**

Gerum upp baðherbergið frá A-Ö

Niðurrif - Förgun - Pipulagnir

- Raflagnir - Mürverk

- Smíðavinnu - Flísalagnir

Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990  
kristjan@flisaverk.is

Fyrir gott verð! Heimilisviðgerðir - leggjum flísar og parket, spórlum og málu. S. 844 7077.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Sérhæfir sig í bárujarni. S. 699 3124.

**Pípulagnir**

Faglarðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

Flísar - parket - gífs - steinslúpan - gífsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaveiðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Pípulagnameistarar geta bætt við sig verkefnum. Allar almennar pípulagnir. Óttar S:6950170 - Gunnar S:6958615 G.Ö Pípulagnir

**Tölvur**

**tölvuhjálp!**

Eitt ódýrasta tölvuverkstæði bæjarins

Sími 588 9590/860 9970  
www.tolvuhjalp.is  
Vesturvör 32 a Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírusahreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvín.

**Vandaðar tölvuviðgerðir**

Microsoft vottun. 15 ára reynsla. Þjónustum einstaklinga og fyrirtækja. www.midnet.is Miðnet ehf S. 564 0690

**Nudd**

Sælunudd 844-0253.

Whole body massage. S. 849 5247

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264

Fantastic massage, call 84400329

**NUDD**

Whole body massage. S. 841 8529.

**Spádómar**

www.orlagalinan.is

**Örlaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

**Nympha-dora**

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

562 8211

**Spásími Daddýar 846 6364**

Opíð frá kl. 15-20 alla daga. Visa/Euro

Spá í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínútagjald. S. 891 8727, Stella.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta  
Sími 893 1733

Jón Jónsson  
Löggiltur rafverktaki  
www.raflagnir.is

**Önnur þjónusta**

**Blekhyllki.is**

Ódýr blekhyllki og tónarar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send samdægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhyllki.is S. 517-0150.



Yfir 100 tegundir af ótrúlega flottum öskudagsbúningum fyrir krakka á öllum aldri, frá kr. 1,950. Opíð 10-22 alla daga til öskudags. Partybuðin, Faxafeni 11, s. 534-0534.

**KEYPT & SELT****Til sölu**

Leirbrensluöfn - 85 lítra Paragon öfn. Öfninn er mjög lítið notaður Upplýsingar í s. 866 6321.

Ísskápar á 10þ & 25þ. Þvottavélar á 15-40þ. Stór Amerísk þvottavél á 30þ. Þurrkari á 20þ. Stór amerískur á 30þ. Barkalaus á 30þ. Uppþvottavél á 25þ. 14" TV á 5þ. 19" tölvuflatskjár á 15þ. Stólar á 1þ. Stórt teppi á 5þ. Ný ryksuga á 4þ. CD á 4þ. S. 896 8568.

**Óskast keypt****Kaup gull !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitíð til fagmanns og fáíð góð ráð. Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Staðgreiðum gull og úr. Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltull.is Upplýsingar í síma 661 7000.

**FRÍMERKI**

Kaupi frímerki og frímerkjasöfn, sanngjart verð. Háíð samband við Guðmund í s. 857 4001 eða guðmund.jensson@gmail.com

ATH! DISNEY BÆKUR: ÓSKAST KEYPT HEILT SAFN! 8654021 renebasione@hotmail.com

**Til bygginga****Hjóla og veggjapallar**

**KVARNIR**  
Tunguhúls 15  
sími: 564 0070  
www.kvarnir.is

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulurinn.is

**Verslun**

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!! Frábær verð. Emíla Bláa húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**Stærri limur betri limur**

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

**Þjónusta**

◆ STEYPUSÖGUN ◆ KJARNBORUN

◆ MÚRBROT ◆ PÍPULAGNIR

**LÍNUBORUN EHF**

820 0070 577 5177

**FRÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfafiöt 3  
Grafarvogi  
Sími 567 4468  
dekk@gummisteypa.is

**GENERAL HJÓLBARÐAR**



**HEILSA**

**Heilsuvörur**



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífsstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**  
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

ERTU MEÐ VERKI ÞARFTU BETRI HEILSU? KYNNTU ÞÉR BYLTINGU Í HEILSUVÖRUM betri-heilsa@visir.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**Árangur næst með Herbalife**  
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

**Nudd**



**TANTRA MASSAGE**  
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1**

Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamin og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantamir 445 5000. Velkomin.

**NUDD**  
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NYTT SPA - DREAM OASIS**  
NUDD: Heilln., Svæðan., Slökunam., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbeikir. Símar 567-6666 og 862-0941.

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**Gisting**

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Andalusia, Menorca, Reykjavík 101, Flórída. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**www.leiguherbergi.is**

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgöngur að internet, baði, eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is

**ALLT FASTEIGNIR**  
Fasteignasala og leigumiðlun  
www.alltfasteignir.is  
S. 565 1233

**Ný 3ja herb. íbúð í Hfj. Öruggr leiga. Þvottavél, þurrkari, lsskápur, uppbv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**  
www.heimahagar.is  
Upplýsingar í síma 772 7553

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavík. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.  
For more info call 692 0649

Stúdíóíbúðir fullbúnar húsgögnum og herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

ROOM f/RENTW/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 866 7511. Álla virka daga.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæluþýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Húsnæði óskast**  
ALLAR GERÐIR LEIGUHÚSNÆÐIS ÓSKAST  
\*\*\*Ókeypisskráning\*\*\*  
**HÚSANAUST**  
SKIPA- og HÚSANAUST ehf.  
LEIGUMIÐLUN  
530-7200

26 ára karlmaður með gott viðmót er að leita sér að 2 herb. íbúð í Kóp. Væri gott ef þvottaaðst. væri innifalín. Er reyklus og með góð meðmæli ef þess er leitast. Vinsamlegast hafið samband í s. 867 7754 eða á halldorsk@gmail.com

**Sumarbústaðir**

Aukin sala - Vantar á söluskrá Uppl: Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520

**Atvinnuhúsnæði**

Atvinnuhúsnæði til leigu við Língháls 188fm. Tvær stórar dyr. Upplýsingar í síma 892 1186.

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNADARBIL Í GARÐABÆ WC 3MHURÐ GOTT ADGENGI V85ÞÚS S 8927858

**Geymsluhúsnæði**

**www.geymslaeitt.is**  
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**  
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Gisting**



**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**  
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufærri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



**Starfsmaður óskast**  
Vegna veikinda er laus staða frá 15. mars n.k. Um afleysingu í 1 ár er að ræða. Viðkomandi þarf að bera ómælda virðingu fyrir þörfum barna og möguleikum þeirra til náms og þroska og vera sjálfur góður í samskiptum, skipulagður og stundvís. Leikskólinn er staðsettur á Ártúnsholti í Reykjavík. Ef þú hefur áhuga á nánari upplýsingum sendu þá tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafðu samband í síma 557-7071 Lovisa Hallgrímsdóttir skólustjóri

**Atvinna**  
Óska eftir íslenskumælandi starfsmanni vönum matreiðslu, einnig starfsmann í sal. Æskilegur aldur 28+  
Upplýsingar í síma 894 0292.

Starfskraftur óskast í sverkslun í 101 sem fyrst. Vinnutími frá 12-18. Ráðning er til 1. apríl. Sendið upplýsingar á jhonest@mi.is

**Viðskiptataækifæri**

VIÐ TÖKUM SKREFIÐ HVAD ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA? taktuskref@visir.is

9 Herbergja fullbúið gistiúhús í miðbæ Neskaupstaðar til sölu. snorrihall@sim-net.is s-772 5700.

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Símadömur 908 1616**  
Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dómuna þína. Við biðum eftir þér!

Halla er ný.

Opíð þegar þér hentar 908 1616.

Kona vill kynast karlmanni, 50 ára eða eldri, með góða stund í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000m (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8216.

Kona á besta aldri vill kynast ógiftum manni, 55-65 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000m (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8372.

**Atvinna**

**SKOLAR**  
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

**UNGBARNALEIKSKÓLINN ÁRSÓL REYKJAVÍK**

Ungbarnaleikskólinn Ársól óskar eftir að ráða starfsmann í móttökueldhús. Staðan er 56% og er vinnutími frá kl: 9:15-13:45 í leikskólanum er unnið eftir heilsustefnunni með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Unnið er með jákvæð og gefandi samskipti og er góður andi ríkjandi í skólanum.

Hafir þú áhuga á að vinna í lifandi og metnaðarfullu starfsumhverfi með skemmtilegu fólki þá hafðu samband. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita: Berglind Grétarsdóttir leikskólustjóri í síma 563-7730 Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is

Heilsuleikskólar Skóla: Hamravellir, Háaleiti, Kór, Krókur og Ungbarnaleikskólinn Ársól

**Partatorg ehf - Nýtt starf**

Partatorg óskar eftir öflugum og drífandi starfsmanni í nýtt starf, starfið felst í niðurrif á bílum, sölu á notuðum bílavarahlutum. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á bílum og bílaviðgerðum, tölvukunnáttu, geta unnið sjálfstætt, verið jákvæður og stundvís.

Upplýsingar í síma 5656020 Erlendur.

**visir.is**  
"...ég sá það á vísi"

**Tilkynning**

**ÚTIVIST**

**Aðalfundur Útivistar 2010**

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn þriðjudaginn 2. mars 2010 kl. 20.00 að Laugavegi 178, í sal við hlið skifstofu Útivistar

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar lagðir fram til afgreiðslu
3. Kosning í nefndir og embætti
4. Kosning í kjarna
5. Kosning formanns
6. Lagabreytingar ef einhverjar eru
7. Önnur mál
8. Kaffi

Félagsmenn með greitt árgjald 2010 hafa atkvæðisrétt á aðalfundi

Stjórnin

**Nám**

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám**

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 18. október 2010 kl. 20.00 í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Grafísk hönnun
- Útflutningstæknifræði
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

Erhvervsakademiet Lillebælt  
Munke Mose Allé 9  
5000 Odense C  
Danmark  
tlf. 0045 - 70105800  
heimasíða: www.eal.dk  
E-mail: eal@eal.dk



# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er með **212%** meiri lestur en Morgunblaðið.

**73,8%**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

**23,7%**



**MORGUNBLAÐIÐ**



**FRÉTTABLAÐIÐ**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.  
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Allt sem þú þarft...





# Réttaróvissa vegna erlendra lána

## UMRÆÐAN

Eygló Harðardóttir skrifar um erlend lán



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Hinn 12. febrúar síðastliðinn féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem ákvæði lánasamningsins um gengistryggingu voru dæmd ólögmat þar sem lánið hafi verið veitt í íslenskum krónum. Áður hafði fallið annar dómur við sama dómstól þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu í mjög svipuðu máli. Því er ljóst að fullkomin réttaróvissa ríkir um þetta álítaefni og úr henni verður ekki skorið nema fyrir Hæstarétti. Að öllu óbreyttu verður málið ekki tekið fyrir þar fyrr en í fyrsta lagi undir næstu áramót.

### Hvað er erlent lán?

Hagsmunasamtök heimilanna, talsmaður neytenda og fleiri hafa ítrekað bent á hugsanlegt ólögmati erlendra lána, sérstaklega ákvæði laga um vexti og verðtryggingu þar sem blátt bann er lagt við að skuldbindingar í íslenskum krónum séu bundnar dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Einnig hefur verið bent á að hugsanlega sé ekki hægt að skilgreina lánasamninga á milli tveggja innlendra aðila sem erlent lán. Þannig fari eftir búsetu útgefanda hvort verðbréf séu flokkuð sem innlend eða erlend en ekki myntinni sem verðbréfið er gefið út í. Þannig ræður mynt lánsins engu um hvort lánið sé innlent eða erlent, heldur aðeins búseta útgefandans.

Í grein eftir Gunnlaug Kristinson, löggiltan endurskoðanda, segir: „Nánast undantekningalaust hefur veiting lána í erlendri mynt eða lána með gengistryggingu, til almennings og fyrirtækja á Íslandi, verið veitt til viðskipta þar sem undirliggjandi verðmæti eru í íslensk-

um krónum og greiðsla til lántaka verið í íslenskum krónum þrátt fyrir hin gengistryggðu ákvæði eða hreinlega erlend lánsfjárhæð tilgreind í texta skuldabréfsins... Skuldbinding milli tveggja innlendra aðila er því alltaf í íslenskum krónum, ef útgreiðsla lánsins var í íslenskum krónum og

lánveitandinn er innlendir aðili, hvernig sem á málið er litið enda er íslenska krónan eini lögmati gjaldmiðill landsins.“

Með þessum rökum eru lán milli innlendra aðila alltaf í íslenskum krónum, hvernig sem lánasamningarnir eru orðaðir, ef enginn erlendir gjaldmiðill skiptir raunverulega um hendur.

### Miklir hagsmunir

Af þessu er ljóst að gífurlegir hagsmunir eru af því að fá úr því skorið sem allra fyrst hvort gengistryggðir lána- og kaupleigusamningar eru löglegir eða ekki.

Viðskiptaráðherra upplýsti í svari við fyrirspurn Birkis Jónssonar í júlí í fyrra, að yfir 40.000 einstaklingar eru með fjármögnun bifreiðar í erlendri mynt að upphæð yfir 115 milljarða króna. Þá upplýsti félags- og tryggingamálaráðherra í svari við fyrirspurn Helgu Sigrúnar Harðardóttur að gengisbundin skuldabréf til heimila voru um 315 milljarðar króna í lok september 2008 og voru 107 milljarðar skilgreindir sem erlent íbúðalán. Þá eru ónefndir sambærilegir lánasamningar fyrirtækja.

Þótt ýmsir hafi lagt áherslu á mikilvægi þess að flýta meðferð þessara mála, liggur fyrir að dómstólar taka ekki við slíkum fyrirmælum frá ráðherrum eða öðrum. Því má telja einsýnt að dómstólar telji sér óheimilt að flýta málum þar sem

reynir á lögmati innlendra lána- og kaupleigusamninga í erlendri mynt. Einnig hafa lögfræðingar og nú síðast efnahags- og viðskiptaráðherra bent á að gengistryggðir lánasamningar eru ekki allir af sama toga og þar með ekki sjálfgefið að niðurstaða Hæstaréttar í ofangreindu máli hafi almennt fordæmisgildi. Enginn vilji hefur verið hjá ríkisstjórninni að taka á gengistryggðum lánnum á heildstæðan máta, þrátt fyrir að talsmaður neytenda hafi lagt fram tillögur á sínum tíma um gerðardóm til að leita ásættanlegrar lausnar fyrir bæði lánveitendur og lántakendur.

Á sama tíma og ráðherrar varpa frá sér allri ábyrgð og segja beinlínis að hver og einn þurfi að stefna bönkum og eignaleigufyrirtækjum hafa þeir markvisst unnið að því að draga úr möguleikum almennings til að gera einmitt það. Stjórnvöld hafa hækkað kostnað við málsóknir og ekkert gert til að auka möguleika fólks til gjafsóknar.

### Tryggjum réttláta meðferð

Ég hef því ákveðið að leggja fram frumvarp til laga á Alþingi þar sem heimilt verður að óska eftir flýtimeðferð fyrir héraðsdómi og Hæstarétti ef viðkomandi hyggst höfða mál vegna lögmætis lána- og kaupleigusamninga sem eru gengistryggðir. Jafnframt verði nauðungarsölum vegna samskonar lánasamninga frestað þar til niðurstaða liggur fyrir hjá Hæstarétti um lögmæti þeirra.

Vonast ég eftir að sem flestir þingmenn gerist meðlutningsmenn með mér í þessu máli, svo hægt verði að aflétta sem fyrst réttaróvissu, takmarka hugsanlega skaðabótaábyrgð málsaðila og tryggja hraða og réttláta meðferð þessara mála í dómkerfinu.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

# Icesave og ríkisábyrgð

## UMRÆÐAN

Sigurður Líndal skrifar um Icesave



SIGURÐUR LÍNDAL

Í grein í Morgunblaðinu 13. febrúar fullyrðir Kristinn Gunnarsson fv. alþingismaður að íslensk stjórnvöld hafi fyrir löngu viðurkennt ábyrgð á lágmarkstryggingu innistæðna Icesave-reikninga. Hann segir:

„Hún (Eva Joly) telur að ríkið beri enga ábyrgð á Icesave-innstæðunum. Þar er hún í andstöðu við álit Evrópusambandsins, allra 27 landa þess og Noregs að auki. Mér er ekki kunnugt um að Evrópuþingið hafi tekið undir skoðun Evu Joly. Hún ber fram skoðun á lögum og reglum sem enginn þessara aðila tekur undir. Íslensk stjórnvöld hafa fyrir löngu viðurkennt ábyrgð á lágmarkstryggingunni.“

Hér er fullyrð að íslensk stjórnvöld hafi viðurkennt ríkisábyrgð á lágmarkstryggingu innistæðna Icesave-reikninga.

Ef þau firm eiga að ganga yfir ríki og þjóð að bera fjárhagslega ábyrgð á gerðum einstaklinga sem flestir eru sammála um að sé mjög þungbær og aðrir telja að hæglega geti orðið þjóðinni um megn, verða að vera skýr ákvæði í lögum eða ótvíræðar yfirlýsingar fulltrúa hennar gagnvart öðrum þjóðum sem til þess hafa löglega heimild.

Enn sem komið er hefur enginn bent á skýran lagastað fyrir slíkrri ábyrgð, hvorki talsmenn Evrópusambandsins, Evrópuþingsins né Norðmanna. Hafi það verið gert hefur því ekki verið haldið á lofti. En þegar

lagastaði skortir hefur umræðan beint að yfirlýsingum íslenskra stjórnvalda og á það leggur Kristinn áherzlu í tilvitnuðum texta sem mætti þó vera betur rökstuddur.

Nú er komið að honum að bæta úr og tilgreina nákvæmlega og undandráttarlaust yfirlýsingar

íslenskra stjórnvalda sem skuldbinda íslenska ríkið til að takast á hendur umrædda ábyrgð og í hvaða samhengi þær hafi verið gefnar.

Jafnframt verður að minna á að ekki verður tekið lán er skuldbindi ríkið nema samkvæmt lagaheimild og þar undir fellur ríkisábyrgð, sbr. 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta þarf Kristinn að hafa í huga þegar hann leggur fram yfirlýsingarnar.

Einnig verður hann að hafa í huga að yfirlýsingar sem gefnar eru í tengslum við samningaferli eru ekki bindandi ef samningar takast ekki, svo sem ef upp úr slitnar, ef Alþingi hafnar eða er í óvissu við synjun forseta.


Ég vona að Kristinn svari hér undanbragðalaust.

Hitt er annað mál að vel má vera að eftirlitskerfi hér á landi hafi brugðizt, og því kunni að fylgja bótaskylda. En eins og margsinnis hefur verið bent á eiga þar aðrir einnig hlut að máli, Hollendingar, Bretar og Evrópusambandið. En álitamál sem að þessu líta koma sérstökum skuldbindandi ábyrgðaryfirlýsingum ekkert við.

Höfundur er prófessor í lögum.

## LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.



### GREIÐSLU SKJÓL 3+1

Greiðsluskjól 3+1 er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækkunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðslubunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- **3+1**. Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.\*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.\*\*

\*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. \*\* Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

### SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Í boði er 110% veðsetningarþak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

### GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

Greiðslujöfnun erlendrar lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.

Pantaðu viðtal í síma 540-5000 eða í gegnum vefsíðuna okkar, [www.frljalsi.is](http://www.frljalsi.is).  
Opið í afgreiðslu Lág múla 6, 108 Reykjavík, 12.00-15.00 virka daga.  
Skiptiborð opið kl. 10-12 og 13-15.

Hafðu samband – við finnum leið!

**FRJÁLSI**  
FJÁRFESTINGARBANKINN



# Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur

## UMRÆÐAN

Pórólfur Matthíasson skrifar um

Eva Joly hefur tekið að sér að vera íslenskum stjórnvöldum til ráðgjafar um rannsókn á efnahagsbrotum í aðdraganda bankahrunsins í október 2008. Aðkoma hennar hefur orðið til þess að efla hjá íslenskum almenningi trú á að verið sé að vinna af heilindum að rannsókn hugsanlegra efnahagsglæpa enda á hún glæstan feril að baki á þessu sviði. Joly var nýverð kosin á Evrópuþingið þar sem verkefni hennar verður m.a. að endurmóta umgjörð efnahags- og fjármálalífs álfunnar.

Í málflutningi sínum fyrir breyttum reglum á fjármálamörkuðum Evrópu hefur Eva Joly notað Ísland og IceSave málið sem dæmi. Svo óheppilega vill til að hún byggir atvikaýsingar á einhæfum málflutningi InDefense. Að þessu veki ég í einni líttill aukasetningu í grein sem ég skrifaði í Aftenposten fyrir skemmstu. Eva Joly kys að gera þessa aukasetningu að inn-taki greina sem birtast samtímis á Íslandi og í Noregi.

Þar er það pólitíkusinn Eva Joly sem stýrir penna. Í greininni eru fullyrðingar og röksemdir sem ekki eru réttar og mega ekki standa óleiðréttar. Málflutningur er snertir framtíð Íslands verður að byggja á traustum staðreyndum.

### Kjósendum bera ábyrgð

Eva Joly heldur því fram í greinum sínum að ég hafi stutt kröfur Breti og Hollendinga í IceSave málinu. Þetta er ekki rétt. En ég hef gert mig sekan um að spyrja hver ábyrgð íslenskra stjórnvalda, íslenskra stjórnmalamanna og íslenskra kjósenda á IceSave málinu sé, bæði með hliðsjón af lögum og reglum og með hliðsjón af almennu siðferði. Niðurstaða mín er að kjósendur beri ábyrgð á stjórnmalamönnum og að stjórnmalamenn beri ábyrgð á þeim embættismönnum sem þeir setja til verka.

Hátti svo til að kjósendur í lýðræðisríki kjósi, kosningar eftir kosningar, stjórnmalamenn sem setja venslamenn, vini og spilafélaga í eftirlits- og umboðsstöður án þess að huga að getu þessara einstaklinga til að sinna störfum sínum, þá er ábyrgðin á slökum verkum embættis- og eftirlitskerfisins ekkert síður kjósendanna en þeirra sem afglöp-in frömdu.



PÓRÓLFUR MATTHÍASSON

Þessi ábyrgð getur birst hinum vanhæfa embættismanni í formi saksóknar og dóms. Ábyrgðin birtist almenningi gjarnan með öðrum hætti, yfirleitt í formi lakari afkomu en ella væri. Það er mín skoðun að það standi upp á Íslandi að svara þeirri spurningu hvort íslensk stjórnvöld og íslenskir eftirlitsaðilar hafi uppfyllt allar sínar eftirlits- og aðhaldsskyldur í tengslum við stofnun og rekstur IceSave reikninganna.

Sé niðurstaðan sú að það hafi ekki verið gert þarf að taka á þeim málum gagnvart þeim einstaklingum og þeim stofnunum sem brugðust.

Jafnframt verða stjórnmalamenn að sýna þann siðferðisstyrk að segja kjósendum sínum satt og rétt um hvar reikningurinn vegna klúðursins lendir í stað þess að fara í sífelld ferðalög um lendur fantasíunnar í þessum efnunum. Persónulega þykir mér sárt að sitja undir ásökunum um að ganga erinda erlendra þjóða þegar tilefnið er ekki annað en þessi einfalda spurning: bera íslenskir kjósendur ekki ábyrgð á íslenskum stjórnmalamönnum og íslenskum embættismönnum?

### 700 milljarðar?

Í grein sinni heldur Eva Joly því fram að IceSave samningurinn gangi út á hver Íslendingur frá vöggubarni til elsta ellilífeyrisþega skuli greiða 12.000 evrur til Breti og Hollendinga. Samanlagt gerir þetta tæpa 700 milljarða króna. Þetta er sú tala sem InDefense hefur haldið hvað hæst á lofti. Hvað eftir annað hefur verið sýnt fram á að þessi fullyrðing er röng, nú síðast af Ann Sibert, prófessor við Birkbeck College í London og meðlimi í peningastefnufund Seðlabanka Íslands. Með því að gera þessa tölu að megininntaki greinar sinnar undirstrikar Eva Joly að hún hefur látið glepjust af áróðri InDefense og látið undir höfuð leggjust að kynna sér staðreyndir málsins.

Hið rétta er að þrotabú Landsbankans mun greiða yfir 90% af forgangskröfum. Þetta kemur skýrt fram í opinberum gögnum skilaneftindarinnar eins og ég vík að hér á eftir.

### Verðmæti Landsbankaeigna

Í grein sinni fullyrðir Eva Joly að

Öll rök hniga því í þá átt að eignasafn gamla Landsbankans hafi verið vanmetið í upphafi hruns enda tíðkast iðulega að meta varlega í upphafi meðan margt er óljóst.

Þrotabú Landsbankans muni aðeins greiða 30% af IceSave kröfunni. Þessi fullyrðing er röng enda sá efnahags- og viðskiptaráðherra sig til þess knúinn að mótmæla henni kröftulega þegar grein Evu Joly birtist.

IceSave krafna er forgangskrafa í þrotabú og eignir búans munu duga fyrir mestum hluta þessara krafna eins og rökstutt verður hér að neðan. Vera kann að Eva Joly sé að rugla saman heildarkröfum í bú Landsbankans og forgangskröfum. Mat skilastjórnarinnar er að eignir þrotabúsins dugi til að greiða um 32% af öllum kröfum, en forgangskröfur koma framrar almennum kröfum og greiddast fyrst. Til samanburðar má nefna að bú Kaupthing Singer and Friedlander mun greiða yfir 75% af heildarkröfum. Heyrst hefur að þrotabú Lehman bankans muni greiða um 40% af heildarkröfum. Áætlað endurheimtuhlutfall Landsbankans er því lágt samanborið við endurheimtuhlutfall KSF og talsvert lægra en endurheimtuhlutfall Lehman.

En er mat skilastjórnarinnar ábyggilegt? Í fyrsta lagi hefur skilaneftindin þegar yfir 500 milljarða í hendi. Þetta er skuldabréf frá Nýja Landsbankanum að verðmæti ríflega 300 milljarðar, sem er mismunur eigna og skulda sem fluttust úr gamla bankanum í þann nýja í október 2008, auk 200 milljarða í lausafé. Eignir búans sem metnar voru á ríflega tvö þúsund milljarða króna fyrir hrún metur skilaneftindin nú á ríflega 800 milljarða króna. Niðurfærslan nú nemur því um 65%, því er áætlað að einungis um 35% af skuldum útistandandi í október 2008 endurheimtist.

Áætlað endurgreiðsluhlutfall hefur hækkað mikið frá því snemma árs 2009 þegar áætlað var að aðeins fengjust 50% upp í forgangskröfur til dagsins í dag þegar áætlað er að endurheimtur dugi til að greiða um 90% forgangskrafa. Verðmæti eignasafns þrotabúsins í Bretlandi virðist enn fara hækkanði því Baldvin Valtýsson sem starfar fyrir skilastjórnina í

London sagði í blaðaviðtali í febrúar 2010 að eignir búans í London næmu 430 milljörðum króna. Þetta er um 100 milljörðum hærra tala en nefnd er í gögnum skilaneftindar frá lokum september 2009. Öll rök hniga því í þá átt að eignasafn gamla Landsbankans hafi verið vanmetið í upphafi hruns enda tíðkast iðulega að meta varlega í upphafi meðan margt er óljóst.

### Hvar eru peningarnir?

Eva Joly telur í grein sinni að megnið af IceSave fjármunum sé í umferð í Bretlandi og Hollandi. Vonandi er það rétt, hluti af hennar sérgrein er að elta þessa fjármuni uppi. En ég leyfi mér samt að benda á að það virðist hafa verið lífsspursmál fyrir gamla Landsbankann að eiga þess kost að flytja fé frá Bretlandi til Íslands á árinu 2008. Ella hefðu þeir skipulagt IceSave innan vébanda Heritable banks á ábyrgð breska innistæðutryggingarsjóðsins.

En það vildu þeir ekki vegna þeirrar kröfu að innistæðufé í Heritable yrði fest í Bretlandi. Minn grunur er að hluti af IceSave fjármunum sé fastur í tónlistarhöll á hafnarbakkannum í Reykjavík og í holræsum og götum vítt og breitt í byggðum Íslands þó töluvert hafi án efa flotið aftur út í misvitrar fjárfestingar vildarviðskiptavina Landsbankans. En það er hárrétt hjá Evu Joly að slitastjórnin á um 300 milljarða króna í kröfum á einkaaðila í Bretlandi og Hollandi og álfka stóra kröfu á hendur einkaaðila á Íslandi. Þessir fjármunir eru að endurheimtast.

### Framtíðarvirði eða núvirði?

Í allri umræðu um upphæðir hafa fulltrúar InDefense fremur vilja að skoða framtíðarvirði frekar en núvirði IceSave skuldbindingarinnar. Með því að bæta við áætladri verðbólgu má vissulega fá fram háar tölur. Þetta er öllum frjálst að gera. En það breytir ekki því að núvirði skuldbindingarinnar er á bilinu 120 til 180 milljarðar króna.

### Vaxtamálín

Eva Joly gerir vaxtamál að umtalsefni og telur að 5,55% nafnvextir og um 3% raunvextir séu okurvextir. Það eru nýjar fréttir fyrir Íslendinga sem hafa löngum stundum búið við 4-6% raunvexti og yfir 20% nafnvexti. Hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt að reyna að fá vaxtakjörin löguð. Á það hef ég lagt áherslu þegar ég hef talað

við breska og hollenska blaðamenn eins og sjá má í viðtali við Het Financele Dagbladet 13.2.2010.

### Neyðarlögin og mismunur

Í grein minni í Aftenposten benti ég á að með neyðarlögnum svokölluðu mismunurinn íslenskrar stjórnvöld innistæðueigendum í Reykjavík annars vegar og Rotterdam hins vegar. Þetta stríðir gegn fyrirmælum í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Margir telja að vegna þess atriðis sé ekki á það hættandi fyrir Íslendinga að fara með mál tengd IceSave skuldinni fyrir evrópska dómstóla.

Erfitt kann að vera að reikna út niðurstöðu dómstóla eins og staðfest er með misvísandi niðurstöður nýlegra dóma frá Héraðsdómi Reykjavíkur um lögmatið svokallaða myntkörfulána. Annar dómurinn taldi slík lán lögmat, hinn dómurinn ólögmat.

Varðandi lagalegu stöðu Íslands má einnig benda á álit Pers Christensen, lagaprófessors í Tromsø, sem heldur því fram í viðtali við Pressuna 13.2.2010 að enginn vafi leiki á ábyrgð Íslendinga á innistæðutryggingarkerfinu. Sama hafa talsmenn íslenskra stjórnvalda og sumir talsmenn stjórnarandstöðunnar á Íslandi undirstrikt og ummæli í þessa veruna voru komin fram löngu fyrir hrún.

### Lokaorð

Eva Joly er kappsöm kona sem vill vinna Íslendingum vel og jafnframt koma betri skikk á fjármálakerfi Evrópu. Ég á ekki aðra ósk heitari en að ráðleggingar hennar til íslenskra stjórnvalda megi verða til þess að hinir sönnu skúrkar hrunsins fái makleg málálgöld.

Sú var tíð að Íslendingar höfðu orð á sér fyrir orðheldni, heiðarleika og dugnað meðal erlendra manna. Efast má um að þetta orðspor fari af Íslendingum nú eftir framgöngu hrúnvíkinganna í þenslu og aðdraganda hruns auk úrvinnslu stjórnmalamannanna á flækjum sem hrúnið skapaði. Sannast nú hið fornkvæða að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Róum nú að því öllum árum að endurreisa tiltrú á Íslendingum erlendis.

Höfundur er prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. Styttir útgáfa greinarinnar birtist í Aftenposten.

## Hringdu í síma

512  
50  
60

ef blaðið berst ekki



# Reykjavík eða Hella?

## UMRÆÐAN

Valgerður Sveinsdóttir skrifar um Landsmót hestamanna



VALGERÐUR SVEINSDÓTTIR

Mikið hefur verið rætt um kosti og galla þess að halda Landsmót hestamannafélaga í Reykjavík árið 2012. Líklega hefur meira verið rætt um gallana enda virðist fólk viljugra með pennann ef því líkar eitthvað illa en vel. Mig langar því að benda hér á jákvæðu þættina við Landsmót í Reykjavík.

En um hvað er verið að bitast? Landsmót hestamannafélaga á Íslandi eru haldin á 2ja ára fresti. Þau eru stærstu og viðhafnarmestu viðburðir sem haldnir eru í hestaþróttum á Íslandi og draga að sér fjölda innlendra sem erlendra gesta. Á síðasta Landsmóti sem haldið var á Helli 2008 voru um fjórtán þúsund manns saman komin og 1100 hross skráð til leiks. Landsmót hefur einu sinni verið haldið í Reykjavík, það var árið 2000 og eru deildar meiningar um það mót. Framkvæmdin á sjálfri keppinni þótti takast vel en margir söknudu sveitarómantikurinnar og þess að hitta á gamla vini á ferli á tjaldsvæðinu. En veðrið var frábært og mótið glæsilegt. Öll

Landsmót má gagnrýna á einhvern hátt, við þurfum einfaldlega að gera betur og læra af mistökum fyrri móta.

Víðidalurinn, félagsvæði hestamannafélagsins Fáks, er frábært keppnissvæði. Í Víðidalnum er allt til alls. Hvorki þarf að fara í uppbyggingu mannvirkja né nýrra valla. Hesthús eru á staðnum fyrir alla keppendur sem vilja. Þar er Reidhóll með veitingastað og góðri hreinlætisaðstöðu. Víðidalurinn er að auki landmikill, á bökkum Elliðaár neðan við Breiðholtsbrautina er rúmlega 9 hektara landsvæði sem nýta má undir bílastæði og sem tjaldsvæði. Fólk getur því valið um afgirtar tjaldbúðir, ódyra gistingu í nærliggjandi skólum eða lúxushótel niðri í bæ.

Það sem þarf að framkvæma er andlitslyfting á svæðinu, viðhald, græða svæðið upp og snyrta. Leigja eina eða tvær stúkur. Fegrin svæðisins er ekki glatað fé fyrir Reykjavíkinga heldur fegrar borgina og kemur það ekki eingöngu hestamönnum til góða. Víðidalurinn er hluti af borginni og tengist afar fjölförnu útivistarsvæði, Elliðaárdalnum, órjúfanlegum böndum. Fjöldinn allur af börnum er þar í reišskóla á hverju sumri og Reidhóllin nýtt undir margs konar sýn-

Öll Landsmót má gagnrýna á einhvern hátt, við þurfum einfaldlega að gera betur og læra af mistökum fyrri móta.

ingar og viðburði árið um kring. Það eru einmitt ótal möguleikar fólgirnir í því að halda mótið í Reykjavík. Landsmót eru að hluta til kynning á íslenska hestinum og gullið tækifæri að laða almenning og hinn almenna ferðamann til að kynna sér hann. Með því að selja eingöngu inn á keppnis- og tjaldsvæðið er hægt að bjóða almenningi að koma og kynna sér hestinn með sýningum í Reidhóllinni, markaðsstemmingu í göngugötu með veitinga- og sölutjöldum þar sem verslanir, hönnuðir og hestamenn geta komið vörum sínum og hugmyndum á framfæri.

Fákur leggur metnað í glæsilegt og fjölbreytt Landsmót sem höfðar til fjöldans og eykur áhuga almennings og erlendra gesta á íslenska hestinum. Það er von mín að allir geti notið Landsmóts í Reykjavík 2012 verði sá kostur valinn.

Höfundur er í stjórn hestamannafélagsins Fáks og varaformaður Íþróttá- og tómsundarstöðs Reykjavíkur.



**BONUS BONUS BONUS BONUS**



**KJARNAFÆÐI SALTBJÖT 25% AFSLÁTTUR**



**898**  
KR.KG

**KF SALTBJÖT BLANDAÐ**  
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. **25% AFSLÁTTUR**



**1349**  
KR.KG

**KF SALTBJÖT VALIÐ**  
MERKT VERÐ 1798 KR.KG. **25% AFSLÁTTUR**



**373**  
KR.KG

**KF SALTBJÖT ÓDYRT**  
MERKT VERÐ 498 KR.KG. **25% AFSLÁTTUR**



**1019**  
KR.KG

**K.S FROSID LAMBALÆRI**  
2009 HAUSTSLÁTRUN



**598**  
KR.KG

**K.S FROSID SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR**  
ALLIR BESTU BITARNIR MEÐ.



**39**  
KR.STK

**EUROSHOPPER MAISKORN 340g**  
100 PÚS DÖSIR Í BÓDI - BEST FYRIR JÚLÍ 2010



**593**  
KR.KG

**N.F ÝSUFLÖK M.ROÐI OG BEINI**  
MERKT VERÐ 698 KR.KG. **15% AFSLÁTTUR**



**698**  
KR.KG

**K.S SALTÞISKBITAR FROSNIR**  
M.ROÐI OG BEINI



**579**  
KR.KG

**N.F STEIKTAR ÞISKIBOLLUR**  
AÐEINS AÐ HITA



**98**  
KR.STK

**SAFE HÁRNÆRING GREEN**  
400 ml. VARA HÆTTIR



**398**  
KR.KG

**FERSKT KJÖTFARS**  
FRÁ KJARNAFÆÐI



**498**  
KR.KG

**KJARNAFÆÐI: REYKTUR GRÍSABÓGUR**



**198**  
KR.STK

**BÓNUS BRAUÐ 1 KG.**



**198**  
KR.KG

**APPELSÍNUR Í LAUSU**



**109**  
KR.PK

**BRAZZI 1 LTR.**  
EPLA OG APPELSÍNU

**BONUS BÝÐUR BETUR**

VISA





Elskulegur eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir og afi,

### Einar Ingi Sigurðsson

fv. heilbrigðisfulltrúi, Sóleyjaríma 15,  
Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 7. febrúar verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Peim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Katrín Sigurjónsdóttir

Sigurjón Einarsson

Kristín Einarisdóttir

Aron Arnarson

Karen Arnardóttir

Örn Erlingsson

### CHRISTOPHER ECCLESTON FÆDD- IST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1964.

„Ef ég gæti þá myndi ég snúa mér alfarið að leikhúsi. En í mínu landi er ekki ábataamt að vinna eingöngu í leikhúsi og þess vegna leika leikarar líka í sjónvarpi og kvikmyndum, ef þeim gefst þess kostur.“

**Christopher Eccleston er breskur sviðs-, sjónvarps- og kvikmyndaleikari. Hann hefur leikið í myndum eins og Elizabeth, 28 Days Later og The Others.**



### PETTA GERÐIST: 16. FEBRÚAR 1899

## KR var stofnað

Knattspyrnufélag Reykjavíkur, skammstafað KR, er íþróttafélag í vesturbæ Reykjavíkur sem var stofnað á þessum degi árið 1899. Upphaflega var það stofnað sem knattspyrnufélag, en síðar var farið að bjóða upp á æfingar í öðrum íþróttgreinum á vegum þess.

Báran, húsnæði við Tjörnina þar sem ráðhús Reykjavíkur stendur nú, var í rúman áratug, eða frá árinu 1929, félagssvæði KR. Síðan var stofnaður sjóður til að safna fyrir nýju félagssvæði og grasvelli fyrir KR árið 1932. Í mars árið 1939 var ráðist í kaup á svæði í Kaplaskjólí og færðu knattspyrnumenn fé-



laginu það að gjöf á 40 ára afmæli þess. Ýmsar endurbætur voru gerðar á svæðinu næstu árin og var farið að byggja KR-heimilið ásamt íþróttahusi árið 1950. Byggingu á því lauk 1951. Grasvöllur KR í Kaplaskjólí var vígður 18. júlí sama ár.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ Á ÍSLANDI: FAGNAR 250 ÁRA AFMÆLI

## Síungt embætti á gömlum merg

Landlæknisembættið var stofnað á Íslandi 18. mars 1760 með úrskurði Danakonungs. Það fagnar því 250 ára afmæli sínu á þessu ári og mun þar af leiðandi vera með elstu embættum landsins af veraldlegum toga. Með skipun Bjarna Pálssonar læknis í embættið hélt heilbrigðisþjónusta í nútímaskilningi innreið sína í landið að sögn Geirs Gunnlaugssonar landlæknis, þar sem þá hafi verið ákveðið með lögum að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að heilbrigði landsmanna. „Síðan þá hefur margt áunnist í þeirri baráttu,“ segir Geir. „Ungbarnadaudi var til dæmis hár héraendis samborið við nágrannalöndin og smitsjúkdómur algengir og skæðir. Fátækt, vannæring og ytri aðstæður, svo sem vösbúð, raki og kuldi, settu strik í reikninginn, en nú er allt annað uppi á teningnum. Við erum til dæmis með lögsta ungbarnadauda í heimi í dag og meðalaldur íslenskra kvenna er hár og meðalaldur karla sá hæsti í heiminum.“

Þótt mikið vatn hafi runnið til sjávar á þessum 250 árum segir Geir hlutverk embættisins vera í grundvallaratriðum það sama og í upphafi, það er að annast ráðgjöf, eftirlit og upplýsingasöfnun er snýr að heilbrigðismálum, auk kennslu heilbrigðisstarfsfólks. „Ég hef sjálfur velt fyrir mér hvort hlutverk embættisins hafi breyst, en er frekar á því að sjúkdómsmynstrið hafi gert það. Auðvitað hefur ýmislegt breyst, til dæmis tækniframfarir sem auðvelda okkur að afla upplýsinga, en embættið stendur á gömlum merg og stendur föstum fótum í upphafshlutverkinu.“

Aðsetur fyrsta landlæknisins, fyrrnefnds Bjarna Pálssonar, var í Nesstofu við Seltjörn á Seltjarnarnesi frá árinu 1763 til 1834. Eftir það var embættið flutt til Reykjavíkur og hélst þannig í nær tvær aldir. Embættið var síðan flutt aftur á Seltjarnarnes, nánar tiltekið í húsnæði að Austurströnd 5, í ársbyrjun 2003. Því er ekki úr vegi að spyrja hvernig fari um landlækni og starfsfólks hans í núverandi húsakynnum. „Hér er víða þröngt setinn bekkurinn en að öðru leyti er aðstaðan ágæt,“ segir Geir og hefur ekki fleiri orð um það.

**BYGGI Á GÖMLUM MERGI**  
„Tímannir hafa breyst en embættið stendur enn föstum fótum í upphafshlutverkinu,“ segir Geir Gunnlaugsson landlæknir.



Ekki er lengra síðan en 1. janúar sem Geir var skipaður landlæknir til fimm ára. Hann varð þar með sá prettandi til að gegna formlega þessu hlutverki, en margir fleiri hafa tímabundið verið settir í embættið. Hann segir starfið leggjast vel í sig; af nógu sé að taka þar sem verkefni séu fjölbreytt, krefjandi og spennandi. „Sem dæmi um þau ólíku verkefni sem hafa nýlega verið á mínu borði get ég nefnt þjónustu Heilsugæslunnar á Suðurnesjum. Einnig hef ég skoðað þjónustu við heimilslausa fíkla á vegum Rauða kross Íslands og svo eru menn að velja fyrir sér hver gætu orðið hugsanleg áhrif af spilavítum á heilsufar landsmanna. Þá er fyrirhugað að sameina Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð,“ telur Geir upp og bætir við að einnig stundi til að stofna og opna urtagarði í Nesi við Seltjörn nú í sumar.

„Urtagarðurinn er samvinnuverkefni okkar og Garðyrkjufélags Íslands, Læknafélags Íslands, Lyfjafraeðingafélags Íslands, Lyfjafraeðisafnsins, Lækningaminjasafns Íslands og Sel-

tjarnarnesbæjar og verður hluti af Lækningaminjasafninu í Nesi. Hann er stofnaður til minningar um fyrsta íslenska lyfsalann, Björn Jónsson, og eins til að minnast 125 ára afmælis Garðyrkjufélags Íslands. Þá er tilgangurinn síðast en ekki síst að minnast þess að 250 ár eru liðin frá stofnun Landlæknisembættisins.“

Efnt verður til fleiri viðburða til að minnast afmælisins. „Hátíðardagskrá verður haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands á afmælisdaginn, 18. mars. Þar munum við meðal annars líta til baka, skoða mismunandi áherslur landlækna í starfi, fara yfir sögu embættisins og setja hana í samhengi við þróun heilbrigðisþjónustu á landinu síðastliðin ár,“ segir Geir og bætir við að einnig stundi til að gefa út röð greina eftir sérfræðinga hjá embættinu á vef Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is. Greinarnar verði svo gefnar út í bók að afmælisárinu liðnu. Tilkynningar um fleiri viðburði verði birtar á vef embættisins.

roald@frettabladid.is



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,  
langamma og langlangamma,

### Margrét Guðmundsdóttir

frá Hóli, Öfundarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 11. febrúar. Minningarathöfn verður í Digraneskirkju, Kópavogi, fimmtudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður frá Holtskirkju í Öfundarfirði mánudaginn 22. febrúar kl. 14.00. Peim sem vilja minnast hennar er bent á að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi njóta þess.

Aðstandendur.



### Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju.  
Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930  
hotelsaga@hotelsaga.is  
www.hotelsaga.is

**Radisson SAS**  
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

## TILBOÐSDAGAR

**20-50% afsláttur**  
af völdum legsteinum með áletrun  
á meðan birgðir endast.  
10% afsláttur af öðrum vörum

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Eiginmaður minn og faðir okkar,

### Þórir Heiðmar

Jóhannsson

Urðarbraut 8, Blönduósi,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Blönduósskirkju laugardaginn 20. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afpakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning nr. 0307-26-000095, kt. 440105-2540 í eigu Félags harmonikkunnenda Húnv.

Ingibjörg Kristjánsdóttir, Jóhann Þröstur Þórisson, Bergþór Valur Þórisson, Björn Svanur Þórisson, Ingiríður Ásta Þórisdóttir, Sigrún Eva Þórisdóttir og fjölskyldur þeirra.



Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar,  
bróðir og mágur,

### Ingi Jón Jóhannesson

er lést sunnudaginn 7. febrúar síðastliðinn. Verður jarðsönginn frá Hafnarkirkju Hornafirði, laugardaginn 20. febrúar klukkan 14. Minningarathöfn verður frá Hjallakirkju, Kópavogi, miðvikudaginn 17. febrúar klukkan 15.00.

Birna Kristín Ómarsdóttir  
Haraldur Smári  
Björn Ómar  
Valgerður Jóhannesdóttir  
Íris G. Valberg  
Anna Bj. Samúelsdóttir

Valgeir Birgisson  
Trausti Guðlaugsson  
Bjarni Danival Bjarnason





*Elskulegur eiginmaður, faðir og afi,*  
**Páll Hallgrímsson**  
Írabakka 12, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu 8. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 19. febrúar kl. 15.00.

Anna  
Ingibjörg  
Jóann



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, barnabarn og stjúpsonur,*  
**Böðvar Oddsson**  
Ölduslóð 11, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

Oddur Halldórsson Ásta Margrét Gunnarsdóttir  
Elisabet Böðvarsdóttir  
Ásta Sigríður Oddsdóttir  
Sigríður Þorleifsdóttir



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*  
**Rannveig Magnúsdóttir**  
Garðvangi, Garði, áður til heimilis að Lyngholti 9, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, föstudaginn 12. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Björgvin Halldórsson Rebekka Dagbjört Jónsdóttir  
Guðmundur Halldórsson Hulda Árnadóttir  
Kristín Halldórsdóttir  
Þorgeir Ver Halldórsson Inga Sjöfn Kristinsdóttir  
Óskar Halldórsson Hildur Harðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*  
**Stella Olsen**  
Suðurási 32, Reykjavík,

sem andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 9. febrúar, verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 18. febrúar kl. 14.00.

Birgir Ólafsson Finnur Kolbeinsson  
Telma Birgisdóttir Martha Sandholt Haraldsdóttir  
Snorri Birgisson og barnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*  
**Ríta A.M.T. Júlíusson-Abbing**

lést á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Landakotskirkju fimmtudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

Hendricus E. Bjarnason  
Bjarni B. Bjarnason  
Jón J. Bjarnason  
tengdadætur, barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, fösturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*  
**Áslaug Guðlaugsdóttir**  
áður til heimilis að Norðurbrún 1,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 1. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar og Norðurbrúnar 1.

Kristín Axelsdóttir Ární Ísleifsson  
Edda Axelsdóttir Ómar Friðriksson  
Axel Hilmarsson Sína S. Magnúsdóttir  
Steinunn Bjartmarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær tengdamóðir mín, amma okkar og langamma,*  
**Friðrika Tryggvadóttir**

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 13. febrúar. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. febrúar kl. 13.30.

Kristín B. Alfreðsdóttir Pétur Ásgeirsson  
Friðrik Hreinnsson Þórdís Ólafsdóttir  
Jóhanna Hreinsdóttir Jón Eðvald Halldórsson  
og barnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Guðmundur Sævin Bjarnason**  
frá Ökrum í Fljótum,  
Hverfisgötu 47, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, laugardaginn 13. febrúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Marheiður Viggósdóttir  
Ásdís Guðmundsdóttir Birgir Sigmundsson  
Bjarney Guðmundsdóttir Bjarni Guðjónsson  
Guðlaug Guðmundsdóttir Jón Alfreðsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýðug við andlát og útför elskaðra eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*  
**Birnu Björnsdóttir**  
Ægisgötu 15, Akureyri.

Bestu þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

Axel Jóhannesson Anker Colbe  
Ásdís Axelsdóttir Colbe Anna Halldóra Karlsdóttir  
Björn Þröstur Axelsson  
Steingerður Axelsdóttir  
Jóhannes Axelsson Sigrún Arnsteinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*  
**Páll Jósteinsson,**

verður jarðsönginn frá Safnaðarheimilinu Sandgerði miðvikudaginn 17. febrúar kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks á D-deild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir frábæra umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Guðmundur Pálsson Ólöf Bolladóttir  
Jóna Björg Pálsdóttir Birgir Eliasson  
Páll Kristberg Pálsson Ása Guðný Árnadóttir  
Kristinn Jónsson Lucyna Augustynowicz  
Nanna Jónsdóttir Vífill Björnsson  
Jón B.G. Jónsson Ingibjörg Guðmundsdóttir



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Hinrik S. Vídalín Jónsson**  
Suðurvangi 15, Hafnarfirði,

lést á deild 14 G Landspítalanum við Hringbraut þann 11. febrúar sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

Hulda Magnúsdóttir  
Jón V. Hinriksson Guðrún Júlíusdóttir  
Magnús J. Hinriksson Guðrjúður Aadnegard  
Margrét Steingrimsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Guðjón Skagfjörð Jóhannesson**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí, fimmtudaginn 11. febrúar. Hann verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

Jón Sigurjónsson Rósa Arngrímsdóttir  
Róbert Sigurjónsson Aðalheiður Guðmundsdóttir  
Vignir Sigurjónsson Fjóra Tyrfingsdóttir  
Grétar Skagfjörð Guðjónsson Sudwan Sonpukdee  
Magnea Skagfjörð Guðjónsdóttir  
Þorleifur Guðjón Guðjónsson Elin Bjarnadóttir  
Gísli Þorberg Guðjónsson Kolbrún Ósk Þórarinsdóttir  
Helga Guðjónsdóttir Skarphédinn Haraldsson



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför sonar okkar, bróður og mágs,*  
**Björgvins Ómarssonar**  
Dalbrekku 2, Kópavogi.

Jóhanna K. Friðgeirsdóttir Ómar Jónsson  
Dagný Ómarsdóttir Guðmundur Loftsson  
Kristrún Ómarsdóttir Jón Gestur Hauksson



*Kær bróðir minn,*  
**Björn Helgason**  
Fossi á Síðu,

andaðist 12. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Guðleif Helgadóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Pepsi  
CREATIONS

# STRUMPARNIR™

STRUMPASAFNIÐ 5 ER KOMIÐ Í VERSLANIR



VILTU  
EINTAK?

SENDU SMS SKEYTIÐ  
EST ST5 Á NÚMERIÐ  
1900 OG ÞÚ GÆTIR YNNIÐ  
STRUMPASAFNIÐ 5 Á DVD!



10. HVER  
VINNUR!

KOMNIR Á  
DVD!

FULLT AF AUKAVINNINGUM · TÖLVULEIKUR · DVD MYNDR  
FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLERA!



STRUMPARNIR  
ERU Í ELKO

ELKO

WWW.STRUMPAR.IS

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

## Ekki æskilegt

**BAKÞANKAR**  
Júliu  
Margrétar  
Alexanders-  
dóttur

Fyrir nokkrum árum þótti meðvituðum góðborgurum sókn gegn fordómum felast í því að færa þá undir yfirborðið. Gott dæmi um slíkt er þegar orðið „mongólíti“ datt í ónáð. Í stað þess að kenna fjöldanum að bera virðingu fyrir orðinu var „einstaklingi með Downs-heilkenni“ skellt í laugina. Um stund geta síðavandir því setið sáttir – eða allt þar til uppnefni úr nýnefninu fara að hljóma á skólagöngum og „Downs-heilkenni“ afþokkast.

Svo er hinn möguleikinn – að ráðast að rótum vandans og þurfa ekki að búa til nýtt tungumál.



**ÞAÐ ERU** nefnilega ekki illmennir og þorparar sem nota enn þá orðið mongólíti. Þannig lýsir foreldri barns með Downs-heilkenni í pistli á heimasíðunni downs.is hvernig það varð heimilisfólki hjartans mál að nota orðið mongólíti með stolti og afraksturinn er sá að eldra systkini kann ekki að leggja neikvæða merkingu í orðið. „Hvað eru orð? Jú, svarið er nefnilega býsna létt.

Orð eru þeirrar merkingar sem við gefum þeim. Ekkert annað. Ef við, aðstandendur og allir aðrir, ákveðum að nota þetta orð – með stolti – þá er og verður þetta hvorki bann- né skammaryrði.“

**Í ORÐI** en ekki á borði á ljómandi vel við þessar gjörðir til að sporna við neikvæðu viðhorfi í garð minnihluta-hópa. Flest munum við að bíta í tunguna þegar við erum óvart kominn á fremsta hlunn með að nota orðið „nýbúi“ en um leið sýndi könnun að tæp 60 prósent framhaldsskólanema finnst „of margir nýbúar séu búsettir hér á landi“. Það er nú samt gott að allir eru að nota æskileg orð yfir óæskilegt fólk ekki satt?

**EINN HÓPUR** fólks á sérstaklega erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum, þrátt fyrir að vera hvað stöðugustu vinnukraftarnir, en það eru konur yfir fimmtugu. Það hreyfði því við undarlegum tilfinningum að horfa á kvöldfréttir Ríkissjónvarpsins og sjá hvernig hina glæsilegu, rétt tæplega fimmtugu, Elínu Hirst. Í staðinn var ung og falleg, tuttugu árum yngri kona á skjánum. Svólítið eins og Elínu hefði verið hent í tímavél. Einhvern veginn finnst manni eins og það ætti að vera eitt af hlutverkum ríkisstofnana að standa framarlega í hópnum sem sýnir af sér gott fordæmi þegar kemur að minnihlutahópum. Ríkissjónvarpið hefði varla getað sýnt betur afstöðu sína til hækkunar á aldri kvenna sem koma fyrir í sjónvarpi: Ekki æskileg.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# KULDADAGAR



DIDRIKSONS 1913



SURFANIC

ZO·ON  
ICELAND

## 25% afsláttur

af öllum kuldafatnaði.  
Barna-, dömu- og herrakuldafatnaður,  
húfur, vettlingar og sokkar.  
- frá þriðjudegi til sunnudags

HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

# ÚTILÍF



## Jóna í KvikkFix



### Rocky Horror frestað

Leikfélag Akureyrar hefur ákveðið að fresta sýningum á söngleiknum Rocky Horror, sem átti að frumsýna í vor, og frumsýna það 3. september í menningarhúsinu Hofi, sem nú rís í hjarta Akureyrar. Annars vegar er ástæðan velgengni 39 þrepa, sem gengur fyrir fullu húsi helgi eftir helgi, og hins vegar of mikill kostnaður við að búa Rocky Horror videigandi umgjörð í gamla húsnæðinu.

Síðasta föstudag hófst sýning listakonunnar Jónu Heiðu Sigurlásdóttur, Umbreytingur. Sýningin er í Gallerí KvikkFix, sem er til húsa í betri stofu KvikkFix að Vesturvör 30c í Kópavogi. KvikkFix er alhliða bílaþjónustumiðstöð þar sem mikið er lagt upp úr þægilegu umhverfi fyrir kunnann að bóða í á meðan bíllinn er tekinn í gegn.

Sýning Jónu Heiðu samanstendur af 18 myndverkum, innsetningu og „Kímera creations“, skartgripum hönnuðum og framleiddum af listakonunni sjálfri. Hún hefur tekið þátt í ýmsum samsýningum um land allt en þetta er fyrsta einkasýning hennar á höfuðborgarsvæðinu. Sýningin er opin á opnunartíma KvikkFix alla virka daga frá kl. 8 til 17 og stendur yfir til 9. apríl.



JÓNA HEIÐA SIGURLÁSDÓTTIR

### > Ekki missa af

Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur flytur erindið „Ég var ekki falur neinu valdi“ um Gunnar Gunnarsson og dóm sögunnar í dag kl. 12.05 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Í erindinu fjallar Jón Yngvi meðal annars um samskipti Gunnars við Þriðja ríkið og afstöðu Gunnars sjálfs á efri árum til hlutverks hans í sögunni.

# menning

menning@frettabladid.is



SIGURVEGARAR LJÓÐASLAMMS 2010 Með þeim eru Bóas í Reykjavík, sem var kynni, og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, formaður dómnefndar. MYND/HILDUR ERNA JÓNSDÓTTIR

## Ljóðaslammi lokið

Borgarbókasafn Reykjavíkur hélt keppni í ljóðaslammi þriðja árið í röð á Safnanótt á föstudaginn. Þema kvöldsins var væmni. Sautján ungmenni á aldrinum 15 til 22 ára tóku þátt að þessu sinni með átta atriði, sumir komu einir fram en aðrir í hópum.

Sigurvegari kvöldsins var trúíóð Greitt til hliðar plús tveir, en meðlimir þess eru þrjár menntskælingar.

Í öðru sæti var kvartettinn Íslenska hljómsveitin með „Íslenska lagið“ og í þriðja sæti var Atli Rúnar Bender, en hann flutti ljóðabálk með myndasýningu.

Upptökur af efstu atriðunum þremur verða fljótlega settar á Bókmenntavefinn, [bokmenntir.is](http://bokmenntir.is), og á vef ljóðaslammsins, [ljodaslamm.is](http://ljodaslamm.is), ásamt ljósmyndum Hildar Ernu Sigurjónsdóttur frá keppninni. - drg

## Föstuorgel í Grindavík

Á morgun, öskudag, hefst föstutónleikaröðin Leynardómur trúarinnar í Grindavíkurkirkju. Sex tónleikar verða haldnir næstu sex miðvikudagskvöld. Eyþór Ingi Jónsson, organisti Akureyrarkirkju, ríður á vaðið annað kvöld og leikur verk eftir „Bé-in þrjú“, Buxtehude, Böhm og Bach, ásamt því að spinna á orgelið. Eyþór, líkt og aðrir flytjendur í þessari tónleikaröð, mun rabba við áhorfendur um verkin og höfundar þeirra á milli laga. Þeir sem koma fram á eftir Eyþóri eru Guðný Einarisdóttir, Hörður Áskelsson og Inga Rós Ingólfssdóttir, Guðný Einarisdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Gunnar Gunnarsson og fleiri. Áhersla er lögð á að tengja tónlistina við trú-



LEIKUR BÉ-IN ÞRJÚ Eyþór Ingi Jónsson, organisti Akureyrarkirkju.

arlegt inntak föstutímans auk þess sem einn passúsálmur Hallgríms Péturssonar verður tekinn fyrir á hverjum tónleikum. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og aðgangseyrir er 1.000 kr.



LISTIN KEMUR FRAM ÚR ERMinni Alþýðulistakonan Jenný sýnir í Gerðubergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ég yrði ómöguleg ef ég færi að læra eitthvað um listina

Jónína Katrín Jónsdóttir, Jenný, er sjálfmenntuð alþýðulistakona. Hún sýnir verk sín í Gerðubergi um þessar mundir.

„Það eru engar fyrirmyndir,“ segir alþýðulistakonan Jenný (Jónína Katrín Jónsdóttir), sem nú sýnir í Gerðubergi.

„Ég byrjaði bara á þessu allt í einu því ég hafði ekkert að gera. Var búin að þrjúna peysur og sauma en var orðin leið á því. Ég átti tauliti og fékk mér léreft inn í skáp og byrjaði að mála. Þetta

bara kom einhvern veginn. Svo fór ég að leika mér með akrýl á striga og svo hef ég límt myndir á striga og málað með akrýl á milli og stundum með krit. Þetta er bara skemmtilegt.“

Jenný segist hafa verið þunglynd þegar henni var boðið að sýna í Gerðubergi og því kallar hún sýninguna „Það kviknaði líf“.

„Ég málaði mikið. Það eru milli tuttugu og þrjátíu myndir á sýningunni og það hefur gengið vel að selja. Það eru ellefu seldar, enda eru þær á góðu verði. Þetta er fyrsta einkasýningin mín og það er bara mjög gaman að standa í þessu.“

Jenný er sjálfmenntuð í listinni. „Ég hef satt best að segja engan áhuga á að mennta mig því þetta kemur bara fram úr erminni. Ég byrja og svo kemur þetta bara. Ég held ég yrði bara ómöguleg ef ég færi að læra eitthvað. Ég verð að leika mér með litina sjálf. Ég fór reyndar á eitt námskeið en það kom ekkert flott út úr því. Þá urðu myndirnar bara líkar einhverju öðru. Ég vil það ekki.“

Jenný er fædd á Sauðárkróki árið 1955. Hún er snyrtifræðingur að mennt og lærði í því námi litafræði. Sýningin í Boganum í Gerðubergi stendur yfir til 21. mars. [drgunni@frettabladid.is](mailto:drgunni@frettabladid.is)

## Hvernig á að sækja um vinnu erlendis?

Stutt síðdegisnámskeið þar sem starfstækifæri erlendis verða kynnt. Farið verður yfir hvernig gera má ferilskrá svo að hún skili sem bestum árangri og hvernig á að skrifa og fylgja eftir umsókn. Auk þess verður bent á það sem þarf að hafa í huga þegar flutt er til nýs lands. Þátttaka er ókeypis.

Staður: Norræna félagið, Óðinsgötu 7  
Stund: Miðvikudaginn 17. febrúar, kl. 16.30-18.00.  
Skráning: [hallo@norden.is](mailto:hallo@norden.is). Takmarkað húsrúm.



Sumarvinna á Norðurlöndum.  
[www.nordjobb.net](http://www.nordjobb.net)



EES vinnumiðlun  
[www.eures.is](http://www.eures.is)

HALLÓ NORÐURLÖND!

Upplýsingaþjónusta  
[www.hallonorden.org](http://www.hallonorden.org)

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 16. febrúar 2010

#### → Afþreying

Rauðakrosshúsið að Borgartúni 25 býður upp á fjölbreytta dagskrá með fræðslu, ráðgjöf og frístundanámskeiðum. Nánari upplýsingar og dagskrá [www.raudakrosshusid.is](http://www.raudakrosshusid.is).

#### → Tónleikar

20.00 Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari og Þórunn Ósk Marínósdóttir víólu-leikari verða með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á einískránni verða verk eftir Árna Egilsson, Georges Enesco, Benjamin Britten og Johannes Brahms.



#### → Kvikkmyndir

20.00 Kvikkmyndasafn Íslands sýnir mynd Lárusar Ýmis Óskarssonar, Ryð (1990). Sýningin er í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á [www.kvikkmyndasafn.is](http://www.kvikkmyndasafn.is).

#### → Söngleikur

20.00 Nemendamátsnefnd Verzlunarskólans sýnir söngleikinn Thriller í Loftkastalanum við Seljaveg. Nánari upplýsingar á [www.midi.is](http://www.midi.is).

#### → Fyrirlestrar

12.00 Stefán Már Stefánsson flytur erindi um stjórnskrár, fullveldishugtakið og Evrópusambandið á fyrirlestri sem hann flytur hjá Háskóla Akureyrar í Sölborg við Norðurslóð (L201).

12.05 Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur flytur erindið „Ég var ekki falur neinu valdi“ um Gunnar Gunnarsson og dómur sögunnar“. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

#### → Sýningar

Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á verkum Jónu Þorvaldsdóttur. Opnið mán.-fös. kl. 13-17, lau.-sun. kl. 13-17.

Sara Vilbergsdóttir hefur opnað sýninguna „Andlit“ í Gallerí Fold við Rauðarástig. Opnið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.



Í sýningarrými Bókasafnsins í Þorlákshöfn við Hafnarberg, hefur verið opnuð sýning um feril torfærakappans Gísla Gunnars Jónssonar. Opnið mán.-mið. kl. 11-18, fim. kl. 14-20 og fös. kl. 11-17.

Þjórg Atla hefur opnað málverkasýninguna „Tilbrigði við stef“ í Listasal Garðabæjar. Opin alla kl. 13-18.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is).





**Tvöfaldaðu endurgreiðsluna!**

Innleystu ávísunina á sjova.is og þú gætir tvöfaldað endurgreiðsluna!

## Ávísun á ánægju

# 17.8065

fjölskyldur í Stofni fá senda endurgreiðsluávísun

Þessa dagana berst Stofn endurgreiðslan inn á þúsundir heimila. Tjónlausir og skilvísir viðskiptavinir í Stofni fá þá endurgreiddan hluta iðgjalda síðasta árs. Það er ávísun á ánægju.

#### Kostir þess að vera í Stofni

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð
- Námskeið um nágrannavörslu
- Afsláttur af barnabílstólum
- Frí flutningstrygging
- Bílaleigubíll ef þú lendir í kaskótjóni
- Afsláttur af öryggisvörum og barnavörum
- Önnur skemmtileg tilboð

Kynntu þér Stofn á [sjova.is](http://sjova.is) eða fáðu nánari upplýsingar í síma 440 2000

**SJÓVÁ**

**STOFN**



## > EKKERT Í GANGI

Benito Perez-Barbadillo, talsmaður spænska tenniskappans Rafael Nadal, hefur vísað því á bug að skjólstaðingur hans og kólumbíska poppstjarnan Shakira ætli að rugla saman reitum. Sá orðrómur hefur verið í gangi í þó nokkurn tíma en nú hefur verið skrifað fyrir það.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Umboðsmaður vildi Thin Jim

Hljómsveitin Thin Jim and the Castaways hefur breytt nafninu sínu í Thin Jim. Ástæðan er sú að bandarískur umboðsmaður sveitarinnar taldi styttra nafnið henta útvarpsmönnum betur.

„Richard, umboðsmaðurinn okkar í Bandaríkjunum, bað okkur að stytta nafnið einfaldlega vegna þess að sumir útvarpsmenn eru svo latir að þeir taka fyrir við sér ef bönd hafa stutt og hnitmiðuð nöfn,“ segir Jökull Jörgensson úr Thin Jim. „Svo við breyttum þessu snarlega. Svona er nú bransinn.“

Sveitin er að reyna að koma



PRÍR SÖNGVARAR Margrét Eir, Kristófer Jensson og Erna Hrönn syngja með hljómsveitinni Thin Jim.

sér á framfæri í Bandaríkjunum með hjálp umboðsmannsins, sem hefur sent fjögur lög hennar til fjölda

útvarpsstöðva. „Ég sendi honum fjögurra laga plötu í 300 eintökum og hann kom þeim á 300 útvarpsstöðvar

víðs vegar um Bandaríkin og Kanada,“ segir Jökull og bætir við að lög sveitarinnar séu spiluð reglulega á tólf útvarpsstöðvum, sem sé bara hið besta mál. Stefanur hefur síðan verið sett á plötuútgáfu og bíður Thin Jim eftir því að góður samningur detti á borðið. Spilamennska í Bandaríkjunum er einnig í farvatninu.

Næstu tónleikar sveitarinnar verða í bíósal Hótel Loftleða á föstudaginn klukkan 21. Bíósalurinn er vel varðveitt leyndarmál í Reykjavík en þar varði Bobby Fischer löngum stundum meðan á einvígi hans við Boris Spasski stóð.



BARNAKARL Robbie Williams er að verða tilbúinn fyrir föðurhlutverkið.

## Robbie langar í börn

Robbie Williams lýsti því yfir í samtali við breska blaðið The Sun að hann væri smám saman að verða reiðubúinn fyrir föðurhlutverkið. Robbie, sem hefur átt í miklum vandræðum með eiturfylfja- og áfengisfíkn, hefur fundið ástina í örmum Ayda Field og hún ku víst vera ansi áhugað um að stofna fjölskyldu. „Ég er smám saman að komast inn á þessa braut en þetta á eftir að taka langan tíma,“ sagði Robbie við The Sun.



MADONNA Söngkonan Madonna ætlar að leikstýra sinni annarri kvikmynd.

## Mynd um ævi Játvarðs

Söngkonan Madonna ætlar að leikstýra og skrifa handritið að dramatískri mynd sem verður byggð á ævi Játvarðs VIII., konungs yfir Bretlandi. Þetta verður önnur myndin sem Madonna leikstýrir. Fyrir tveimur árum sendi hún frá sér Filth and Wisdom, sem fékk herfilega dóma hjá gagnrýnendum og litla aðsókn.

Söguþráðurinn er áhugaverður því söguhetjan Játvarður afsalaði sér krúnunni árið 1936 til að geta kvænt bandarísku konunni Wallis Simpson. Vera Farmiga úr Up in the Air hefur verið orðuð við hlutverk Simpson.



FEÐGAR Á FERÐ Bjarni Harðarson og Egill sonur hans ásamt bæjarbúum í litlu þorpi nálægt bænum Bonga í Eþíópíu.

MYND/ISMAEL ZANSU

# Feðgarnir ferðast saman um villta vestrið í Eþíópíu

Feðgarnir Bjarni Harðarson og Egill eru að ferðast saman um Afríku í annað skipti. Þeir hafa gengið um skóglendi og hlustað á margfróðar gamlar konur segja sögur.

„Við erum eiginlega í villta vestrinu hérna í Eþíópíu og höfum verið í riflega viku,“ segir bóksalinn og fyrrverandi þingmaðurinn Bjarni Harðarson.

Bjarni hefur verið á ferðalagi um Afríku ásamt Agli syni sínum síðustu vikur. Feðgarnir hafa ekki farið alfaraleiðir og í Eþíópíu hittu þeir ekki einn einasta ferðamann af vestrænum uppruna í heila viku. „Við höfum farið með yfirfullum smárútum heimamanna um fjallendi og gíst í litlum sveitaborpum

þar sem lítið fer fyrir þeim lúxus sem mörgum þykir tilheyrja á ferðalögum,“ segir Bjarni. „Erfiðast er að venjast því að komast ekki í sturtu og nota salernisaðstöðu þá sem heimamenn telja boðlega, en það er ekki út frá þeim mælikvarða sem við erum vanastir. En þetta hefur verið frábær tími og einmitt með því að fara svona út úr hefðbundnum leiðum tekst okkur að nálgast mannlífið og alþýðumenningu sveitanna.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Bjarna höfðu feðgarnir gengið um skóglendið sem umlykur bæinn Bonga, þar sem þeir dvöldu í nokkra daga. „Borg þessi er bæði í frumskógi og fjallendi og hér gengur maður hvarvetna fram á litla sveitabæ þar sem, búa eins og í ævintýrunum, fátækir skógarhöggsmenn og sjálfsþurftarbændur,“ segir Bjarni. „Uppi í trjánum

sveifla sér apar og það kemur fyrir að maður rekest á stærri skepnur eins og flóðhesta. Skemmtilegast er þó að kynnast mannlífinu og vera boðið í fátækkrakaffi í litlum strákofum þar sem margfróðar og gamlar konur tala við okkur á sinni eigin tungu og við vitum það eitt að þær hafa frá mörgu að segja.“

Bjarni og Egill hafa einu sinni farið saman í sambærilegt ferðalag. Þá fóru þeir til Keníu og Úganda, ásamt Evu dóttur Bjarna. Þá var Egill aðeins 14 ára gamall, en hann varð 22 ára í nú febrúar. „Ætli megji ekki segja að forystan hafi þá verið í mínum höndum en það hefur snúist við enda er Egill orðinn mikill sérfræðingur í ferðalögum sem þessum,“ segir Bjarni. „Það er vissulega nokkurt harðræði fyrir 48 ára gamlan mann að fylgja honum eftir en gríðarlega skemmtilegt.“ atlifannar@frettabladid.is

## Í baráttuhug

Cheryl Cole, söngkonan úr Girls Aloud og eiginkona knattspyrnumannsins Ashley Cole, segist ætla að berjast fyrir hjónabandi sínu. Breskir fjölmiðlar hafa birt fréttir af því að Ashley hafi sent tveimur stúlkum nektarmyndir af sjálfum sér og textaskilaboð með óskum um nánari kynni.

„Ef það er þess virði að berjast fyrir, þá á maður að berjast. Og hvað mig og Ashley varðar þá er hjónabandið þess virði að berjast fyrir því.“



CHERYL COLE Ætlar ekki að gefast upp.



LEONARDO DICAPRIO DiCaprio var ekki með sjálfum sér eftir velgengni Titanic.

## Ekki samur eftir Titanic

Leonardo DiCaprio segist ekki hafa verið með sjálfum sér eftir velgengni kvikmyndarinnar Titanic. Leikarinn varð stórstjarna á einni nóttu eftir að myndin kom út, og sópaði hún í framhaldinu til sín Óskarsverðlaunum.

„Á þessum tíma voru þessir net-ljósmyndarar ekki ofan í manni eins og núna. En ég var ekki sami maður eftir þetta. Ég var orðinn að einhverju fyrirbæri,“ sagði DiCaprio, sem næst sést í myndinni Shutter Island.

# 50% afsláttur af útsöluvörum

# VERÐLISTIÐ

v/Laugalæk • sími 553 3755





## + Húð um hávetur

Þú kannast við það hvernig húðin verður þurr í kuldanum. En þótt frostið sé hart getur þú haldið húðinni mjúkri. Við hjá Lyfju mælum með því að nota krem til að halda rakastigi húðarinnar í lagi. Komdu við í Lyfju og fáðu góð ráð fyrir þína húð.

ÍSLENSKA STAUS LYFJ 49007 02/10

+ Gildir til 22.2. 2010

## Debucal

DECUBAL húðkremið 100 gr.  
Ætlað allri fjölskyldunni.

~~905 kr.~~  
**724 kr. +**



DECUBAL recover húðkremið  
100 gr. Sérstaklega ætlað fyrir  
þurra og viðkvæma húð.

~~1438 kr.~~  
**1.150 kr. +**



## Locobase

LOCOBASE fjölskyldukremið  
100 gr. Fjölskyldukrem fyrir þurra  
húð, sem verndar og endurnýjar  
rakainnihald húðarinnar.  
Inniheldur hvorki ilm né litarefni.

~~1867 kr.~~  
**1.093 kr. +**





**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

600 KR. THE WOLFMAN  
600 KR. THE LIGHTNING THIEF  
600 KR. EDGE OF DARKNESS  
600 KR. IT'S COMPLICATED

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR  
TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR

SÝNINGARTÍMAR

THE WOLFMAN	kl. 8 og 10:10	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5:40	10
EDGE OF DARKNESS	kl. 8 og 10:20	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5:40, 8 og 10:20	12
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM... 3D	kl. 6 - ísl. tal	L

HEIMSRUMSÝND Á ÍSLANDI

TILBOÐ

Disney · PIXAR

TOY STORY 2 3D

sýnd með íslensku tali

VALENTINE'S DAY

FRÁ SAMAN LEIKSTJÓRA OG FÆRDI OKKUR PRETTY WOMAN  
FRÁBER GAMANSÓMU OG ROMÁNTISK MYND  
SUMIR ERU HEPPINIR Í ÁSTUM ADRIR EKKI!

MAYBE I SHOULD HAVE  
AN EDUCATION  
WHERE THE WILD THINGS ARE  
UP IN THE AIR  
SHERLOCK HOLMES  
B.JARNFREÐARSON  
PLANET 51

ÁLFAKAKKA

VALENTINE'S DAY	kl. 5:30 - 8D - 10:40D	L
VALENTINE'S DAY	kl. 8 - 10:40	VIP
THE WOLFMAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	16
TOY STORY 2 M/Ísl. Tali	kl. 5:50 (3D)	L
THE BOOK OF ELI	kl. 10:20	16
AN EDUCATION	kl. 8	L
AN EDUCATION	kl. 5:50	VIP
WHERE THE WILD THINGS ARE	kl. 5:50	7
UP IN THE AIR	kl. 8	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 8 - 10:40	12
B.JARNFREÐARSON	kl. 5:50 - 10:10	L
PLANET 51 M/Ísl. Tali	Sýnd á Föstudag	L

PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓNUM Í DAG KR. 600  
GILDIR EKKI Í VIP Á ÍSLENSKA TALI MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

KRINGLUNNI

VALENTINE'S DAY	kl. 5:40D - 8:10D - 10:40D	L
MAYBE I SHOULD HAVE	kl. 6	L
THE BOOK OF ELI	kl. 8:10D - 10:40D	16
UP IN THE AIR	kl. 10:20	L
B.JARNFREÐARSON	kl. 6 - 8:10	L
PLANET 51 M/Ísl. Tali	Sýnd á Föstudag	L

AKUREYRI

TOY STORY 2 - 3D	kl. 6	L
VALENTINE'S DAY	kl. 8 - 10:20	L
PLANET 51 M/Ísl. Tali	kl. 6	L
THE BOOK OF ELI	kl. 8	16
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:20	12

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSRUMSÝNING!

600 KR. Gildir ekki í Lúxus

THE WOLFMAN

PERCY JACKSON LEGGUR Á SIG MIKIÐ FERÐALAG TIL AD BJARGA HEIMINUM FRÁ TORTYINGU GUDANNA!

THE LIGHTNING THIEF

600 KR. Gildir ekki í Lúxus

THE WOLFMAN LÚXUS

THE LIGHTNING THIEF LÚXUS

EDGE OF DARKNESS

NINE

SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 3D

SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D

AVATAR 3D

ALVIN OG ÍKORNARNIR 2

111.000 GESTIR!

600 KR. Gildir ekki í Lúxus

EDGE OF DARKNESS

600 KR. Gildir ekki í Lúxus

NINE

SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 3D

SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D

AVATAR 3D

ALVIN OG ÍKORNARNIR 2

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

THE WOLFMAN	kl. 8 - 10:40	16
THE WOLFMAN LÚXUS	kl. 8 - 10:40	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
THE LIGHTNING THIEF LÚXUS	kl. 5:30	10
EDGE OF DARKNESS	kl. 8 - 10:30	16
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 3D	kl. 3:40 - 5:50 íslenskt tal	L
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D	kl. 3:40 - 5:50 íslenskt tal	L
AVATAR 3D	kl. 4:40 - 8	10
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3:30 íslenskt tal	L

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919

THE WOLFMAN	kl. 8 - 10:30	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10:35	L
MAMMA GÓGÓ	kl. 6	12
AVATAR 3D	kl. 6 - 9:20	10
NIKULÁS LITLI	kl. 6	L

facebook.com/smarabio

REGNBÓGINN Sími 551 9000

THE LIGHTNING THIEF	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
IT'S COMPLICATED	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
NINE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D	kl. 5:50 íslenskt tal	L
JULIE & JULIA	kl. 8 - 10:30 Söustusýningar	L

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

THE WOLFMAN	kl. 8 - 10	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 8 - 10:10	10
EDGE OF DARKNESS	kl. 5:50	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5:50	12

## Etja kappi við sveitunga sína

Dálítið sérstök staða er komin upp í spurningabættinum Útsvari því í undanúrslitum næsta föstudag mætast Dalvíkurbyggð og Reykjavík. Tveir liðsmanna Reykjavíkur, þau Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, og Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hafa töluverðra hagsmuna að gæta á Dalvík og eru í erfiðri stöðu.

Lögreglustjórinn á fjölda ættingja á Dalvík og Svanhildur og eiginmaður hennar, Logi Bergmann Eiríksson, eiga hús í bænum og sennilega er helmingur bæjarbúa skyldur Svanhildi með einhverjum hætti. „Þetta var ekki mitt fyrsta val. Þegar ég sá að Dalvíkurbyggð væri komin áfram þá hugsaði ég með mér að þessi tvö lið mættu ekki mætast,“ segir Svanhildur en sú ósk rættist ekki. Hún vonast þó til að Dalvíkingar erfi þetta ekki við hana. „Reynd-



**ERFIÐ STAÐA** Stór hluti ættingja Stefáns býr á Dalvík og Svanhildur Hólm og Logi Bergmann eiga hús á Goðabraut á Dalvík. Þau Stefán og Svanhildur mæta hins vegar liði Dalvíkur á föstudaginn í Útsvar en þau keppa fyrir hönd Reykjavíkur.

ar held ég að þeir geri það ekki, þetta er mikið öðlingsfólk og ég vona að þeir skilji að ég það ekki um þessa viðureign.“ Stefán Eiríksson ótt-

ast ekki að honum verði úthýst úr öllum kaffiboðum á Dalvík. „Við verðum bara að sjá hvernig þetta fer, ég vona að ég eigi inni kaffiboð þegar þessu verður lokið. Við Svanhildur erum með þannig keppnisskap að við stefnum á að vinna þetta.“

Svanfríði Ingu Jónasdóttur, bæjarstjóra í Dalvíkurbyggð, þykir þetta afleit staða en svona geti þetta stundum verið. „Svanhildi verður allavega ekki vísað úr bænum. Annars eiga þau bæði tvö samúð mína skilda, mamma hans Stefáns var nefnilega í gagnfræðiskólanum hér,“ segir Svanfríður.

-fgg

## Of feitur fyrir flugvélina

Leikstjóranum Kevin Smith var meinað að fljúga frá Oakland til Burbank í Kaliforníu vegna þess að hann þótti of feitur fyrir flugvélina. Smith brást hinn versti við.

Kevin Smith, sem hefur leikstýrt myndum á borð við Clerks og Chasing Amy, var á heimleið eftir að hafa haldið ræðu í San Francisco. Flugmanni vélarinnar þótti leikstjórnin of feitur til að sitja í aðeins einu flugsæti og vísaði honum á brott.

Þetta ætti reyndar ekki að koma á óvart því Smith hefur hreinlega blásið út undanfarin ár á sama tíma og reglur flugfélaga gagnvart feitlögnu fólki hafa verið hertar til muna.

„Ég er mjög feitur en ég er ekki alveg svona feitur. Ef þið lítið út eins og ég getið þið átt von á því að vera vísað úr flugvél Southwest Air,“ skrifaði Smith bálreiður á Twitter-síðu sína og lét fylgja með mynd af sér úr flugvélinni með uppblásnar kinnar.

Talsmenn flugvélsins segja það stefnu sína að farþegarnir þurfi að passa vel og örugglega í sætið sitt. Ef ekki þurfa þeir að gera aðrar ráðstafanir.

Eftir að Smith og fjöldi aðdáenda hans mótmæltu uppákomunni á Netinu ákvað flugfélagið að biðja leikstjórnann afsökunar á sinni eigin Twitter-síðu og síðar meir á heimasíðu sinni þar sem afsökunarbeiðnin var birt undir fyrirsögninni: „Ekki svo hjóólátur Bob“. Þar var verið að vísa í persónu Smiths, Silent Bob, sem hann hefur leikið í þónokkrum myndum. Þar kom fram að flugfélagið hefði útvegað Smith pláss í annarri flugvél sem flaug síðar um daginn. Bæði Smith og flugfélagið voru sammála um að hann hefði upphaflega keypt sér tvö flugsæti til að komast alveg örugglega fyrir



**OF FEITUR** Leikstjórnin Kevin Smith þótti of feitur til að geta setið í einu flugsæti á leið sinni heim.

en til að komast fyrr heim til sín fór hann með vél þar sem aðeins eitt sæti var í boði. Þrátt fyrir það hélt leikstjórnin því fram að hann hefði getað sett báða sætisarmana niður og spennt beltíð.

Næsta kvikmynd Smiths nefnist Cop Out þar sem Bruce Willis fer með aðalhlutverkið. Um gamanmynd er að ræða og verður hún frumsýnd 26. febrúar í Bandaríkjunum.

## Dave Smith semur við Bloodgroup

„Við notum græjurnar frá þeim mjög mikið,“ segir Ragnar Láki, meðlimur hljómsveitarinnar Bloodgroup.

Ragnar hefur gert samning við hljóðgervlafyrirtækið Dave Smith sem felur í sér ríflegan aflslátt af hljóðfærum og búnaði. Sagan af samningnum hófst þegar hljóðgervill Ragnar's bilaði. „Ég og ein sem vinnur þarna vorum í email-samskiptum, hún var að hjálpa mér að laga þetta,“ segir hann, „Það tókst svo vel og ég var svo þakklátur að ég sendi henni lag með okkur að gjöf. Hún leyfði öllum í fyrirtækinu að heyrja og þau filuðu það svo vel að þau buðu mér dýlín.“

Nafn Ragnar's er í fríðum hópi á lista á vefsíðu Dave Smith yfir listamenn sem nota hljóðfæri frá framleiðandanum. Þar eru meðal annars Joe Lester úr Silversun Pickups, Feliz Martin úr Hot Chip og sjálfur Chris Martin úr Coldplay. „Þetta er flottur listi,“ segir Ragnar og bætir við að auk aflsláttarins sé fin kynning fólgin í því að vera á listanum.

-afb



**BYRIJADI Á BILUN** Ragnar (lengst t.h.) hafði samband við Dave Smith þegar hljóðgervill frá honum bilaði, en endaði á því að fá ríflegan listamannaflátt af vörum fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**Stefán Jón Sigurgeirsson**  
 Völsungur, Húsavík  
 Keppnisgrein >> Sving, risasving  
 og tvíkeppni (brun+svig)

**Íris Guðmundsdóttir**  
 Skíðafélag Akureyrar  
 Keppnisgrein >> Risasving,  
 stórsving og sving  
 Skíðakona ársins 2009

**Björgvin Björgvinsson**  
 Skíðafélag Dalvíkur  
 Keppnisgrein >> Sving, stórsving  
 og tvíkeppni (brun+svig)  
 Skíðamaður Íslands  
 2008 og 2009

**Árni Þorvaldsson**  
 Skíðadeild Ármanns  
 Keppnisgrein >> Risasving

# Gangi ykkur vel!

Ólympíufjölskyldan hvetur alla til að fylgjast með íslensku afreksfólki á Ólympíuleikunum í Vancouver.

## Keppnis dagar

Tvíkeppni karla >>	16. febrúar
Risasving karla >>	19. febrúar
Risasving kvenna >>	20. febrúar
Stórsving karla >>	21. febrúar
Stórsving kvenna >>	24. febrúar
Sving kvenna >>	26. febrúar
Sving karla >>	27. febrúar





## > Ekkert ákveðið enn með Egilshöllina

Handknattleikssambandið er ekki búð að ákveða það hvar landsleikirnir tveir við heims-, ólympíu- og Evrópumeistara Frakka fara fram 16. og 17. apríl en það kemur enn til greina að spila leikina í Egilshöll. Einar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði í gær að það væri verið að bíða eftir fleiri tilboðum í leigu á sætum fyrir 7.000 áhorfendur og sambandið ætlar að nota þessa viku til þess að ákveða hvar leikirnir verða spilaðir. Þetta verða fyrstu landsleikir strákanna okkar síðan þeir unnu bronsíð á Evrópumótinu í Austurríki á dögunum en undanfarin ár hafa færri komist að en vildu á landsleiki strákanna í Laugardalshöllinni.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## SVERRE JAKOBSSON: ER Á BATAVEGI EFTIR AÐ HAFNA MEIÐST ILLA Á AUGA Á ÆFINGU MEÐ GROSSWALLSTADT

# Vissi ekki hvort ég væri kominn til himnaríkis

Íslenski landsliðsmaðurinn og varnartröllid Sverre Jakobsson er óðum að ná sér eftir að hafa meiðst illa á vinstra auga á æfingu með þýska liðinu Grosswallstadt.

„Þetta gerðist fyrir viku síðan þegar við vorum að gera vissar æfingar og spila ákveðið kerfi. Ég var að spila sem línumaður og var að hlaupa frá hægri til vinstri og stóð bara rólegur á sex metrunum þegar ein skytta hjá okkur fær boltann og stekkur upp og á að skjóta á markið en það gekk ekki betur en svo hjá honum að hann dúndraði boltanum bara í smettið á mér. Boltinn fór eiginlega beint í vinstra augað á mér og þetta á náttúrulega ekki að vera hægt þegar maður stendur bara á sex metrunum og ég var í þokkabót ekki einu sinni að horfa á hann þannig að ég sá þetta ekki koma. Það næsta sem ég sá voru bara ljósni uppi í loftinu á höllinni og ég vissi ekki hvort ég væri kominn til himnaríkis eða hvað væri eiginlega í gangi,“ segir Sverre og hlær.

Nú, viku eftir að atvikið átti sér stað, sér Sverre fram á að geta byrjað fljótt aftur að æfa og vonast til þess að ná að

spila þarnaesta leik með liði sínu.

„Það sem gerði þetta verra var að linsan sem var í auganu á mér fór náttúrulega í mask og augnlækkinum sem skoðaði mig fyrst leist ekkert alltof vel á þetta því það blæddi mikið inn á augað. Ég reikna með því að þetta taki viku í viðbót ef allt fer að óskum og þá verð ég vonandi klár í slaginn eftir næsta leik. Ég fór í skoðun í dag [í gær] og þetta er allt á rétttri leið held ég og ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til annars en að halda að ég nái mér bara fullkomlega aftur. Hættan er náttúrulega að það blæði aftur inn á augað og ef það gerist þá er væntanlega einhver rífa á hornhimnunni í auganu sem þyrfti að laga með einhvers konar aðgerð og það myndi þýða að ég yrði lengur frá en útlit er fyrir núna. Ég þarf bara að taka því rólega áfram og vona það besta,“ segir Sverre vongóður.



**FLOTTUR** Jakob Örn Sigurðarson hefur slegið í gegn með dreknum frá Sundsvall.

Jakob Örn Sigurðarson:

## Verður áfram hjá Sundsvall

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson hefur skrifað undir nýjan samning við sænska liðið Sundsvall Dragons en Jakob hefur spilað frábærlega með liðinu í vetur.

„Þetta er mikil breyting hjá mér því ég hef alltaf verið langt fram á sumar að finna lið og skrifa undir einhvers staðar,“ segir Jakob. „Það var mikill áhugi hjá þeim og mér líka. Mér hefur liðið vel hérna. Liðinu gengur vel og mér persónulega gengur mjög vel. Þetta er örugglega mitt besta tímabil í Evrópu,“ segir Jakob sem er sjötti stigahæsti leikmaður deildarinnar með 18,1 stig í leik.

„Þetta er ekki alveg tveggja ára samningur. Þetta er eitt ár og svo eftir næsta ár þá hef ég ákveðið tíma til að skoða mig um. Ef ekkert annað betra tilboð kemur þá er ég með samning annað ár til viðbótar,“ segir Jakob.



**MOGGI** Hefur ekki mikla trú á ítölsku liðunum.

Luciano Moggi:

## Ítölsk lið ekki samkeppnishæf

**FÓTBOLTI** Luciano Moggi, fyrrum framkvæmdastjóri Juventus og mikill áhrifamaður innan ítalska fótboltans í mörg ár, hefur ekki mikla trú á ítölsku liðunum AC Milan, Inter og Fiorentina í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Moggi segir að gæði ítalska boltans séu á niðurléið í samanburði við þann enska og spænska. AC Milan mætir Manchester United á morgun, Fiorentina spilar við Bayern München á miðvikudaginn og Inter mætir Chelsea í næstu viku.

„Meistaradeildin hefst á nýjan leik í þessari viku og ég get ekki séð að ítalski fótboltinn sé lengur samkeppnishæfur meðal bestu fótballiða heims,“ sagði Luciano Moggi við Gold Sport. „Við getum talist heppin ef eitt okkar liða kemst áfram,“ sagði Moggi.

# Fimm nýliðar fá tækifæri

Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir tækifæri til að skoða ný andlit í Algarve-bikarnum í Portúgal seinna í þessum mánuði en hann tilkynnti 20 manna hóp sinn í gær. Edda Garðarsdóttir missir af sínu fyrsta landsliðsverkefni í sex ár.

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson ætlar sér að auka breiddina í íslenska kvennalandsliðinu á árinu 2010 og fyrsta skrefið þar er að taka fimm ungar og stórefnilegar knattspyrnukonur með á Algarve-bikarinn sem hefst með leik við Bandaríkin 24. febrúar.

„Það er töluvert um meiðsli og forföll en svo hafa líka þessir ungir leikmenn staðið sig mjög vel. Þær voru góðar á æfingunum okkar í janúar og febrúar og hafa farið vel af stað á þessu ári,“ segir Sigurður Ragnar um ástæður þess að hann tekur svo marga nýliða inn.

„Það á enginn að vera í áskrift í landsliðinu og við áttum að mínu mati slakan leik úti á móti Norður-Írum. Það var tækifæri núna til að skoða ný andlit því það er mjög gott að skoða það núna hverjir eru næstu leikmenn inn í hópinn og hvernig þær standa sig á móti sterkum andstæðingum,“ segir Sigurður Ragnar. Hann valdi þær Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur úr Breiðabliki, Dagnýju Brynjarsdóttur og Thelmu Björk Einarsdóttur úr Val, Elínborgu Ingvarsdóttur og Mist Edvarsdóttir úr KR í hópinn sinn.

„Mér finnst Berglind vera mjög efnilegur markaskorari. Dagný getur bæði spilað frammi en hentar jafnvel ennþá betur í svæðinu á milli miðju og sóknar,“ segir Sigurður Ragnar og hann sér miklar framfarir hjá Dagnýju.

„Dagný hefur mikla yfirferð og er í mjög góðu formi. Hún kom best út í þrekprófi af öllum leikmönnum landsliða kvenna. Hún hljóp lengst af öllum í Cooper-prófi í janúar. Maður hefur séð miklar framfarir hjá henni núna frá því í fyrra. Hún er á mikilli uppleið,“ segir Sigurður Ragnar.

„Elínborg hefur staðið sig mjög vel með yngri landsliðunum. Hún er varnartengiliður, dugleg, vinnusöm og aggressív,“ segir Sigurður en tveir aðalvarnartengiliðir liðsins, Edda Garðarsdóttir og Dóra



**ÆTLAR AÐ AUKA BREIDDINA** Sigurður Ragnar Eyjólfsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stefánsdóttir, eru báðir meiddir.

„Mig langar svolítið að skoða Mist sem hafsent. Hún hefur verið að spila hafsent eða sem varnartengiliður hjá KR. Hún er líkamlega sterk og góður skallamaður. Hana vantar aðeins upp á hraðann en hefur margt til að bera til þess að verða framtíðar-hafsent í íslenska landsliðinu,“ segir Sigurður.

„Telma Björk átti frábært tímabil með Val sem vinstri bakvörður. Hún var í flestum liðum ársins og var mjög sterk með 19 ára liðinu í fyrra. Hún er mjög spennandi kostur fram á við sem bakvörður þó að ég vildi sjá hana bæta sig ennþá meira sem varnarmaður einn á móti einum,“ segir Sigurður Ragnar.

Edda Garðarsdóttir gat ekki verið með á mótinu vegna meiðsla og er þetta fyrsti landsliðshópurinn síðan í ársbyrjun 2004 þar sem Edda er ekki með. „Edda er með beinmar í hné en þetta eru meiðsli sem hún fékk á landsliðsæfingu í byrjun janúar. Hún er ekki búin að ná sér og við verðum bara að vona að hún verði orðin góð fyrir móta-leikina í byrjun mars,“ segir Sigurður.

„Okkur fannst við ekki hafa nógu mikla breidd og eitt af okkar verkefnum verður að búa hana til. Ég lít á þetta sem kærkomið verkefni til þess að búa til góða breidd og gera fleiri klárar í þá hugmyndafræði sem við viljum nota í landsliðinu.“

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Iceland Express karla

**Grindavík-Breiðablik** 94-68 (43-39)  
**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 21, Ólafur Ólafsson 18, Darrell Flake 18, Ómar Sævarsson 14, Brenton Birmingham 12, Ármann Vilbergsson 6, Guðlaugur Eyjólfsson 4, Björn Steinar Brynjólfsson 1.

**Stig Breiðabliks:** Jeremy Caldwell 21 (21 frákest), Aðalsteinn Pálsson 11, Ágúst Angantýnsson 10, Jonathan Schmidt 10, Daniel G. Guðmundsson 9, Jónas Ólafsson 5, Þorsteinn Gunnlaugsson 2.

**FSu-Snaefells** 116-133 (60-75)

**Stig FSu:** Richard Williams 40 (10 frákest), Aleksas Zimnickas 24, Kjartan Kárasón 16, Sæmundur Valdimarsson 12, Christopher Caird 12, Jake Wyatt 6, Orrí Jónsson 5.

**Stig Snaefells:** Sean Burton 25 (8 stoðs.), Sigurður Þorvaldsson 24, Hlynur Bæringsson 22 (8 frákest), Jón Ólafur Jónsson 22, Sveinn Arnar Davíðsson 15, Martins Berkis 15, Emil Þór Jóhannsson 6, Pálmi Fannar Helgason 2, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 2.

**Tindastóll-Stjarnan** kl. 19.15 í kvöld

### STADAN Í DEILDINN:

	17	14	3	1575-1370	28
2. Keflavík	17	13	4	1602-1364	26
3. Grindavík	17	12	5	1613-1376	24
4. Snaefell	17	12	5	1613-1399	24
5. Stjarnan	16	12	4	1396-1305	24
6. Njarðvík	17	12	5	1509-1328	24
7. Hamar	17	6	11	1438-1500	12
8. ÍR	17	5	12	1399-1546	10
9. Tindastóll	16	5	11	1315-1449	10
10. Fjölnir	17	5	12	1333-1502	10
11. Breiðablik	17	4	13	1332-1527	8
12. FSu	17	1	16	1269-1728	2

### Hópurinn á Algarve:

**Markmenn:** Þóra Björg Helgadóttir (Ldb Malmö) og Guðbjörg Gunnarsdóttir (Djurgården).

**Varnarmenn:** Katrín Jónsdóttir (Valur), Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (Örebro), Erna Björk Sigurðardóttir (Breiðablik), Sif Atladóttir (Saarbrücken), Mist Edvarsdóttir (KR), Thelma Björk Einarsdóttir (Valur).

**Miðjumenn:** Dóra María Lárusdóttir (Valur), Hólmfríður Magnúsdóttir (Philadelphia), Katrín Ómarsdóttir (KR), Sara Björk Gunnarsdóttir (Breiðablik), Guðný Björk Óðinsdóttir (Kristianstad), Rakei Logadóttir (Valur), Dagný Brynjarsdóttir (Valur), Elinborg Ingvarsdóttir (Grindavík).

**Framherjar:** Margrét Lára Viðarsdóttir (Kristianstad), Rakei Hönnudóttir (Þór), Fannnis Friðriksdóttir (Breiðablik), og Berglind Björg Þorvaldsdóttir (Breiðablik).

Flestra augu verða á David Beckham þegar AC Milan tekur á móti Manchester United í kvöld:

# Kveðst ekki eiga harma að hefna

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með tveimur sannkölluðum stórleikjum þar sem annars vegar AC Milan mætir Manchester United og hins vegar Lyon tekur á móti Real Madrid.

David Beckham mun mæta Manchester United í kvöld í fyrsta skipti síðan hann yfirgaf félagið fyrir sjö árum en ekki liggur þó ljóst fyrir hvort hann verður í byrjunarliði AC Milan á San Siro-leikvanginum. Þegar Beckham fór frá United var mikið rætt um að það hefði verið vegna ósættis á milli hans og knattspyrnu-

stjórans Sir Alex Ferguson en leikmaðurinn gefur lítið út á það.

„Fyrir utan að vera goðsögn í knattspyrnuheiminum

var Ferguson mér alltaf eins og faðir og það hefur ekkert breyst sama á hverju hefur gengið. Ég á ekki harma að hefna gegn honum eða United. Það verður hins vegar óneitanlega skrítíð að mæta félaginu sem ég hef stutt í svo mörg ár því þetta verður í fyrsta skipti sem ég mun vona að United tapi,“ sagði Beckham á blaðamannafundi í gær. AC Milan hefur haft gott tak



**BECKHAM** Ber ekki kala í garð Manchester United eða knattspyrnuþjórans Sir Alex Ferguson.

NORDIC PHOTOS/AFP



# AC MILAN

Í kvöld

\*\*\*\*\*

V

\*\*\*\*\*

kl. 19:30

# MAN. ÚT



Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Í KVÖLD

19:30 LYON - REAL MADRID

Á MORGUN

19:30 PORTO - ARSENAL

19:30 B. MUNCHEN - FIORENTINA

**HEIMAVÖLLURINN ÓDÝRARI**  
OG FYRIR ALLA **FJÖLSKYLDUNA**

**ALGJÖRT DAUÐAFÆRI!**

**ÞÚ FÆRD MEIRA FYRIR PENINGINN Á HEIMAVELLI**

**HEIMAVÖLLUR**

Veitingarnar heima hjá þér eru ekki bara ódýrari heldur líka nákvæmlega eins og þú vilt hafa þær.



**ÚTIVÖLLUR**

2 BJÓRAR Á BAR 1.700 KR.  
1 HAMBORGARI 1.360 KR.  
1 FÓTBOLTALEIKUR  
SANTALS 3.060 KR.\*

\* Meðalverð hjá þremur sportbörum á höfuðborgarsvæðinu

\*\*\*\*\*

**5.650 KR**

ÁSKRIFTARTILBOÐ

\*\*\*\*\*

Á MÁNUDI Í 3 MÁNUDI

\*\*\*\*\*

**12.240 KR**

4 LEIKIR Í MÁNUDI

\*\*\*\*\*

4 FERDIR Á BARINN Á MÁNUDI

**ÞAD ÞURFA**

**ALLIR**  
AD EIGA SINN  
HEIMAVÖLL

\*\*\*\*\*

**ÞOKKALEGT**  
**BURST!**

\*\*\*\*\*

HEIMAVÖLLURINN VINNUR ALLTAF!

**ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT Í SÍMA 512-5100**



### > Thomas Jane

„Það er ekkert eins erfitt fyrir leikara og að standa og gera ekki neitt.“

Jane fer með hlutverk Ray Drecker í þættinum *Hung* sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.45.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HRÆÐIST EKKI HÁKARLA

### Stór, grár og ógurlegur

Vinkona mín getur ekki synt í sjó. Hún er veraldarvön, hefur ferðast um heiminn, legið á ströndum en þegar kemur að því að dýfa stóru tanni í saltan sjóinn fyllist hún skelfingu. Ástæðan? Nú, hún horfði á kvikmyndina *Jaws* þegar hún var lítil.

Ég hugsa að margir aðrir hafi sömu sögu að segja. Þó að við Íslendingar höfum lítið af hákörum að segja og varla nokkur landa okkar sem hefur orðið fyrir árásum hákarls, lífa margir í ótta við þann stóra gráa.

Ótti við hákarla er raunar ekki eina ástæðulausa hræðslan sem verður til, oft vegna áhrifa frá kvikmyndum. Þannig hefur mér aldrei líkað við köngulær, en ekki skánaði það þegar ég horfði á gæðamynd-



HÁKARLAR Margir lífa í ótta við þann stóra, gráa sem getur heldur betur verið skæður.

ina Arachnophobia í bekkjarferðalagi forðum. Slöngur, rottur og skordýr urðu líka að einhverju alveg skelfilegu í myndunum um Indiana Jones.

Hinn skynsami hluti heilans segir okkur líklega að hræðslan sé ástæðulaus hér á norðurhara veraldar. Mun nær væri að fyllast hræðslu við að stíga inn í bíl eða fara á hestbak. Hins vegar leitum við alltaf staðfestingar á óttanum. Ein leið er að horfa á Animal Planet. Þó að þar sé oft reynt að sýna dýr í jákvæðu ljósi, eru það oftan en ekki ofurhugar á borð við Steve Irwin – og hans líkar – sem ýfa upp óttann hjá áhorfendum með æsifrættastil sem myndi hæfa stríðsfréttamanni en varla dýraverndarsinna.

## PRÍÐJUDAGUR



20.10 Man About Town STÖÐ 2 BÍÓ



20.20 Læknamiðstöðin SJÓNVARPIÐ



20.35 The Big Bang Theory STÖÐ 2



21.50 It's Always Sunny In Philadelphia STÖÐ 2 EXTRA



21.55 The Good Wife SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

- 15.35 Útvar (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknáfréttir
- 17.30 Frumskógar Goggi (18:26)
- 17.52 Skellibær (20:26)
- 18.05 Vetrarólympíuleikarnir - Samantekt
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Læknamiðstöðin (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
- 21.05 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Snjóbretti)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Síðasti óvinurinn (The Last Enemy) (3:5) Vísindamaðurinn Stephen snýr heim til Bretlands eftir að Michael bróðir hans deyr. Ekkja Michaels skýrir ólöglegum innflytjanda og Stephen sogast inn í dularfulla og háskalega atburðarás.
- 23.25 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Alpatvíkeppi)
- 00.55 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Alpatvíkeppi)
- 02.10 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Skíðaskotfimi)
- 03.00 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Listdans á skautum)
- 05.35 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 06.20 Man About Town
- 08.00 Unaccompanied Minors
- 10.00 Nancy Drew
- 12.00 Speed Racer
- 14.10 Unaccompanied Minors
- 16.00 Nancy Drew
- 18.00 Speed Racer
- 20.10 Man About Town Rómantísk gamanmynd með Ben Affleck, John Cleese og Rebecca Romijn í aðalhlutverkum.
- 22.00 Girl, Interrupted Óskarsverðlaunamynd með Angelinu Jolie og Winonu Ryder í aðalhlutverkum.
- 00.05 Octopussy
- 02.15 Hellraiser 8: Hellworld
- 04.00 Girl, Interrupted
- 06.00 Across the Universe

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Strumparnir, Stóra teiknimyndastundin, Bratz
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.20 In Treatment (9:43)
- 10.55 Numbers (1:23)
- 11.45 Cold Case (12:23)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Til Death (11:15)
- 13.25 Agatha Christie - Nemesis
- 15.00 Sjáðu
- 15.30 Barnatími Stöðvar 2 Ofurörndin, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Strumparnir.
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (1:23)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men
- 19.45 How I Met Your Mother
- 20.10 Modern Family (3:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímajölskyldna.
- 20.35 The Big Bang Theory (23:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon.
- 21.00 Bones (2:22) Við fylgjumst með stórum „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í flóknum morðmálum.
- 21.45 Hung (7:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi um Ray Drecker, skólaliðspjálfa á fimmtugsaldri, sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi þar sem hann selur einmana konum blíðu sína.
- 22.15 Entourage (4:12)
- 22.45 Daily Show: Global Edition
- 23.10 Fringe (10:23)
- 23.55 Tell Me You Love Me (5:10)
- 00.45 R-Point
- 02.35 Agatha Christie - Nemesis
- 04.10 Bones (2:22)
- 04.55 Modern Family (3:24)
- 05.20 The Big Bang Theory (23:23)
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 16.05 Ensku bikarmörkin 2010 Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
- 16.35 Veitt með vinum: Grænland Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heimsótt.
- 17.05 Bestu leikirnir: Breiðablik - FH 18.05.09 Breiðablik tók á móti Íslandsmeisturum FH í 3. umferð Pepsi-deildar karla.
- 17.35 PGA Tour Highlights Skyggst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
- 18.30 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 19.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
- 19.30 AC Milan - Man. Utd. Bein útsending frá fyrri leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Lyon - Real Madrid
- 21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistararmörk
- 22.05 Lyon - Real Madrid Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 23.55 AC Milan - Man. Utd. Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 01.35 Meistaradeild Evrópu: Meistararmörk

## SPORT 2

enski boltinn

- 16.30 Liverpool - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.10 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 19.05 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.
- 19.35 Stoke - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 4. Wigan - Bolton
- 21.40 Arsenal - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.20 Stoke - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.20 7th Heaven (22:22)
- 17.05 Dr. Phil
- 17.50 Fyndnar fjölskyldumyndir (e)
- 18.20 High School Reunion (7:8)
- 19.05 What I Like About You (11:18) Bandarísk gamanseria um tveir ólíkar systur í New York.
- 19.30 Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
- 19.45 King of Queens (9:25) Bandarískr gamanþáttur um turtildúfumar Doug og Carrie.
- 20.10 Accidentally on Purpose (4:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.
- 20.35 Innlit/útlit (4:10) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Katrín Fjeldsted kemur víða víð.
- 21.05 Top Design (10:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhúshönnuðir keppa til sigurs.
- 21.55 The Good Wife (6:23) Alicia tekur að sér mál dauðadæmde fanga sem hefur setið inni í sex ár fyrir morð á lögreglumanni. Hann hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu og Alicia kemst að því að Peter hefur mikilvægar upplýsingar um málið.
- 22.45 The Jay Leno Show
- 23.30 CSI: New York (23:25) (e)
- 00.20 Fréttir (e)
- 00.35 The Good Wife (6:23) (e)
- 01.25 King of Queens (9:25) (e)
- 01.50 Pepsi MAX tónlist

## INN

- 20.00 Hrafnaping Framtakssjóður Íslands og möguleg verkefni
  - 21.00 Græðlingur Gurrý kennir skógarhögg og hvernig á að draga timbur úr skógi
  - 21.30 Tryggvi Þór á Alþingi Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn sallarólegur og yfirvegaður.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

**93%** Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

**66,3%**

Lesna bara Fréttablaðið

**6,8%**

Lesna bara Morgunblaðið

**26,9%**

Lesna bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Allt sem þú þarft...



**Í KVÖLD**

**STÖÐ 2 KL. 21.00**

**Bones**

Brennan og Booth snúa aftur í fimmtu seríu þessarar gaman-sömu og rómantísku spennu-þáttaraðar. Við fylgjumst með Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðingi sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglu-manninum Seeley Booth og þótt þau nái einkar vel saman í starf-inu þá hefur spennan milli þeirra verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau muni nokkurn tímann ná saman sem par.



**▶ VIÐ MÆLUM MED**

**Accidentally on Purpose  
Skjár einn kl. 20.10**

Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með töluvert yngri manni. Hún býður honum að búa hjá sér sem hann þiggur og í sameiningu ákveða þau að halda sambandinu eingöngu á vinalugu plani. Í þættinum í kvöld leggja þau línurnar um hvernig stefnumótum skuli háttað en það gengur ekki eins auðveldlega fyrir sig og þau héldu.



**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

06.39 Morgunútvarp hefst	14.03 Breiðstræti
06.50 Bæn	15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu
07.03 Vítt og breitt	15.25 Þriðjudagsdjass
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.05 Viðsjá
08.05 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.53 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Söngfuglar	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Í heyranda hljóði
12.00 Fréttayfirlit	21.20 Trío
12.02 Hádegisútvarp	22.10 Lestur Passíusálma
12.20 Hádegisfréttir	22.20 Fimm fjórðu
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	23.10 Sumar raddir
13.00 Flakk	00.05 Næturtonar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

**EXTRA**

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Ally McBeal** (17:23) Ally til mikillar hrellingar kemst hún að því að Elaine heldur fram hjá Mark en ákveður samkvæmt ráðleggingum Larrys að skipta sér ekki af því sem getur reynst erfitt þar sem þau vinna öll á sama stað.

**18.30 Seinfeld** (2:24) Á meðan Jerry tekur mikla áhættu þegar hann segir brandara heldur Georg áfram að vinna þrátt fyrir að hann hafi verið beðinn um að hætta. Elaine saknar kærastans og Kramer ræður sér aðstoðarmann.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Ally McBeal** (17:23)

**20.30 Seinfeld** (2:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**▶ 21.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (10:15) Gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til áreksra komi á hverjum einasta degi.

**22.15 American Idol** (9:43) Niúnda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er er Paula Abdul horfin á brott en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

**23.00 American Idol** (10:43)

**23.50 Supernatural** (1:16)

**00.35 Sjáðu**

**01.05 Fréttir Stöðvar 2**

**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

**BBC entertainment**

**12.00** Lead Balloon **12.30** Never Better **13.00** Absolutely Fabulous **13.30** Doctor Who **14.15** Doctor Who **15.00** My Family **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.20** Hotel Babylon **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Extras **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Hustle **20.20** New Tricks **21.10** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.40** Only Fools and Horses **22.10** Lead Balloon **22.40** Never Better **23.10** Absolutely Fabulous **23.40** New Tricks

**DR 1**

**14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Kæledyr for viderekomme **16.00** Vinter OL Studiet **16.30** Lille Nord **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejr **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen **19.30** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** Vinter OL Studiet **21.30** Wallander **23.10** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.55** OBS

**NRK1**

**11.00** NRK nyheter **11.10** OL hoydepunkter **11.30** OL hoydepunkter **12.45** OL hoydepunkter **14.00** NRK nyheter **14.10** OL hoydepunkter **15.30** OL hoydepunkter **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Distriktsnyheter **17.20** OL direkte **18.00** Dagsrevyen **18.20** OL direkte **19.30** OL direkte **20.00** Dagsrevyen 21 **20.15** OL direkte **20.45** OL direkte **21.30** OL direkte **22.30** Kveldsnytt **22.45** Extra-trekning **22.55** OL studio

**SVT 1**

**10.00** OS i Vancouver **16.00** OS i Vancouver **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Olympiska vinterstudion **18.00** Kulturmyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** OS i Vancouver **23.00** OS i Vancouver

**YFIRBURÐIR BYLGJUNNAR**  
MÍNÚTU FYRIR MÍNÚTU\*

Auglýsingar á Bylgjuni eru lesnar samtímis á Létt Bylgjuni og Gull Bylgjuni.

**BYLGJAN**  
LÉTT BYLGJAN GULL BYLGJAN

**RÁS 2**

**RÁS 1**

**BYLGJAN**  
LÉTT BYLGJAN GULL BYLGJAN

\* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í fjölda mínútna á viku. Hlutdeild mínútuþjónu útrásarhlustenda í aldurshópnunum 18-49 ára, í viku 47, 2009.





„Ég fæ mér kaffisopa og sneið af randalínu eða nokkrar skeiðar af hrærðu skyri. Ávextir þykja mér líka lostæti og það er alltaf hátíð í bæ þegar þeir eru á bódstólum.“

Órvar Smáráson Þóreyjarsón í múm

## Lögbann á auglýsingar Kredia

„Þeir eru að nota karakter sem þeir hafa ekkert leyfi til að nota,“ segir Kjartan Þór Þórðarson, framkvæmdastjóri Saga Film, um auglýsingar smálanafyrirtækisins Kredia.

Saga Film, framleiðandi Nætur-, Dag- og Fangavaktarinnar, fékk í gær lögbann á nýlegar auglýsingar Kredia. Forsvarsmenn framleiðslufyrirtækisins telja að karakterinn í auglýsingunum sé hinn seinheppni Hannes, pabbi Ólafs Ragnars úr Vaktaseríunum þremur.

Kjartan segir að honum hafi brugðið þegar hann sá auglýsingar Kredia, enda sé karakterinn í auglýsingunni alveg eins og Hannes. „Það verður höfðað skaðabótamál. Auglýsingastofan á að vita að svona er ekki eðlilegt að vinna hlutina,“ segir Kjartan. Spurður hversu háa upphæð farið verður fram á segir hann að það sé óvíst.

Júlíus Brjánsson túlkar karakterinn, sem kallast Búbbi Guggi, í auglýsingunni. Hann segist hafa verið beðinn um að leika svarthærðan, lág-

vaxinn mann. „Ég gerði það og þeir voru ákaflega ánægðir með þennan lágvaxna, svarthærða mann. Að öðru leyti veit ég ekki um hvað er verið að rifast.“

Líturðu ekki svo á að þú hafir verið að túlka Hannes?

„Ef Hannes er líka lágvaxinn og svarthærður. Ég get ekki borið ábyrgð á því hvaða hugrenningur vakna við það.“

Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Pipar/TBWA, sem framleiddi auglýsinguna vísar því á bug að ætlunin hafi verið að herma eftir Hannesi. „Karakterinn heitir Búbbi Guggu,“ segir hann. „Júlíus hefur oft leikið svona karaktera. Hann lék karakter í þáttaröð sem hét Fastir liðir eins og venjulega sem hét Indriði. Hann hafði þessi karaktereinkenni. Hann hafði líka sömu einkenni þegar hann lék manninn hennar Bibbu á Brávallagötunni.“



BÚBBI GUGGU EINS OG HANNES? Saga Film hefur fengið lögbann á auglýsingar Kredia sem sýna þennan karakter, Búbba Guggu, slá lán.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2. verð, 6. frá, 8. eyrir, 9. frjó, 11. gelt, 12. ríki í Suður-Asíu, 14. kölski, 16. tveir eins, 17. hyggja, 18. umfram, 20. 49, 21. sæla.

### LÓÐRÉTT

1. sléttur, 3. samtök, 4. bullari, 5. af, 7. dráttur, 10. orga, 13. sigað, 15. ekkert, 16. efni, 19. mun.

### LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. jafn, 3. aa, 4. rugla, 5. frá, 7. frestun, 10. æpa, 13. átt, 15. nill, 16. tau, 19. ku.

LÁRÉTT: 2. þarf, 6. af, 8. aur, 9. fræ, 11. gá, 12. neplá, 14. satan, 16. tt, 17. tvú, 18. auk, 20. il, 21. unun.

### VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Karl Júlíusson.
- 2 Á Langjökli.
- 3 Lee Bucheit.

# Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

# LAGERSALA

## Gabor

Mikið úrval af dömu- og herraskóm frá Gabor.

Light Step

Götuskór

gri:sport

Öryggiskór

camel active

Herra-sandalar

# XENA

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík  
Allar upplýsingar í síma 517-2040

BIRTA BJÖRNSDÓTTIR: GAGNRÝNI LINDU BER KEIM AF BITURÐ OG HROKA

## Fagstjóri úthúðar kjólum Evu Maríu og Ragnhildar

„Það skortir einfaldlega fagmennsku í þetta og á það var ég að benda,“ segir Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunarbrautar Listaháskóla Íslands. Hún sendi íslensku sjónvarpskonunni Evu Maríu Jónsdóttur bréf eftir úrslitakvöld Söngvakeppni sjónvarpsins, laugardaginn 6. febrúar, en í bréfinu fullyrta Linda að kjólar Evu Maríu og Ragnhildar Steinunnar væru þeir ljótustu sem hún hefði séð í sjónvarpinu.

„Þau hjá RÚV bera ekkert skynbragð á hvað er gott þegar kemur að sjónlistum. RÚV hefur ákveðna ábyrgð og því ber að sýna fagmennsku og kynna það besta sem er í gangi hverju sinni en þarna var einfaldlega hið gagnstæða gert,“ segir Linda og bætir því við að þetta sé ekki hennar persónulega álit heldur væri bréfið byggt á faglegum forsendum. „Þetta snýst ekki bara um fatahönnunina heldur eru bæði leikmyndirnar sem RÚV notast við og förðunin ljót og hallærisleg,“ segir Linda.

Umræddir kjólar sem þær Ragnhildur og Eva Maríu klæddust voru hannaðir af Birta Björnsdóttur sem á og rekur verslunina Júniform. Í yfirlýsingu sem Birta sendi Fréttablaðinu kemur fram að kjólarinn hafi fengið mjög jákvæða umfjöllun, meðal annars í færeysku dagblaði: „...þar sem fjallað var um hve miklu betur íslensku kynnarnir litu út heldur en þeir dönsku,“ segir í yfirlýsingu Birta. „Ef til vill hefðum við betur fylgt danska fordæminu og verið í „nýjustu tísku“. Það kemur mér spáskt fyrir sjónir að aðjúnkt og fagstjóri við Listaháskóla Íslands komi fram í fjölmiðlum, með sterka sleggjudóma



Í HÁR SAMAN Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunarbrautar Listaháskóla Íslands, skammaði Evu Maríu Jónsdóttur og Ragnhildi Steinunni fyrir klæðnað þeirra á úrslitakvöldi Söngvakeppni Sjónvarpsins. Hönnuður kjólanna, Birta Björnsdóttir hjá Júniformi, segir þetta vera sleggjudóma og hroka hjá fagstjóranum.



### LJÓTUSTU KJÓLARNIR

„Þið stöllur voruð í einhverjum ljótustu kjólum sem ég hef séð í kvöld í sjónvarpinu.“

Þið hjá RÚV berið þá ábyrgð að sýna ávallt það sem er best í menningu, hönnun og listum.

Ykkur tókst í kvöld að upphæfa eitthvað það versta sem er að gerast í fatahönnun á Íslandi og sýna stórkostlegan skort á fagmennsku og það ekki í fyrsta skipti.

Þetta myndi ekki gerast hjá BBC.“



sem þessa á íslenskan fatahönnuð, faglærðan eða ekki. Hönnuð sem rekið hefur merki á Íslandi í þetta langan tíma við sívaxandi vinsældir. Það væri nú eflaust áfall fyrir hana Lindu að vita hve margir kaupa hönnun Júniform og kannski áttar hún sig þá á eigin

hroka, í garð fatasmekks íslensku þjóðarinnar. Ég vísa nú þessari gagnrýni hennar aftur til föðuhúsanna, gagnrýni sem greinilega ber sterkan keim af biturð hennar, sökum þess að hennar nemendur fengu ekki verkið.“

freygigja@frettabladid.is

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndband tónlistarmannsins **Daniels Ólivers** við lagið Dr. Love hefur notið mikilla vinsælda á Youtube undanfarna daga. Yfir fimm þúsund manns hafa horft




á myndbandið og er óhætt að segja að skiptar skoðanir eru um ágæti þess eins og sjá má í athugasemdum á Youtube. Athyglisvert er að Daniel Óliver hefur sett inn fjöldann allan af leitarorðum (e. „tags“) til að auka áhorf á myndbandið. Meðal leitarorðanna er „Páll Óskar“ en ekki er vitað til þess að sú skæra poppstjarna hafi komið nálægt lagi Daniels.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var fjölmiðlamótíð í knattspyrnu haldið í Fifunni í Kópavogi á laugardaginn. Ein hressilegasta rimma keppinnar átti sér stað milli hins íturvaxna Ívars Guðmundssonar af Bylgjunni og **Ágústis Bogasonar**, útvarpsmanns hjá RÚV.

Ágúst lenti í klónum á tröllinu Ívari með þeim afleiðingum að sauma þurfti sex spor í höku hans. Ágúst verður því með ör á svipuðum stað og Harrison Ford.

Tónlistarkonan **Lay Low** heldur tvenna tónleika í New York í kvöld og annað kvöld. Þar ætla hún að kynna nýjustu plötu sína, Farewell Good Night's Sleep, sem kemur út í Bandaríkjunum 9. mars. Stutt er síðan Lay Low hitaði upp fyrir Emílio Torri á tónleikum í Ástralíu og Japan en núna fær hún loksins að vera ein í sviðsljósinu. Eftir tónleikana í New York spilar hún í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi 14. og 15. mars þar sem hún bregður sér reyndar aftur í upphitunargírinn, þá fyrir hina þekktu bandarísku sveit, Dave Matthews Band.

- hdm, fgg, fb



## Elís tekur við af Halli í Leaves

„Ég var að eignast mitt annað barn og þetta var komið gott bara,“ segir bassaleikarinn Hallur Hallsson, sem er hættur í hljómsveitinni Leaves. „Ég er líka að byrja að skrifa MA-ritgerðina mína í sagnfræði sem tekur drjúgan tíma.“

Í stað hans er kominn Elís Pétursson, eða Elli úr Jeff Who?, og spilaði hann með sveitinni á tónleikum í London fyrir skömmu.

Hallur stofnaði Leaves ásamt söngvaranum Arnari Guðjónssyni, sem er sá eini sem er eftir af upprunalegum meðlimum. Hann viðurkennir að það sé svolítið skrítið að vera hættur eftir níu ár í sömu hljómsveit en segir að ákvörðunin opni alveg jafnmargar dyr og hún hafi lokað á. Engin leiðindi voru í kringum brotthvarf hans. „Við erum náttúrulega góðir félagar og það var allt í góðu þar. Ég var bara orðinn þreyttur á að gera músík og vera alltaf háður því hvort einhver fílaði þetta eða ekki.“

Hallur sér ekki eftir tímanum í Leaves og segir hann einfaldlega hafa verið æðislegan. „Maður er búinn að upplifa flest sem er hægt að upplifa í rokkinu, held ég. Þetta er búið að vera alveg ógeðslega skemmtilegt.“

Söngvarinn Arnar sér eftir Halli en telur að Elli sé rétti maðurinn til að fylla skarð hans. „Hann er



LEAVES Hallur Hallsson, annar frá vinstri, er hættur í Leaves. Hann er annar af stofnmeðlimum sveitarinnar.

frábær bassaleikari og skemmtilegur strákur. Hann passar rosa vel inn í þetta.“

Ekki er langt síðan Kjartan úr hljómsveitinni Ampop gekk líka til liðs við Leaves. Spurður hvort hljómsveitarinnar breyttist ekki með nýjum mönnum segir Arnar að það gerist sjálfkrafa. „Við erum voða spenntir fyrir þessu nýja efni sem við erum að vinna. Þetta verður örugglega nýr hljómur. Stefnan er að klára plötu á þessu ári,“ segir hann. - fb



ELÍS Elli verður bæði í Leaves og Jeff Who?



# ÁRANGUR FYRIR KONUR

Góður árangur og frábær vitnisburður viðskiptavina okkar er okkur hvatning til að vinna stöðugt að endurbótum á þessum öflugum námskeiðum. Kynntu þér hvað hentar þér!

## Árangur



### Árangur – 6 vikna námskeið fyrir konur

Byrjendanámskeið fyrir alla þá sem ekki hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina föstum tókum og komast vel í gang.

6- vikna átaksnámskeið fyrir alla þá sem vilja raunverulegan árangur. Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem hefur aldrei verið betra. Nýtt efni, ný uppbygging, nýjar æfingar sem eru einfaldar, skemmtilegar, árangursríkar.

Æfingakerfið er þróað sérstaklega svo þú náir þínum markmiðum.

Innifalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti
- Aðgangur að uppskriftavef Hreyfingar
- Mælingar – vigtnun og fitumælingar

Hefst 22. febrúar  
Verð 22.900 kr.



## LÍKAMI OG SÁL

### Styrktu líkamann og losaðu þig við streitu.

Þú styrkist, liðkast og endurnærast á líkama og sál. Góðar og árangursríkar styrktaræfingar, teygjur og slökun. Æfingar úr jóga, Pilates, Tai Chi og öðrum góðum æfingakerfum.

6- vikna námskeið – 2x í viku

Hefst 22. febrúar  
Verð 16.900 kr.

**NÝTT!**

## Barnagæsla

Frábært starfsfólk tekur börnunum opnum örmum. Kynntu þér opnunartíma á hreyfing.is



## Árangur / Síðustu 5 kílóin

### Losaðu þig við þessi síðustu „föstu“ kíló!


Fjölbreytt námskeið með mjög miklu aðhaldi. Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna. Losaðu við eilífa sætindaþörf og leggðu grunn að nýju neyslumynstri sem grennir þig í eitt skipti fyrir öll.

- Mataræðið er tekið í gegn
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan
- Þú færð hvatningu, fróðleik og uppskriftir í tölvupósti 5x í viku

Hefst 22. febrúar  
Verð 22.900 kr.

6- vikna námskeið – 3x í viku

**NÝTT!**



## Árangur / EFTIRBRUNI

### Fyrir vanar konur

Í hverjum tíma er leitast við að ná að mynda hinn svokallaða eftirbruna. Þá verður aukinn fitubruni í margar klukkustundir eftir að æfingu lýkur. Námskeið fyrir þær sem hafa æft reglulega á árinu og vilja hámarka árangur sinn. Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna.

6- vikna námskeið – 3x í viku

Hefst 22. febrúar  
Verð 22.900 kr.

**HREYFING**  
HEILSULIND

**BLUE LAGOON**  
ICELAND  
geothermal spa

Álfheimar 74  
Sími: 414 4000  
hreyfing@hreyfing.is  
www.hreyfing.is



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gott að vera skallapoppari

Árás rapparans Móra á Erp Eyvindarson í húsakynnum útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 í gær hefur verið mikið til umræðu. Þriðji popparinn blandaðist óvænt í málið; sjálfur **Bjartmar Guðlaugsson** var mættur á vettvang nokkrum mínútum eftir árásina. Hafði Bjartmar á orði að hann væri feginn því að vera bara skallapoppari en ekki í rappinu.



### Móri og velsæmið

Í gær var ekki dagur brugghússins Ölvisholts. Sagt er frá því í Fréttablaði dagsins að ÁTVR hafi krafist þess að Ölvisholt breytti nafni og umbúðum bjórsins Heilags papa, því hann kynni að særa velsæmiskennnd fólks. Þar fór fé í súginn. Uppákomman í Skaftahlíð í gær er sömuleiðis óheppi- leg fyrir Ölvishyltinga. Ekki er ólíklegt að ÁTVR fari nú fram á að bjórinn **Móri**, sem seldur hefur verið um skeið við nokkrar vinsældir, hljóti sömu yfirhalningu og Heilagur papi.

### Borgarmyndir

Ný auglýsingaherferð Ícelandair fer af stað í fjölmiðlum á næstu dögum. Sex leikstjórar voru fengnir til að gera einnar mínútu heimildarmyndir um borgir sem Ícelandair flýgur til og ræða við Íslendinga sem búa í borgunum. Leikstjórnarnir sem fengnir voru til verksins eru Dagur Kári Pétursson, Ari Alexander, Sigtryggur Magnason, Gunní & Sammi, Stýrmir Sigurðsson og **Silja Hauksdóttir** og munu nokkur þekkt andlit vera meðal viðmælendanna.




- hdm / sh

## Mest lesið **VISIR.IS**

- 1 Móri reyndi að stinga Erp
- 2 Rappstríð í Reykjavík: Útvarpsmaður kom til bjargar
- 3 Kannað hvers vegna hópurinn fór á Langjökul
- 4 Báðir enn á gjörgæsludeild
- 5 Bankar hugsanlega bótaábyrgir vegna ...

73,8%



23,7%




MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 - janúar 2010.



Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbriggt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

## FRAMTÍÐIN Í FJÖLSTILLANLEGUM RÚMUM



## IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR  
Ein besta heilsudýna í heimi

" IQ-CARE heilsudýnurnar hafa svo sannarlega slegið í gegn hér á landi. Þær eru einstakur valkostur og hafa reynt frábærlega vel. Viðskiptavinir okkar velja þær yfirleitt í stillanleg rúm sín enda eru dýnurnar sérstaklega hannaðar til að þola allar hreyfingar sem stillanleg rúm gera kröfu til. Með komu IQ-CARE heilsudýnanna höfum við enn betur náð að koma til móts við sértækustu þarfir viðskiptavina okkar og finna þá lausn í dýnu sem best hentar hverjum og einum "

Sigurður Matthíasson, forstjóri



- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukkan með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum

## PROFLEX

- Mest selda stillanlega rúmið hjá Svefn og heilsu á mjög góðu verði
- Stýring er einföld og þægileg
- Sterkir og hljóðlátir mótórar
- Stillanlegu rúmin okkar fást bæði í dökkum og ljósum lit



Svefn & heilsa



3 mán.  
vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is